



Ímynd Íslands og ímyndun
Markaðssetning menningararfsins

Þórdís Bachmann

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði
Félagsvísindasvið



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Ímynd Íslands og ímyndun
Markaðssetning menningararfsins

Pórdís Bachmann

Lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði

Leiðbeinandi: Valdimar Tr. Hafstein

Félags- og mannvísindadeild
Félagsvísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2011

Ritgerð þessi er lokaverkefni til BA-gráðu í þjóðfræði og er óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi rétthafa.
© Þórdís Bachmann 2011

Reykjavík, Ísland 201

Útdráttur

Þjóðarímyndir og ýmsar hliðar þeirra hafa ævinlega skipt miklu máli í samskiptum þjóða, þótt hugtakið yrði fyrst til fyrir fáum áratugum. Hér er ímynd Íslands og sjálfsmynd Íslendinga skoðuð; í fyrri hluta sú sjálfsmynd þjóðarinnar sem byggð var á goðsagnakenndri minningu horfinnar gullaldar upp úr aldamótunum 1900. Aðrar þjóðir höfðu viðurkennt rétt Íslendinga til sjálfstæðis, ekki síst vegna handritanna, sem voru það menningarlega auðmagn, sem hinar norrænu þjóðirnar viðurkenndu. Íslenskan, líkust upprunalegu tungumáli Norðurlandanna, er einnig menningararfur sem skapar sérstöðu. Frá því um miðbik síðustu aldar var margt reynt til þess að upphefja Ísland og Íslendinga, bæði innanlands og utan. Algengt var til dæmis að heyra eða lesa í fréttum, að landsmenn væru á heimsmælikvarða í hinu og þessu – og síðan var bætt við: Miðað við höfðatölu.

Í seinni hlutanum er greind sú orðræða um ímynd Íslands sem farið var að markaðssetja hér heima og erlendis áratuginn fyrir hrun og sú þjóðarsjálfsmynd sem var ríkjandi fram að efnahags- og ímyndarhruni á haustmánuðum 2008. Þetta var hugmyndin um yfirburðarþjóðina, sem hefði lítið sem ekkert til annarra að sækja, sökum eðlislægra yfirburða okkar sjálfra. Þessar hugmyndir um sérstöðu og ágæti Íslendinga voru áberandi í „góðærinu“ og náðu vissu hámarki með „bezt-í-heimi“ orðræðunni, sem margir muna eftir. Einnig í þessum yfirburðahugmyndum voru tengslin við forna tíma skýr - þær byggðu á meintri víkingafortíð, sem íslenski kynstofninn byggi að. Þessi orðræða kann að verka spaugileg nú, í ljósi þeirra „anni horribiles“ sem liðin eru, en á þessum árum átti yfirburðatrúin eflaust sinn þátt í því hve móttökuskilyrði fyrir gagnrýni voru slæm og að ekki var brugðist við fyrr en löngu eftir að það var orðið of seint. Fyrir utan að reifa skrif ýmissa fræðimanna, skoða ég ræður forseta Íslands, Ímyndarskýrslu forsætisráðuneytis og Rannsóknarskýrslu Alþingis. Einnig lít ég á markaðssetningu á meintu lauslæti íslenskra kvenna og erlenda umfjöllun í aðdraganda hruns. Þessar birtingarmyndir skoða ég í dagblöðum, tímaritum, á netinu og í bloggum, en þeir miðlar eru valdir vegna þess að þeir endurspeglar líðandi stund hvers tíma.

Efnisyfirlit

Útdráttur.....	4
Efnisyfirlit.....	5
Inngangur.....	6
1 Upphaf ímyndarsmíðar, þjóðernishyggja og sjálfsmynd þjóðar	11
1.1 Forsendur sjálfstæðis	13
1.2 Goðsögn, ímyndasmíð, og oflof.....	15
1.3 Sjálfsmyndir og minnimáttarkennd.....	18
1.4 Þjóðernisgoðsagnir, hefðir og tákni	21
1.5 Ímynduð samfélög, sjálfsmyndir og söluvara	23
2 Notkun menningararfs í ímynda- og sjálfsmyndarsköpun þjóðar.....	26
2.1 Séríslensk viðbrögð?	28
2.2 Safn minninga, sameiginleg afrek og smán	30
3 Ímynd fegurðar, hreinleika og lauslætis.....	34
3.1 Staðalmyndir, staðarímyndir og smán	39
3.2 Ímyndarskýrsla forsætisráðuneytisins.....	43
3.3 Skipan orðræðunnar, orðræðubúnt og sannleiksveldi.....	44
3.4 Vafasamar fullyrðingar	47
3.5 Ímynd eða ímyndun?.....	49
4 Ísland í dag – efnahagshrun, ímynda-hrun, framtíð	52
4.1 Orðræða um yfirburði og undirliggjandi orsakir hrunsins.....	53
5 Lokaorð	57
Þakki.....	61
Heimildaskrá.....	62

Inngangur

Hvað sjá útlendingar fyrir sér, ef Ísland ber á góma í dag? Fisk, fossa og regnboga? Fyrirmynd þjóða í byltingu? Lauslátar ljóskur? Eða þjóð á barmi fjárhagslegs og siðferðislegs gjaldþrots? Hvernig er sjálfsmyndin heima fyrir? Erum við bara hress, trúum við enn að þetta reddist? Eða finnur „venjulegt fólk“ til reiði eða jafnvel skömmustu, fyrir að hafa verið blekktt svo svívirðilega sem raun ber vitni?

Markmið rannsóknarinnar er að leita svara við því hvaða ímyndir hagsmunaaðilar völdu að gefa af þjóðinni undanfarna öld og hvaða sjálfsmyndum þjóðinni var innrætt að samsama sig. Til að nálgast spurninguna er henni fylgt eftir með eftirfarandi undirspurningu: Hvernig er menningararfurinn markaðssettur í ímyndar- og sjálfsmyndarsköpun þjóðar?

Tímabilið sem efnið nær yfir er nokkuð langt, eða rúm öld. Talsvert hefur verið skrifað um flesta þá efnisþætti sem hér koma við sögu, bæði innanlands og utan og var því af nægu að taka við heimildaöflun, en ég leita svara í opinberum skýrslum, ræðum, bæklingum, dagblöðum og yfirlýsingum frá þessu tímabili. Þær ímyndir sem spurt er um, birtust meðal annars í svonefndri ímyndarskýrslu forsætisráðuneytisins frá 2008. Ímyndarskýrslan er rýnd og vitnað í viðbrögð við henni, svo og viðbrögð við háværri orðræðu um lauslæti íslenskra kvenna.

Menningararfur var notaður í ræðu og riti í ímyndar- og sjálfsmyndarsköpun þjóðarinnar allt frá sjálfstæðisbaráttunni á 19. öld, en undanfarin ár hefur núverandi forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, notað meinta víkingafortíð Íslendinga óspart til þess að útskýra yfirburði Íslendinga á alþjóða- og viðskiptasviðinu. Til að finna dæmi um þetta, leita ég í ræðum forsetans og viðbrögðum við þeim. Einnig er leitað svara í Rannsóknarskýrslu Alþingis frá 2010, sem segja má að sé eina frumheimildin sem gagnrýnir ofuráherzlu á ímyndina. Þessar heimildir eru valdar fram yfir aðrar mögulegar heimildir, vegna þess að þær endurspeglar tíðaranda, áherzlur og ímyndir hvers tímabils.

Ég byggji ritgerðina ekki síst upp á hugmyndum úr námskeiðinu Menningararfur, sem ég sat vorið 2010. Þar var komið inn á margt sem nýtist hér, á við hugtök og hlutverk menningararfs, þjóðríkið og fleira. Áhugi minn á efninu sprettur einnig af því að sjálf horfði ég á skjótan frama okkar á ímyndarsviðinu úr fjarlægð (og stundum með hryllingi) árin 1995 til 2007, þegar ég flutti heim, að því að ég taldi til frambúðar. Hér er rétt að taka fram, að greining

mín er á engan hátt tæmandi og tilgangur minn ekki að mynda djúpa, sögulega samfellu, heldur sá að skoða hvernig menningararfurinn var nýttur í sjálfsmyndar- og ímyndarsmíð þjóðarinnar og hvernig þau sköpunarverk þróuðust. Ég tel einnig áhugavert að beina sjónum að þeim ímyndum sem birtast um land og þjóð á erlendum vettvangi og hvernig orðræðan um Ísland viðheldur ákveðinni ímynd um landið. Ritgerðin veltir því einnig upp, hvort sú yfirburðsmynd sem sett er fram af þjóðinni endurspeglir djúpstæða minnimáttarkennd, þar sem stöðugt er leitað viðurkenningar erlendis frá; þjóðin virðist háð hrósi útlendinga og spyr í sífellu: „How do you like Iceland?“

Rannsóknin, sem er eigindleg, fólst í lestri á íslenskum og erlendum bókum og greinum um þjóðir, sjálfsmyndir og ímyndir, auk bóka og fræðigreina sem tengjast skýringum á hugtökum og gefa sögulega vídd. Ritgerðin byggir á kenningarlegum grunni um þjóðerni og sjálfsmyndir og efninu er skipt niður í fjóra kafla auk inngangs og lokaorða. Fyrsti kafli greinir frá upphafi íslenskrar ímyndar- og sjálfsmyndarsköpunar og hvaða merking menningararfnum var gefin þegar sjálfsmynd íslenska þjóðríkisins var hönnuð. Sú umfjöllun er sett í samhengi við þjóðernishyggju og viðtækar þjóðfélagsbreytingar sem áttu sér stað á sama tíma. Í kaflanum er einnig litið á forsendur sjálfstæðis, goðsögnina um Ísland, þátt fyrstu íslensku ímyndasmíðanna og oflof og minnimáttarkennd.

Til að ræða um þjóðarsjálfsmynd Íslendinga er nauðsynlegt að skilgreina fyrst hvað átt er við þegar talað er um ímyndir og sjálfsmyndir. Því er farið yfir kenningar um þjóðernishyggju og sjálfsmyndir og skoðað hvernig goðsagnir og tákn mótuðu þjóðernis-orðræðu á Íslandi. Þjóðernisvitund þarf að halda við og eitt mikilvægasta verkfærið til þess eru þjóðernistákn. Allar þjóðir eiga sér fjölda tákna á við fána og þjóðsöngva, sem ásamt sameiginlegum hefðum næra þjóðernisvitund og styrkja einingu. Í fyrsta kafla er einnig fjallað um ímynduð samfélög og tilbúna hefðir og vísað í rannsóknir fræðimanna; meðal annarra Guðmundar Hálfðanarsonar, Sumarliða Ísleifssonar, Benedicts Anderson og Eric Hobsbawm.

Annar kafli tekst á við notkun menningararfs í ímyndar- og sjálfsmyndarsköpun þjóðar, auk sameiginlegra íslenskra minninga, afreka og smánar. Þar er meðal annars litið á minningar sem valdar eru frá og atriði í sögu landsins sem valið er að þagga niður. Hér á næstu síðum geri ég stuttlega grein fyrir þeim hugtökum sem ég vinn með öðrum fremur í þessari ritgerð. Hugtakið „sameiginlegt minni“ vísar til þess að hver einstaklingur samsamar sig mismunandi hópum og hefur mismunandi minni sem hluti hvers hóps. Þjóðinni er sem hópi nauðsynlegt að muna sögu sína, því hún verður að

viðhalda einingu sinni. Um leið verður þjóðin líka að gleyma ákveðnum hlutum sem gætu valdið sundrunu og endurraðar því minningum sínum eftir aðstæðum í það og það skiptið til að viðhalda jafnvægi og einingu.

Í þriðja kafla er haldið áfram að ræða um ímyndir og skoðuð Ímyndarskýrsla forsætisráðuneytisins frá 2008. Í kaflanum er fjallað um ímyndir fegurðar, hreinleika og lauslætis, staðarímyndir og staðalmyndir. Komið er inn á ímyndir sem ólíkindatól, sem segja mætti að hefði sannast í nýlegum mót mælum á Spáni, þar sem mót mælendur veifuðu íslenskum fánum. Fyrir okkur sem búum á Íslandi var þetta skemmtilegt – en kom okkur einnig „spánskt“ fyrir sjónir, að Ísland væri orðið að fordæmi um ekta lýðræði. Skýringar á því hvers vegna Ísland varð ungu fólki á Spáni goðsagnakennd fyrirmynd reyndust vera viss byltingarrómantík og ákveðin oftúlkun, en sú hugmynd spænskra ungmenna, að Ísland hefði fangelsað þá fjárglæframenn sem steypu landinu í kreppu, hafði talsverð áhrif á búsáaldabyltingu Spánverja.¹ Rædd er sú ímynd sem markaðsmenn mótuðu í aðdraganda aldamótanna 2000: Bezt í heimi-ímyndin. Hugtakið *orðræða* er tekið fyrir út frá kenningum fræðimannsins Michels Foucault. „Orðræða“ vísar til tungutaks sem er beitt á tilteknu sviði, en á hverju sviði gilda reglur um það hver og hvernig má tala. Í ljósi hugmynda um orðræðu og vald er athygli beint að menningarlegu forræði og tilraun gerð til að tengja þessar kenningar við Ísland nútímans.

Fjórði og síðasti kaflinn greinir Ísland í dag, eftir efnahags- og ímyndarhrun og veltir því upp hvort áherzslur þær sem ræddar eru í þriðja kafla hafi kallað yfir þjóðina þetta hrún.

Í ritgerðinni eru tekin til skoðunar ákveðin menningarleg fyrirbæri sem vísa aftur til fortíðar. Um er að ræða hefðir, siði og menningararf; í merkingunni hlutir, ummerki eða atferli, sem þykja endurspeglar fyrri tíma og sögu og þróun þjóðarinnar. Menningararfur þarf ekki að vera efnislegur, hann getur líka verið ákveðin merking sem menn gefa hlutum. Jafnvel mætti halda því fram að menningararfur sé ein stór ímyndarherferð: Handritin, Þingvellir og Surtsey eru öll á eftirsóttum skráum Unesco. Þá hljóttum við að vera einhvers virði - í augum okkar sjálfra og annarra þjóða. Handritin og sá menningararfur sem við gefum gildi, mótaði íslenska menningu. Þó tók það Ísland tæp 250 ár frá andláti Árna Magnússonar að endurheimta handritin, en í apríl 1971, þegar danska varðskipið *Vædderen* lagði að landi með *Flateyjarbók* og *Konungsbók*

¹ Sjá m.a. „Torg á Mallorca kallast nú Íslandstorg,“ *Morgunblaðið* 21. maí 2011, og „Ísland fyrirmynd,“ eftir Kristinn R. Ólafsson, fréttaritara *Ríkisútvarpsins* í Madrid, 17. maí 2011.

Eddukvæða, var búið að þræbiðja Dani um þau í um hálfu öld.² Líklega höfðu Íslendingar ríka þörf fyrir glæsta fortíð um miðja síðustu öld og því ekki að undra að svo rík áhersla væri lögð á að sækja þá efnislegu hluti sem gátu, allt að því einir, borið vott um að hér hefði einhvern tímann verið mannlíf sem hægt væri að vera stoltur af. Eitthvað áþreifanlegt þurfti til að byggja upp sjálfsmynd og skapa ímynd um þjóð. Endurheimt handritanna voru þáttaskil sem nýtt, sjálfstætt Ísland þurfti á að halda til að byggja upp sjálfsmynd sína sem fullveldi.

Sú ímynd þjóðar sem sýnd er út á við, felur í sér þá sjálfsmynd sem viðkomandi þjóð ýmist hefur eða er sögð hafa. Á Íslandi er stefnan sú að ýta undir jákvæðar hugmyndir um þjóðina, sem gegndi mikilvægu hlutverki í sjálfstæðisbaráttunni. Sjálfsmyndin sprettur þó einnig upp úr tengslum við aðra; engin sjálfsmynd einstaklings eða hóps er möguleg án „hinna.“ Sjálfsmynd þjóða tengist oftast sögu þeirra og menningararfi og víst er að handritin og tungumálið hafa skipt miklu máli í sjálfsmynd Íslendinga og ímynd, því handritin voru það menningarlega auðmagn, sem aðrar norrænar þjóðir viðurkenndu þegar þjóðernishyggjan var að ná fótfestu. Íslenskan, sem talin er líkust hinu upprunalega sameiginlega tungumáli Norðurlandanna, er einnig menningararfur sem skapar sérstöðu. Ég nálgast að vísu menningararf síður sem efnismenningu, meira á svipaðan hátt og Laurajane Smith gerir í bók sinni *Uses of heritage*: Að menningararfur gegni meðal annars því hlutverki að skapa sjálfsmynd fólks eða hóps; hann sé notaður til að móta söguvitund og sjálfsmynd. Smith telur menningararf bæði móta sjálfsmynd og eiga rætur að rekja til sjálfsmyndar hópsins, ásamt samræðu innan hópsins um endurminningar hans, fortíð og gildi.³ Menningararfur þjónar einnig því veigamikla hlutverki að greina *okkur frá hinum* - sem á Íslandi fólst í upphafningu á okkar gullöld, djörfung okkar forfeðra, okkar goðsögnum um okkar þjóðernislega upphaf og því að sýna hvernig öll þessi tákni samfélagsins aðgreindu okkur frá öðrum þjóðum.

Í ritgerðinni er einnig komið inn á mikilvægi sýningarinnar og þáttöku okkar sjálfra í henni. Í bók Richards Schechner: *Performance Studies*, kemur fram sú hugsun að öll okkar hegðun sé viss sviðsetning, að við séum í raun alltaf að sviðsetja okkur og sýna okkur fyrir umhverfinu, til þess að kalla fram ákveðnar hugmyndir um okkur sjálf og

² Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason. Ritstj. „Handritin heim!“ *Handritin. Ritgerðir um íslensk miðaldahandrit, sögu þeirra og áhrif*. Reykjavík 2002.

³ Laurajane Smith: *Uses of heritage*, Routledge 2006, s. 276-298.

ekki síður til að styrkja þær hugmyndir, bæði hjá okkur sjálfum og öðrum.⁴ Slík ímyndarsköpun er reyndar nauðsynleg valdalitlum smárikjum sem þurfa að byggja upp sína ímynd goðsögn fyrir goðsögn, eins og kóralrif – þar til með tímanum verður til söguleg „staðreynd.“

Orðið menningararfur varpar því jákvæða ljósi á samfélag að gagnvart löngu liðinni sögu standi allir jafnfætis. Vegna þess að sagan er svo löngu liðin, er hún ósnertanleg. Með liðinni sögu má breiða yfir valdaójafnvægi og átök dagsins í dag. Um leið og vísað er aftur til sameiginlegrar sögu og uppruna með þessum hætti, má fá marga til að trúa þeim frasa sem ráðamenn grípa stöku sinnum til: Að við séum öll „á sama báti.“ Þetta gerir söguna handhæga til þess að fá alla til þess að trúa á yfirburði forréttindastéttar og viðhalda félagslegri lagskiptingu og menningarlegu forræði. Í hugmyndum Antonios Gramsci um menningarlegt forræði (e. hegemony) felst að ráðandi þjóðfélagshópur nái tökum á samfélaginu í gegnum þær stofnanir sem hann skapar og nái þannig að festa sín eigin gildi í sessi sem almenn gildi.⁵

Menningarlegt forræði mætti einnig kalla kerfi athafna og væntinga – að maður upplifir forræðið í gegnum athafnir sem hver og ein virðist staðfesta allar hinar. Menningarlegt forræði er líka „þögul félagsmótun“ sem á sér stað yfir langan tíma – en rétt eins og atkvæði sótt til kjósenda á fjögurra ára fresti er það ekki gefið í eitt skipti fyrir öll – stöðugt þarf að endurnýja það, því ávallt er um ákveðið andóf gegn því að ræða. Var það yfirstéttin sem kom því á? Nei, eins og margt sem lýtur að siðgæði og stundvísi, var það borgarastéttin sem reyndi með menningarlegu forræði að breyta hagsmunum í siðferði, til þess að hafa hemil á latri og agalausri verkamannastéttinni.⁶

Í gegnum alla ritgerðina leitast ég við að varpa ljósi á þá ímynd sem „hagsmunaaðilar“ hvers tímabils völdu að gefa af þjóðinni, auk þess að svara því hvernig menningararfurinn var notaður í ímyndarsköpun Íslands og hvaða þátt hann átti í sjálfsmynd þjóðarinnar.

⁴ Richard Schechner: *Performance Studies: An Introduction*. Routledge, 2006, s. 19.

⁵ Sjá m.a. Antonio Gramsci: „Menntamenn“ í *Ritið* 2-3/2009.

⁶ Valdimar Tr. Hafstein: Efnismenning, glærur úr tíma þann 3. febrúar 2009.

1 Upphaf ímyndarsmíðar, þjóðernishyggi og sjálfsmynd þjóðar

Þótt ég miði við aldamótin 1900, þá hefst ímyndarsmíði landsmanna miklu fyrr. Í riti sínu *Crymogæu*, sem kom út í Hamborg árið 1609, hélt Arngrímur Jónsson lærði uppi vörnum fyrir land og þjóð og svaraði neikvæðum staðhæfingum um Ísland. Hann dró ekki dul á að landið skorti margt sem ríkari lönd gætu stært sig af, en hélt því fram að eigi að síður gæti verið gott að búa á Íslandi. Líf Íslendinga væri á margan hátt til fyrirmyndar sökum þess einfaldleika og hófsemi sem þeir hefðu tamið sér. Ritinu var ætlað að leiðrétta hugmyndir útlendinga um Ísland og segir sögu Íslands frá landfundum til síðari hluta 16. aldar.⁷ Um 250 árum eftir *Crymogæu* var enn sem fyrr þörf fyrir „ímyndarvinnu“ er út kom bók Idu Pfeiffer, *A Journey to Iceland*.⁸ Frú Pfeiffer hafði komið til Íslands árið 1845 og var sárhneyksluð á þeim kumpánlega stíl sem einkenndi landann. Því fór þó fjarri að allir erlendir gestir bæru okkur illa söguna. Einn þeirra sem rómaði samfélag okkar var Bretinn William Morris, sem kom til landsins upp úr 1870 og sá fyrir sér samfélag líkt og það sem landnámsmenn og konur Íslands höfðu stofnað á Þingvöllum árið 930; þjóðfélagsform sem byggði á hugsjóninni um frelsi einstaklingsins. Morris var í leit að samfélagsgerð sem gæti orðið fyrirmynd að betri heimi og mótvægi gegn kapitalískum iðnaðarsamfélögum. Íslenska þjóðfélagið til forna var Morris ímynd einingar; samfélag sem stuðlaði að hugrekki einstaklinga, eðlilegri verkaskiptingu og tengslum við leiðtoga og lög landsins.⁹

Þrátt fyrir að Íslendingar forfrömuðust í öllum skilningi þá hálfu aðra öld sem leið á milli skrifa frú Idu og orða Bjarkar hér að neðan, var hinn kumpánlegi stíll sem olli hneykslan frú Idu enn við lýði og kom enn fólki í opna skjöldu:

Íslendingar eru öðruvísi en Bretar og ég hef uppgötvað að hér í London finnst fólki þeir ógeðfelldir vegna þess að þeir eru svo „HALLÓ! HVERNIG LÍÐUR ÞÉR? KOMUM OG FÁUM OKKUR SAMLOKU!“ Það er svo ýkt. Það er eins og „HEI! DETTUM Í ÞAÐ Í KVÖLD!“ Að því loknu drekka þeir vodka þangað til þeir liggja með andlitið í gólfinu. Svo rjúka þeir út í hríðarbyl og renna á svellinu.¹⁰

⁷ Arngrímur Jónsson: *Crymogæa*, fræðirit, gefið út á latínu í Hamborg 1609. Heiti ritsins merkir „Ísland“ á grísku.

⁸ Ida Pfeiffer: *A journey to Iceland and travels in Sweden and Norway*. New York, G. P. Putnam 1852.

⁹ Sumarliði Ísleifsson, *Ísland – framandi land*, Reykjavík, Mál og menning, 1996, s. 201.

¹⁰ *Eintak*: Bullið í henni Björk, 17. feb. 1994, 2. árg, 5. tbl., s. 19.

Hugtakið sjálfsmynd má leggja út á þrjá vegu: Í fyrsta lagi er sjálfsmynd hlutlægur skilningur á hlutlæga eiginleika og verkunnáttu sem aðgreina eina manneskju frá öðrum. Í öðru lagi er verufræðilegur skilningur, sem vísar til þeirrar upplifunar manns, að vera hinn sami þvert á ævisögulegan þroska, að geta íhugað fortíð sína og framtíð.¹¹ Oft vísar hugtakið sjálfsmynd til annarrar eða beggja þessara merkinga, en þær skiljast þó ekki til fulls nema með því að líta á þriðju merkinguna, sem er félagsleg: Maður tilheyrir mismunandi flokkum, stéttum, félögum og hópum, sem maður samsamar sig að meira eða minna leyti og tekur þátt í. Maður er með stöðu, lífsstíl og félagslega sjálfsmynd.

Ég lít í spegil og sé kyn, aldur, húðlit, trú eða pólitíska sannfæringu. Ég sé manneskju sem virkar meira eða minna aðlaðandi á annað fólk. Ég þekki aðra af sjálfum mér, en hið gagnstæða er líka staðreynd: ég þekki sjálfan mig af öðrum.¹²

Á þennan hátt skilgreinir norski félagsmannfræðingurinn Thomas H. Eriksen sjálfsmynd. Það sem við sjáum í speglinum fer eftir líðan og öðrum kringumstæðum, en líka eftir því hvaða mynd við viljum sjá. Sjálfsmynd fólks er í mótun alla ævi, en sjálfsmyndin sýnir hver þú ert og hverjum þú samsamar þig – hver er ég, hver ert þú og hver erum við? Sem þjóð viljum við sýna góða ímynd af hópnum út á við, en um leið erum við alltaf að spegla okkur í „hinum“ og spyrja: „Hvað finnst þér um mig?“ Eða réttara sagt: „How do you like Iceland?“

Þjóðernið er hluti af sjálfsmyndinni, en þegar talað er um sjálfsmynd þjóðar er oft átt við samsömun hennar í gegnum sögu, menningu og tungumál. Í umræðunni um þjóðerniskennð skiptir því sjálfsmyndin miklu máli; að hve miklu leyti fólk samsamar sig þjóðinni og þjóðerni sínu, og hversu stórt hlutverk þjóðernið spilar í sjálfsmynd einstaklingsins. Hvað mótar þessa þjóðarsjálfsmynd? Minningar, sagan og goðsagnir eiga stóran þátt í að móta þjóð og hafa þar með áhrif á þjóðarsjálfið. Þær sýna hvað sameinar þjóðina og gerir hana sérstaka. Þjóðin á sögu og minningar, þjóðareiningu er síðan haldið við með því að halda táknum og goðsögnum á lofti. Í augum þjóðernissinna er fortíð þjóðarinnar ávallt glæst, þó oft sé það ekki raunveruleg fortíð sem horft er til, heldur eins konar nútíma útgáfa af fortíðinni sem þjóðin hefur orðið sammála um. Samfellan, jafnvel þótt ímynduð sé, milli fortíðar, nútíðar og framtíðar, gerir sitt

¹¹ Thomas Hylland Eriksen. Ritstj. *Flerkulturell forståelse*, Oslo, TANO Aschehoug 1997.

¹² Thomas Hylland Eriksen: Identitet, í *Flerkulturell forståelse*, Oslo, TANO Aschehoug 1997, s. 23. „Jeg ser i spejlet og ser et køn, alder, hudfarve, religion eller politisk overbevisning. Jeg ser en person der virker mere eller mindre attraktiv på andre mennesker. Ud fra mig selv kender jeg andre, men det modsatte er også et faktum: jeg kender mig selv ud fra andre.“

til að halda þjóðinni saman. Þótt það að vera aðskilin persóna, sé eitt af grunnatriðum sjálfsmýndar einstaklings, hefur fólk þó þörf fyrir að vera hluti af félagslegri eða trúarlegri heild; að finna sameiningu og samkennd með stærri heild. Íslendingar eru sannfærðir um sameiginlegan uppruna sinn, en engin sjálfsmýnd einstaklings eða hóps er möguleg án „hinna“ – hópur A er ekki til án hóps B. Sjálfsmýnd hóps veltur nefnilega mjög á því hvernig staðfestingu hann fær á sjálfum sér frá öðrum. Auk þess lifa hópar og hrærast í samfélagi sem mótar þá, en alla jafna ætti hópurinn líka að móta samfélagið. Gerir hinn íslenski hópur það? Já – í búsáaldabyldingu – nei, svona alla jafna, þá nálgast hann valdið með pottlok í hendi.

1.1 Forsendur sjálfstæðis

Þegar þjóðríkjaskipulagið var að komast á, voru sameiginleg tunga, saga og menning helstu forsendur sjálfstæðiskrafna þeirra hópa sem við köllum þjóðir í dag. Íslensk tunga reyndist hentugt vopn í okkar sjálfstæðisbaráttu, því hún samræmdest kenningum hugmyndasmiða evrópskrar þjóðernisstefnu um eðli þjóða. Johann Gottfried Herder (1744-1803) hafði þróað hugmyndir um sérstaka menningarhópa eða *Volk*, út frá kenningum sínum um uppruna og eðli tungumálsins.¹³ Herder ályktaði að sérhvert tungumál endurspegladi náttúrulegar aðstæður samfélaga vegna þess að þau breyttust og þróuðust í stöðugri glímu mannsins við umhverfi sitt. Á sama hátt væru hefðir og venjur sprotnar úr náttúrunni: Hver menningarhópur væri einstakur og handhafi hefða sem mótaðar væru af aldalangri sögu hans. Hugmyndir Herders um eðli þjóðernisvitundar höfðu mikil áhrif á þróun íslenskrar þjóðarímyndar á 19. öld. Tungumálið væri mótandi menningarlegt afl; menning væri nátengd þjóðerni og því bundin sameiginlegri sjálfsvitund fólksins. Á grundvelli slíkra kenninga mátti rökstyðja að Íslendingar væru ein þjóð með eina upprunalega tungu og ættu því rétt á að lúta eigin stjórn.¹⁴

Herder taldi náttúru hvers lands setja mark sitt á tungumálið, menninguna og söguna. Engin tvö lönd höfðu sömu náttúru, því gátu engin tvö lönd haft sama þjóðaranda. Til þess að finna sitt sanna þjóðernis-sjálf þurfti maðurinn að vera trúr uppruna sínum og þjóðlegum arfi. Réttlættingin fyrir þjóðfrelsi byggði ekki á stærð þjóðar eða hernaðarlegu valdi, heldur á tilvist þjóðtungu, menningar og sögu. Íslendingar áttu tungu og sögu sem átti rætur sínar í þeirra landi og þau rök voru grunnur þjóðernisbaráttu Íslendinga.

¹³ Alan Dundes kallar Herder einn af frumkvöðlum þjóðfræðinnar, sem hafi m.a. skapað hugtakið þjóðlag (þ. Volkslied). Í *Holy Writ as Oral Lit*, Rowman & Littlefield, 1999, s. 18.

¹⁴ Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkúAkademían, Reykjavík 2001, 2. prentun 2007, s. 197-98.

Það er auðskilið hvers vegna föðurlandsvinir upphófu allt sem íslenskt var þegar þeir hófu máls á mögulegu sjálfstæði þjóðarinnar á 19. öldinni. Einhvern veginn varð að efla sjálfsvitund þessarar kúguðu bændaþjóðar og fá hana til að skilja að hún gæti staðið á eigin fótum. Og þar sem rómantikinni sleppti, tók lögspekin við. Hugvekja Jóns forseta til Íslendinga er ein mikilvægasta ritsmíð sjálfstæðisbaráttunnar, vegna þess að hún inniheldur þau hugtök og rök, sem Íslendingar notuðu til þess að réttlæta íslenska sérstöðu innan danska konungsríkisins. Söguleg rök Jóns voru þau að réttindi Íslands byggðu á Gamla sáttmála frá 1262, þar sem Íslendingar gengu í samband við Noreg sem „frjálst land“ og „öll stjórn þeirra og lög skyldu vera innlend.“¹⁵ Þegar einveldi Danakonungs komst á 1662 hefðu Íslendingar játað því oki með trega. Eftir að Danakonungur afsalaði sér einveldi árið 1848 áttu hin fornu réttindi Íslendinga samkvæmt Gamla sáttmála að taka gildi á nýjan leik, en ástæðan fyrir því að Íslendingar höfðu ekki áður gert kröfu um að Gamli sáttmáli gildi, var samkvæmt Jóni Sigurðssyni:

„Fleiri merki finnast til þess, að Íslendinga hefir rámað í hver réttindi þeirra voru, en ekki haft kjark, samheldi né þolgæði til að gjöra sér þau sjálfum ljós og halda þeim fram.“¹⁶

Hugsanlega yrðu Gamla sáttmála-rök Jóns Sigurðssonar talin fyrnd, þyrfti hann að koma fyrir Hæstarétt í dag, en á þessum stað og stund í sögu landsins náðu þau fótfestu meðal íslenskra þjóðernissinna. Ímyndasmiðir íslenska þjóðríkisins lögðu nú æ ríkari áherslu á tilkomumikla fornöld Íslendinga og órofið samhengi sögunnar frá gullöld til samtíma.¹⁷ Íslensk tunga, sem hefði varðveist ómenguð í þúsund ár, tengdi Íslendinga samtímans við hetjur gullaldar og ímyndasmiðirnir fullyrtu að Íslendingar gætu lesið fornbókmenntirnar hjálparlaust. Ennfremur hefði samskiptaleysi við útlönd varðveitt hið einstaka íslenska kyn. Í *Ágrip af bókmenntasögu* Finns Jónssonar sem út kom árið 1891, dregur höfundur fram nokkur þjóðareinkenni Íslendinga:

Íslendingar [eru] niðjar hinna víðförlu víkinga, frá fornu fari náttúraðir fyrir ferðalög, gjarnir á að sjá sig um í heiminum og gjarnir á að vita, hvað annars staðar bæri við. Íslendinga fýsir að geta sjer góðan orðstír. Þeir vildu ekki „ættlerast“ og fóru því utan [til að] afla sjer frægðar og frama, og gulls og gersema auðvitað líka.¹⁸

¹⁵ Jón Sigurðsson: *Hugvekja til Íslendinga*, Ný félagsrit, 8 árg. 1848, s. 12.

¹⁶ Jón Sigurðsson: *Hugvekja til Íslendinga*, Ný félagsrit, 8 árg. 1848, s. 14.

¹⁷ Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið*, s. 197.

¹⁸ Finnur Jónsson: *Ágrip af bókmenntasögu Íslands*, Reykjavík 1891, s. 8-9.

Orðræðan um sérstakan íslenskan kynstofn tókst þó fyrst á loft með bók Jóns J. Aðils, *Íslenzkt þjóðerni*, en ritið hafði Jón Aðils samið til að blása Íslendingum þjóðernisvitund í brjóst og hvetja þá til dáða.¹⁹ Kynstofninn sameinaði, samkvæmt Jóni Aðils, bestu eiginleika tveggja merkra arískra stofna, vitsmuni Kelta og framsækni Germana. Nú áttu Íslendingar að byggja framtíð sína á sömu eðlislægu þáttum og lagt höfðu grunninn að glæstri fortíðinni.²⁰ Um aldamótin 1900 segir Sigríður Matthíasdóttir að hafi verið miklir umbrotatímar í sögu Íslendinga, ekki einungis vegna „pólítískra umskipta, heldur voru þetta mótunarár þjóðernislegrar sjálfsmyndar landsmanna.“²¹ Sigríður telur alþýðufyrirlestra Jóns Aðils, sem haldnir voru á fyrstu árum 20. aldar, hafa haft afgerandi áhrif á þjóðernislega sjálfsmynd landsmanna. Í fyrirlestrunum hafi komið fram tvær hugmyndir sem urðu grundvallarþættir í íslenskri þjóðerniskennnd, annars vegar mikilvægi tungumálsins í því að skilgreina þjóðina sem lífræna heild með sameiginlega sjálfsmynd og hins vegar goðsögnin um gullöldina, en „gullöldin var gerð að fyrirmynd þess nútímaþjóðríkis sem hér átti að reisa og var haldið á lofti sem hugmyndafræðilegum grundvelli lýðveldisstofnunarinnar 1944.“²²

1.2 Goðsögn, ímyndasmíð, og oflof

Til að þjóna tilgangi sjálfstæðisbaráttunnar, hafði á níttjándu og tuttugustu öld verið smíðuð goðsögn um íslenska sögu. Goðsögnin var um íslenska gullöld og „veigamikill hluti þeirrar þjóðernislegu sjálfsmyndar sem þá var í mótun.“²³ Í riti sínu *Hinn sanni Íslendingur*, bendir Sigríður á, að líta megi á þá fræðimenn sem stóðu að mótun ímyndar fyrir þjóðina sem „höfunda pólítískra goðsagna“ og að hlutverk þeirra hafi verið „að leggja þjóð sinni til nothæfa, nútímalega sjálfsmynd með því að umskrifa þjóðarsöguna.“²⁴ Þessir fræðimenn voru handhafar þess valds sem felst í því að móta þjóðernisorðræðu sem aðrir taka síðan upp og líta á sem sannleika; þeir völdu hvað úr fortíðinni skyldi upphafa og hverju „gleyma.“

Mótun þjóðarímyndar hófst á 19. öld, með upphafningu menntamanna á fornri sögu þjóðarinnar og náttúru landsins í ljóðum og bókmenntum, en náði hámarki um og upp úr

¹⁹ Jón J. Aðils: *Íslenzkt þjóðerni*. Reykjavík, Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1922.

²⁰ Unnur Birna Karlsdóttir: Maður íslenskur. Hugmyndir á fyrri hluta 20. aldar um samband íslensks þjóðernis og kynþáttar. *Þjóðerni í þúsund ár*. Ritstj. Jón Y. Jóhannsson, Kolbeinn Óttarson Proppé og Sverrir Jakobsson. Háskólaútgáfan, Reykjavík 2003, 189.

²¹ Sigríður Matthíasdóttir: „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar.“ Í *Þjóðerni í þúsund ár*. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarson Proppé og Sverrir Jakobsson. Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2003, s. 119.

²² Sama heimild, 120.

²³ Sama heimild, 120.

²⁴ Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*, s. 26.

aldamótunum 1900 þegar fræðimenn á við Jón Aðils, Guðmund Finnbogason og Valtý Guðmundsson lögðu línurnar í sköpun þjóðernisgoðsagna landsins. Einnig þeir byggðu á kenningum Herders um lífrænt eðli þjóða, með áherslu á sameiningarmátt og uppeldisgildi tungumáls og náttúru, en lögðu jafnframt áherslu á eitt helsta meginstef hinnar þjóðlegu vakningar, þrískiptingu þjóðarsögunnar: Tímabil gullaldar, sem á Íslandi væri landnámstíminn fram til ársins 1262, þegar þjóðin gekk Noregskonungi á vald, en á gullöldinni hafi þjóðin „lifað í samræmi við sitt sanna eðli; þjóðin var hún sjálf.“²⁵ Í lok þess tímabils færðust auður og völd á örfáar hendur og ójöfnuður leiddi til hruns. Næst tók við sex alda niðurlægingartímabil, frá 1262 og um það bil til loka 18. aldar, en á þeim tíma „hnignaði þjóðinni vegna erlendra yfirráða og hún lá í eynd og vesöld.“ Loks kom endurreisnartímabil, sem einkenndi alla 19. öldina, þegar áhersla var lögð á að endurvekja fyrri dýrð þjóðarinnar og endurheimta gullaldareðli hennar.²⁶

Snemma á 20. öldinni tóku íslenskir menntamenn svo djarft til orða, að segja að evrópsk menning hefði átt sér tvö blómaskeið, annars vegar „hjá Forn-Grikkjum á þeirra hæsta þroskastigi [...]“ og hins vegar á Íslandi á „sjálfstjórnar- og þroskatímabilinu“ eins og Jón Aðils nefndi þjóðveldisöldina.²⁷ Guðmundur Finnbogason prófessor var einnig iðinn við að benda á skyldleikann milli forn-Grikkja og norrænna víkinga og staðhæfði eftir ítarlegar rannsóknir að frumbyggjar Íslands hefðu verið úrval Norðmanna, „beztir hinna beztu.“ Guðmundur taldi einkenni Íslendinga þessi: Gáfaðir, háttprúðir lærdómsmenn, gestrisin, glaðvær góðmenni, hreinskilin hraustmenni og hagleiksmenn og – ekki síst - skáld.²⁸ Sagnfræðingurinn Sumarliði Ísleifsson segir um þetta:

Samkvæmt þessu trúboði, sem ég kalla svo, voru Íslendingar útvaldir og öðrum æðri. Ísland varð Hellas Norðursins, líka í augum Íslendinga, og hin heilaga eyja í Norðri. Að vera útvalinn krafðist þess líka að Íslendingar fengju sína „Akrópólís,“ háborg íslenskrar menningar. Hana átti að reisa á Skólavörðuholti. Þetta verkefni ættu Íslendingar vel að geta leyst af hendi ef þeir minnst þess aðeins að þeir væru „ekki þrælaættar“ heldur hefðu „konungshjarta.“²⁹ Háborgin reis reyndar ekki en samlíkingin við Grikkland og Róm var alls staðar nærri.³⁰

²⁵ Sigríður Matthíasdóttir: Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar, í *Þjóðerni í þúsund ár*, s. 120.

²⁶ Sama heimild.

²⁷ Jón J. Aðils: *Íslenzkt þjóðerni: Alþýðufyrirlestrar*, Reykjavík, 1903, s. 238.

²⁸ Guðmundur Finnbogason: *Íslendingar*, 1933, s. 10.

²⁹ Guðmundur Finnbogason. Ræða. Morgunblaðið 2. desember 1923.

³⁰ Sumarliði R. Ísleifsson: Af samspili innri og ytri þjóðarimynda, drambi, hæðni og vanmetakennd, fyrirlestur, Reykjavíkúakademían 2010.

Ímyndin um endurvaktar hetjur gullaldar var glæst og efalítið gerð af góðum hug, enda djúpt í árinna tekið til að stappa stálinu í þjóðina eftir sex alda menningarlegt forræði framandi tungu og viðhorfa. Hins vegar er stundum önnur hlið á endurritun þjóðarsögu. Í umfjöllun Alans Dundes um „sköpun“ þjóðfræðafnis í Finnlandi, Þýskalandi, Skotlandi og Bandaríkjunum á 20. öld, segir: „Í öllum tilvikunum þjáðist viðkomandi þjóð af alvarlegri minnimáttarkennd.“³¹ Frá sjónarhóli Dundes, uppfyllir slík sköpun þjóðfræðafnis „sálræna þörf þjóða, sérstaklega í kreppum.“³² Þrjú landanna sem Dundes fjallar um voru undir yfirráðum og menningarlegu forræði sterkari þjóða, rétt eins og við, en fyrir daga Grimm-bræðra þótti þýska þjóðin standa nágrönnum sínum að baki í menningarlegu tilliti og metur Dundes það svo að hún hafi þess vegna þjáðst af menningarlegri minnimáttarkennd, með sama hætti og Skotar og Finnar.

Samhliða úrvals- og yfirburðaorðræðunni á Íslandi var önnur orðræða í gangi ytra, um hið frumstæða, fátæka, vanþróaða og jafnvel villimannlega Ísland, sem væri svo langt á eftir öðrum þjóðum. Þessi viðhorf birtust í erlendum ferðabókum og blöðum og voru dregin fram í umræðum á Alþingi og í blöðum hérlendis. Margt var nefnt Íslendingum til lasts.³³ Algengt væri að mæta drukknnum mönnum á ferðalögum og „sárgrætilegt að sjá útlendinga gera gys að sóðaskapnum í höfuðborg landsins.“³⁴ „Sölustaðir til manneldis væru svo óhreingir sumir hverjir að ætla mætti að Íslendingar „ætu skít“ í orðsins fyllstu merkingu.“³⁵ Þetta sambland af innlendu oflofi og fyrirlitningu að utan hafði mikil áhrif á sjálfsmynd Íslendinga. Það ýtti annars vegar undir vanmetakennd og jafnvel sjálfsfyrirlitningu og hins vegar undir mikilmennsku og oflátungshátt. Smám saman varð oflætið ofan á. Íslenska elítan var að búa til þjóð og til þess þurfti stórkaraleg verkfæri. Halldór Hermannsson prófessor fullyrta að hlutverk Íslendinga væri að vera „forvígisþjóð framtíðarmenningar“; það væri hlutverk íslenskrar þjóðar að „skapa framtíðarmenningu mannkyns.“³⁶ Þarna var ekkert rými til að stilla sér í íróníska fjarlægð; Íslendingasögurnar voru sannleikur og að auki heilagur sannleikur. Íslendingar fullyrtu einnig að kynstofn þeirra bæri af öðrum þjóðum, líka Norðurlandþjóðum, enda hefði

³¹ Alan Dundes: The Fabrication of Fakelore. *Journal of Folklore Research*, 23. árg, maí 1986, s. 131. „In all cases, the country in question was suffering from a severe case of an inferiority complex.“

³² Alan Dundes: The Fabrication of Fakelore. *Journal of Folklore Research*, 23. árg, maí 1986, s. 133. „Fakelore apparently fills a national psychic need, especially in a time of crisis.“

³³ Sumarliði R. Ísleifsson: Af samspili innri og ytri þjóðarimynda, fyrirlestur, 2010

³⁴ *Morgunblaðið* 27. júlí 1914.

³⁵ *Morgunblaðið* 23. maí 1935.

³⁶ *Morgunblaðið* 22. ágúst 1922.

úrvalið farið til Íslands og þess mætti enn sjá stað.³⁷ Á þessum árum, reyndar allt frá aldamótum og fram að seinni heimsstyrjöld, lifði þessi „forvígisþjóð framtíðarmenningar“ þó við ein kröppustu kjör á byggðu bóli og upp úr 1930 voru risin fátækrahverfi í Reykjavík, ömurlagri en orð fá lýst.³⁸ Til að breyta fjárhagslegri stöðu þorra landsmanna þurfti bæði heimsstyrjöld og hernám.

1.3 Sjálfsmyndir og minnimáttarkennd

Í grein sinni um framleiðslu þjóðfræðaefnis tekur Alan Dundes fram að til séu fjölmörg dæmi um falska sagnaritun, þar sem „gullaldir“ fortíðar eru endursamdar til þess að styrkja sjálfsvirðingu þjóðar eða hóps.³⁹ Anthony Smith tengir þá iðju við sjálfsmyndarsmið – að sýna hvernig „við“ erum frábrugðin „hinum“:

Minningin um sameiginlega gullöld, gildi og djörfung forfeðra og hetja, goðsagnir, þjóðernislegt upphaf, búsetuþróun, velþóknun æðri máttarvalda, sérstök tákn samfélagsins, landfræðileg lega, sagan og örlög fólksins, *aðgreinir það frá öðrum*. Mismunandi siðir, fórnir og ættartengsl veita einnig mikilvægan skilning á þjóðfræðilegu sambandi milli fortíðar, samtíðar og framtíðar.⁴⁰

Ekki er dregið í efa, að þörf hafi verið á að styrkja sjálfsvirðingu þjóðarinnar, þá tæpu öld sem leið frá Hugvekjunni til fulls sjálfstæðis 1944. Gífurleg minnimáttarkennd virðist til dæmis endurspeglast í orðum Jóns forseta hér að ofan: „[A]ð Íslendinga hefði rámað í réttindi sín, en ekki haft *kjark* ... né *þolgæði* til að [...] halda þeim fram.“ Þarna virðist um að ræða mikla þverstæðu í sálarlífi þjóðar, sem annars vegar er með „konungshjarta“ og á hinn bóginn er svo buguð, að hún hefur hvorki kjark né staðfestu til þess að reyna að krafla sig upp úr hyldýpi eymdar og fátæktar. Hvernig skynjuðum við okkur sem þjóð í þá daga? Þekkt er meðal nýlendubúa,⁴¹ að neikvæðar staðalmyndir minnihlutahóps geta leitt til sjálfshatus, ef hópurinn samþykkir staðalmynd meirihlutans, því enn einn anginn á sjálfsmynd, er vitund um viðurkenningu annarra á tilveru viðkomandi.⁴² Meðal þjóðarbrotar með erfða sjálfsmynd eru Samar í Noregi og Grænlandingar í Danmörku – en það er eftirtektarvert að þær þjóðir eða þjóðarbrot sem

³⁷ Helgi Pjeturs: Saxar og Íslendingar. *Morgunblaðið* 24. október 1915.

³⁸ Sjá Illugi Jökulsson: „Barist í Reykjavík“ í *Ísland í aldanna rás 1900-2000*. Reykjavík, JPV útgáfa 2003, s. 240.

³⁹ Alan Dundes: The Fabrication of Feklore. *Journal of Folklore Research*, 1986, s. 133.

⁴⁰ Smith, Anthony: *Myths and Memories of the Nation*, s. 119. Þýðingin er úr bók Bjarka Valtýssonar: *Íslensk menningarpólitik*, Reykjavík, Nýhil, 2011, s. 46.

⁴¹ Hér ræði ég ekki hvort við höfum verið „nýlenda“ Dana eður ei – en gef mér að þannig hafi að mestu verið komið fram við okkur. Sjá m.a. „Af reiðum Íslendingum“ í *Þjóðerni í þúsund ár*, s. 135-150. Ritsstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2003.

⁴² Erikson, E.H.: *Identity: Youth and Crisis*. New York, Norton 1968, 50.

eiga í mestum vandræðum með sjálfsmýndir sínar, til að mynda nýlenduþjóðir á við Írland og landamæraþjóðir, á við Finna, hafa verið virkastar allra í þjóðfræðirannsóknnum - sem gæti komið til af þörf fyrir að vera sífellt að greina *sig frá hinum* - og virkja til þess sinn menningararf, sem lið í að móta söguvitund og sjálfsmýnd.⁴³

Þann 1. desember 1928 mátti lesa á forsiðu Morgunblaðsins, í tilefni af tíu ára sjálfstæðisafmæli Íslands, þessa klausu um ástæður fyrir sjálfsmýnd forfeðranna:

Allir hinir eldri menn voru í rauninni hjartanlega sannfærðir og sammála um, að enginn maður af íslensku bergi brotinn gæti staðist útlendum manni snúning, allra síst í andlegum viðskiftum. Þetta var raunar þungbærasti og ískyggilegasti arfurinn frá liðnum óláns öldum. Danir höfðu gengið svo frá okkur, að við þorðum varla að líta á sjálfa okkur sem menska menn.⁴⁴

Töluvert hefur verið rætt og ritað um minnimáttarkennd Íslendinga undanfarin ár, meðal annars af Sumarliða Ísleifssyni, sem sagði í fyrirlestri hjá Reykjavíkurakademíunni árið 2010:

Ég staðhæfi að frá öndverðu hafi Íslendingar verið í varnarstöðu gagnvart umheiminum. Umheimurinn taldi þá yfirleitt ekki til siðmenntaðra þjóða, skil á milli mannheima og sviðs dýranna væru jafnvel óglögg og landið oft álitnið af hinu illa. Ísland var þó sumpart í svipaðri stöðu og ýmis önnur jaðarsvæði þessa tíma og sagnir „að utan“ höfðu mest að segja um það hvernig ráðandi hugmyndir um landið voru mótaðar. Valdið að utan gerði í stuttu máli lítið úr landi og þjóð. Ég staðhæfi jafnframt að þessar hugmyndir hafi haft mikil áhrif á sjálfsmýndir Íslendinga. Þeir urðu ofurmeðvitaðir um smæð sína, fjarlægð frá umheiminum, valdaleysi og skort á ríkidæmi.⁴⁵

Í Þýskalandi ríkti þó löngum aðdáun á heilögu eyjunni í norðri og upp úr 1935 tóku nazistar til við að benda á skyldleikann milli forn-Grikkja og norrænna víkinga. Þegar Ernst Timm, formaður Norræna félagsins í Þýskalandi, kom ásamt sexhundrað þjóðverjum í heimsókn til Íslands á fjórða áratugnum, gekk kvað hann landið „vöggju germanskrar menningar.“ Timm bætti við, að „nú [væru] Þjóðverjar sannfærðir um, að öll hin evrópeiska menning eigi rót sína að rekja til manna og þjóða af norrænum kynstofni, og sje þeirra verk.“⁴⁶ Tímasetning komu Timm og félagar til Íslands árið 1936 vekur athygli, en í grein eftir Christu Kamenetsky má lesa um framleiðslu nýrrar fortíðar þjóðverja undir nazistum. Þýskir þjóðfræðiprófessorar voru frá 1935 beittir þrýstingi um

⁴³ Sjá m.a. Laurajane Smith: *Uses of Heritage*, Routledge, 2006.

⁴⁴ Árni Pálsson: Tíu ára sjálfstæðisafmæli Íslands. *Morgunblaðið* 1. desember 1928

⁴⁵ Sumarliði R. Ísleifsson: Af samspili innri og ytri þjóðarimynda, drambi, hæðni og vanmetakennd, fyrirlestur, Reykjavíkurakademían 2010

⁴⁶ Ísland vagga germanskrar menningar. *Morgunblaðið* 28. júlí 1936.

að laga kenningar sínar og niðurstöður að þjóðernissósíalískri hugmyndafræði.⁴⁷ Helzta skylda þjóðfræðingsins varð sú að hreinsa hefðina af öllum erlendum þáttum sem laumast hefðu inn í norræn-germanskar goðsagnir, venjur og helgisiði og þess í stað að breiða út þá þjóðfræði sem tengdist „forfeðrunum“. Rannsóknir á norður-germanskri sögu skyldu stundast samhliða rannsóknum á Íslendingasögum og bókmenntaarfi upprunnum á Íslandi á tólftu og þrettánda öld. Bæði hópar og einstaklingar voru í fullu starfi við að framleiða „þjóðfræði“ í nægilegu magni til að marka nýja stefnu innan þjóðfræðirannsókna. Þjóðfræðin skyldi verða grunnur sjálfsmýndar þýsku þjóðarinnar; hún var talin búa yfir innbyggðum varanleika og reyndar vera „eina menningarlega meðalið sem virkaði.“⁴⁸ Tilgangurinn með því að innleiða þetta nýja verðgildamat var leitinn að menningarlegri einingu og varanleika þýsku þjóðarinnar, ásamt því að skapa samstöðu með því að ávarpa þjóðina sem hina upprunalegu þjóð, sem líkt og íslenska þjóðin væri skilgetið afkvæmi goðumlíkra forfeðra. Nýja stefnan náði hámarki sínu í hinni svokölluðu Norrænu endurreisn.⁴⁹ Jón Krabbe starfaði við svonefnt Íslandsráðuneyti í Kaupmannahöfn frá 1899 til 1944. Í fróðlegri bók Jóns segir meðal annars: „Nazistar höfðu látið sér mjög um Ísland hugað og átti það m.a. stoð í kynþáttakenningum þeirra sem höfðu leitt af sér einfeltnislega aðdáun á Íslendingum sem hreinasta „frumgermanska“ kynþættinum.“⁵⁰ Hugmyndinni um Íslendinga sem hreinasta „frumgermanska“ kynþáttinn var mjög haldið á lofti í Þýskalandi á þessum tíma, svo doktor Timm er nokkur vorkunn, að vilja hafa þennan tandurhreina kynþátt ósaurgaðan af „borgarlífi“:

„Nokkur vonbrigði voru það okkur Þjóðverjum er vjer sáum, að í hinum hröðu framförum landsins virðist sem komið hafi yfir þjóðina, og þó einkum höfuðstaðarbúa, nokkur amerískur blær, sem dragi úr *þjóðarsjerkennunum*. Við höfum sjálfir fengið að kenna á hættunni sem af því stafar, er tækni og borgarlíf kippir fólkinu út úr hinu þjóðlega umhverfi og getum því haft ástæðu til að óttast að svo geti farið á Íslandi.⁵¹

Sama ár heimsótti landið einnig skáldið W. H. Auden og lýsti höfuðborginni svo: „Fyrstu áhrif mín af bænum voru að hann væri lúterskur, niðurdrepandi og kuldalegur. Á bryggjunni var fjöldi manna sem fylgdist með þegar við lögðum upp að. Allir

⁴⁷ Christa Kamenetsky: Folklore as a Political Tool in Nazi Germany. *Journal of American Folklore*, 85. árg, hefti 337, 1972, 221.

⁴⁸ Sama heimild, 224.

⁴⁹ Einnig kallað Ariavæðing Þriðja ríkisins. Sjá e.t.v. <http://en.wikipedia.org/wiki/Kristallnacht>.

⁵⁰ Jón Krabbe: *Frá Hafnarstjórn til lýðveldis*. Almenna bókafélagið 1959, 134.

⁵¹ Ísland vagga germanskrar menningar. *Morgunblaðið* 28. júlí 1936. (skáletrun mín).

karlmennirnir voru með derhúfur. Enginn gaf frá sér hljóð, ekki einu sinni börnin.“⁵² Þetta er myndræn lýsing, sem í samræmi við orð Sumarliða Ísleifssonar hér að ofan, lýsir fólki sem er „ofurmeðvitað um smæð sína.“ Lýsing Audens minnir reyndar einnig á lágmyndina Brautryðjandann á stytta Jóns Sigurðssonar, þar sem hnípinn hópur stendur að baki hetjunnar, aðgerðalaus – og vafalítið þögull.

1.4 Þjóðernisgoðsagnir, hefðir og tákn

Þjóðernisgoðsagnir og tákn gegna mikilvægu hlutverki í að viðhalda þjóðareiningu. Slík tákn undirstrika samkennd þjóðarinnar og halda minningum um þjóðarsöguna á lofti. Í *The Invention of Tradition* greina sagnfræðingar frá því hvernig hefðir hafa verið hannaðar á ýmsum menningarsvæðum í áranna rás.⁵³ Í beinni þýðingu er merking „invented“ uppfundin eða jafnvel skálduð, en hér er annars vegar átt við *hannaðar* hefðir sem komið er á innan menningarsvæðis og hins vegar hefðir sem sprotnar eru úr grasrótinni. Hefð á við útsendingu á nýársræðu forsetans er hönnuð hefð sem búið er að innlima í íslenska menningu. Hefð á við Eurovision-partí á hverju heimili kvöldið sem úrslitin ráðast, er hefð sem skapast innan samfélagsins sjálfs, því tilbúnum hefðum er síður en svo alltaf komið á af yfirvöldum. Tilbúningur hefða getur verið meira eða minna ómeðvitað grasrótarkerfni og um slíkt eru mörg íslensk dæmi, á við að taka slátur og baka tíu sortir af smákökum fyrir jólin, yfir í helgisiði í kringum handboltakeppnir.

Öll samfélög hafa reyndar ætíð mótast af tilbúnum hefðum, en þegar skilningur fólks á heiminum riðlast, verður aukning á hefðum sem geta skilgreint hið nýja samfélag og gamlar stofnanir og hefðir eru lagaðar að nýja samfélaginu.⁵⁴ Þegar gömul stofnun er löguð að nýju samfélagi, er um leið verið að gera þá stofnun að tilbúinni hefð, því þótt ramminn sé gamall, mun innihaldið vera nýtt.⁵⁵ Einnig getur það verið herkænska að láta hjá líða að laga gamlar stofnanir og hefðir að hinu nýja samfélagi. Sé það vanrækt, mun slíkt nefnilega skapa tómarúm, sem síðan má fylla upp í með nýjum tilbúnum hefðum, sem eru þá rækilega lagaðar að nýju frásögninni (e. narrative), siðunum og samfélagsgerðinni. Á þann hátt geta tilbúnar hefðir verið hluti af pólitísku og hugmyndafræðilegu ráðabruggi.

⁵² Illugi Jökulsson: „Auden og MacNeice heimsækja Ísland.“ *Ísland í aldanna rás 1900-2000*. Reykjavík, JPV útgáfa 2003, s. 273.

⁵³ Hobsbawm, E. og Ranger, T. Ritsj. *The Invention of Tradition*, Cambridge University Press, 1999, s. 1.

⁵⁴ Hobsbawm og Ranger. Ritsj. *The Invention of Tradition*, s. 4.

⁵⁵ Hobsbawm og Ranger. Ritsj. *The Invention of Tradition*, s. 5.

Þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein segir í greininni „Endurvakning hefðarinnar“: „Þjóðernisrómantíkin [fól] í sér umfangsmikla *endurskilgreiningu á fortíðinni* og sambandi hennar við samtímann. Sú þjóðernishefð sem vísað var til og mótaðist í þeirri orðræðu tók á sig tiltölulega fastmótaða mynd [...]. Þeir sem farið hafa með menningarlegt forræði hér á landi hafa mjög haldið á lofti þeirri fortíðarsýn sem felst í þessari orðræðu.“⁵⁶ Menningarlegt forræði er afgerandi í *innleiðandi* hefðum (e. introductory), en þær þjóna þeim tilgangi að innleiða nýtt verðgildamat, hegðunarmynstur eða sannfæra landslýð. Tilgangur goðsagna er yfirleitt að gefa ákveðnu fyrirbæri merkingu, með það að markmiði að búa til mynd af veruleikanum sem breiðir í raun yfir hann. Oftast tengjast goðsagnir valdinu; eru búnar til í þágu valds til að viðhalda því. Ráðandi öfl reyna því að láta sína goðsögn öðlast hljómgrunn til þess að réttlæta forrættindi sín svo að þau geti notið þeirra án samviskubits og Hobsbawm telur innleiðandi hefðir eiga að gera félagslegt ójafnrétti ásættanlegt. Með innleiðandi hefðum má til dæmis fá alla til þess að trú á yfirburði forrættindastéttarinnar, því þær má nota til þess að skilgreina og viðhalda vissri félagslegri lagskiptingu.⁵⁷

Víkingagoðsögnin sem tröllreið allri orðræðu í gróðærinu er innleiðandi hefð. Þessi „víkingaarfleifð“ sem svo mjög var hampað á útrásartímanum náði (vonandi) hámarki sínu þegar forseti Íslands afhenti nýverið Benedikt XVI páfa stytta af Guðríði Þorbjarnardóttur. Látum liggja milli hluta sannleiks- og heimildagildi sagnanna um hana, en talandi um „endurskilgreiningu á fortíðinni,“ var Guðríður orðin að kristniþóða í Vesturheimi þegar herra Ólafur var búinn að segja páfanum og sjónvarpsstöð Vatíkansins sögu hennar, eins og sjá má á myndskaiði.⁵⁸ Sem dæmi um ný hegðunarmynstur má taka það að bókstaflega öll þjóðin fór að lifa samkvæmt slagorðinu: „Nýtt kortatímabil,“ nokkuð sem ég hef aldrei séð auglýst í neinu öðru landi.⁵⁹ Sem dæmi um nýtt verðgildamat mætti taka Decode, en þegar ég kvaðst ekki ætla að kaupa hlutabréf í fyrirtækinu, sem þá voru á 65 dollara hvert, kom særður svipur á fólk og það sagði: „Ertu þá á móti því að fundin verði lækning við krabbameini?“

Önnur tegund tilbúinna hefða eru *uppfundin tákni*, á við fána eða þjóðsöng. Þau geta verið táknræn fyrir eða mótað félagslegt samhengi, en geta einnig komið í stað eða verið

⁵⁶ Valdimar Tr. Hafstein: Endurvakning hefðarinnar, *Tímarit Máls og Menningar*, 3-4 tbl., 64. árg., 2003, s.19.

⁵⁷ Hobsbawm og Ranger. Ritsj. *The Invention of Tradition*, 10.

⁵⁸ www.romereports.com. President of Iceland speaks about Icelandic missionary in America 1000 years ago. <http://www.youtube.com/watch?v=Hxp5VI5UPL0>.

⁵⁹ Ég hef að vísu einungis búið í fjórum fylkjum Bandaríkjanna og nokkrum löndum í Evrópu.

táknræn fyrir aðild að raunverulegu eða ímynduðu samfélagi. Auðvelt er að gera sér grein fyrir þessari tegund tilbúinnar hefðar, þar eð hún er svo „sýnileg.“ Þriðja tegundin, *mótandi* hefðir (e. legitimizing), móta síðan stofnanir, ástand eða stöðu yfirvalda eða ljá lögmæti, en þessar þrjár gerðir tilbúinna hefða eiga það sameiginlegt, að sagan ljær þeim lögmæti sitt, raunveruleg saga eða saga sem búin er til fyrir tilefnið. Dæmi um tilraun til að móta orðræðuhefð sem myndi ljá ástandi eða stöðu stjórnvalda lögmæti, var umræðan haustið 2008 um „strandstað,“ sem þjóðarskútan væri stödd á. Vegna tilkomu bloggs og möguleika fólks til þess að tjá skoðun sína á vefmiðlum, snerist orðræðan þó gegn þeim sem helzt héldu henni fram, í takt við að „þjóðgunarstarfinu“ ætlaði seint að ljúka.⁶⁰ Reyndar snýst orðræðan um hefð á Íslandi meira um hverju *ekki* er hefð fyrir, til dæmis er ekki hefð fyrir því að stjórnámamenn segi af sér, þrátt fyrir alvarleg afglöp í starfi.⁶¹ Í skýrslu um stjórn málaástandið á Íslandi, sem „lak“ á Wikileaks, eftir Carol van Voorst, fyrrverandi sendiherra Bandaríkjanna á Íslandi, bendir van Voorst á, að ekki sé hefð fyrir því á Íslandi að smáðir stjórnámamenn segi af sér, jafnvel ekki þeir sem hlotið hafa fangelsisdóm.⁶²

1.5 Ímynduð samfélög, sjálfsmýndir og söluvara

Sagnfræðingurinn Benedict Anderson hafnar því að þjóðir séu „náttúrulega“ skapaðar; þær séu einfaldlega hópur með sömu félagslegu siðvenjur, eða ímynduð samfélög.⁶³ Hið ímyndaða samfélag Íslands má réttlæta með Ingólfi og hans fornu súlum, handritunum og (ímyndaðri) víkingaarfleifð. Hið ímyndaða íslenska samfélag veitir síðan íslenski þjóðareiningu sinn tilverurétt, sem aftur ljær hinum nýtilbúnu hefðum lögmæti sitt. Sagan, ímyndaða samfélagið og tilbúna hefðir eru sem sé háð innbyrðis. Hvort hefðirnar eru „sögulega“ réttar skiptir ekki öllu máli, heldur sú staðreynd að fólk iðki þær og upplifi sem „sannar.“ Þetta tengist einnig því, að með hefðum skapar fólk sér sjálfsmýnd. Fyrst er fundin í hefð sameiginleg fortíð, sem síðan má tengjast með því að iðka hefðina sem verið var að búa til. Þeir sem búa að vissum hefðum, geta þá bent á einhvern fasta og sagt „þetta erum við.“

⁶⁰ Sjá m.a. „Tvö ár samfelldra skattahækkana og þjóðarskútan enn á strandstað,“ á <http://gmaria.blog.is/blog/gmaria/entry/1137703/> 29. jan. 2011.

⁶¹ Sjá Lýðræðisvandinn í hnotskurn. Helstu ágallar lýðræðis á Íslandi, 7. forsenda (2007, 7. maí) Sótt 27.5.2011 frá <http://framtidarlandid.is/skyrslur/125-lyeraeeisvandinn-i-hnotskurn>. „Engin hefð er fyrir því að ráðherra segi af sér vegna mistaka sinna eða undirmanna sinna.“

⁶² Sjá m.a. Wikileaks: Geir átti að losa sig við Davíð Oddsson (4. des. 2010) Sótt 27.5. 2011 frá <http://www.svipan.is/?p=19882>. Sjáið e.t.v. www.wikileaks.ch

⁶³ Benedict Anderson: *Imagined Communities: Reflections on the Spread of Nationalism*, London, Verso 1991.

Hér er vert að taka fram, að allar hefðir eru á einhvern hátt búnar til. Við framkvæmum daglega hefðir, sem flestar eru margradda og hafa fleiri en eina merkingu hver. Andstætt við þá Hobsbawm og Ranger hvetur sænski þjóðfræðiprófessorinn Barbro Klein hins vegar lönd og þjóðir til þess að finna upp hefðir og forna minnisvarða, sé slíkt ekki fyrir hendi:

Allar þjóðir þurfa á þjóðbúningum, þjóðdönsum, þjóðlögum, þjóðhátíðum, stórsögnum og hátíðum að halda, rétt eins og þær þurfa fána, þjóðsöngva, bílaframleiðendur, veðurstofur og forna minnisvarða. Ef þetta er ekki fyrir hendi, er eins gott fyrir þær að drífa í að finna þetta upp.⁶⁴

Þótt tilbúnar hefðir styrki sjálfsmynd hópsins og greini hann frá „hinum“ gera tilbúnar hefðir meira en að þjóna tilgangi þjóðernissamstöðu. Hefðir laða líka að ferðamenn og þegar framleiðsla og kynning á hefðum og minnisvörðum fer af stað, er ekkert spurt um uppruna þeirra. Söluvara er söluvara, eða með öðrum orðum: *Business is business*.

Menningararfvæðing er þó fleira en kaupmennska. Hún helst einnig í hendur við miklar þjóðfélagslegar breytingar sem orðið hafa vegna hnattvæðingar undanfarinna áratuga. Það að „frysta“ atburð eða ferli, auðveldar fólki að staðsetja sig í heimi sem er sífelldum breytingum undirorpin. „Við lifum á tímum mikilla fólksflutninga og hnattvæðingar, þegar gríðarlegur fjöldi fólks er landlaus, útlagar á hverju strái. Að sama skapi finna margir til missis, til saknaðar og sorgar vegna þess að þeir hafa misst sambandið við fortíð sína,“ segir Barbro Klein, sem í viðtali við Valdimar Tr. Hafstein tekur einnig fram að menningararfur skilgreini „okkur.“⁶⁵ Laurajane Smith vill frelsa oss frá hefðbundinni skilgreiningu hugtaksins og heldur því reyndar fram að menningararfur sé hreinlega ekki til.⁶⁶ Smith telur menningararf fyrst og fremst félagslegt og pólitískt einkenni hópa, sem eigi rætur í samræðu einstaklinganna innan hópsins um fortíð hans, endurminningar og gildi. Hún veltir fyrir sér, hvort meginmarkmið hans sé að staðsetja okkur í nútíðinni, einfaldlega til að stuðla að mótun og sköpun sjálfsmyndar – fremur en að koma okkur í snertingu við fortíðina.⁶⁷

⁶⁴ Barbro Klein: *Cultural Heritage, the Swedish Folklife Sphere, and the Others*; fyrirlestur, ReykjavíkurAkademían í janúar 2004. „All countries need costumes, dances, tunes, celebrations, stories, and festivals, just as much as they need flags, national anthems, automobile companies, weather systems, and ancient monuments. If they do not have them, they had better make them up.“

⁶⁵ Valdimar Tr. Hafstein: Heimurinn er að sökkva. Viðtal við Barbro Klein. *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. 11. 2003.

⁶⁶ Laurajane Smith: *Uses of Heritage*, Routledge, 2006, s. 11.

⁶⁷ Laurajane Smith: *Uses of Heritage*, Routledge, 2006, s. 11-43.

Reyndar má rökstyðja að hvorki menningararfur né hefðir séu náttúruleg mál heldur sköpuð af fólki sem tekur ákvarðarnir um hvað sé hefð - og hvað sé það ekki. Það ferli er síbreytilegt og í sífelldri endurmótun. Því má segja að hefðum sé varpað á hluti og athafnir, en felist ekki í hlutum né athöfninni sjálfri. Þau Richard Handler og Jocelyn Linnekin segja hefð ekki háða hlutlægum veruleika fortíðar: „Hefð er túlkunarferli sem innifelur bæði samfellu og samhengisleysi.“⁶⁸ Þau telja hefðina alltaf háða breytingum og túlkunum, þó svo að minningar skilji eftir hlutlæga innistæðu í hefðinni sem slíkri. Þau segja einnig „hefðbundið“ og „nýtt“ túlkandi fremur en lýsandi hugtök: þar eð öll menningarsamfélög taki stöðugum breytingum, sé ekkert *nema* nýtt til staðar, þó að það sem er nýtt geti haft táknað gildi sem „hefðbundið.“⁶⁹

Þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein segir tilvísanir til hefða vera markleysu – hefðir séu ekki til - þær séu *búnar* til.⁷⁰ Hefð sé *alltaf* ný, því hún vísi í endurtekninguna sem fór á undan og vindi þannig upp á sig. Því þótt hefðir séu endurteknar, er það aldrei í nákvæmlega sömu mynd og áður. Gjarnan er álitid að hefðum sé miðlað óbreyttum milli kynslóða - en í hvert skipti sem hefðin er endurtekin verður til nýtt lag merkingar og nýjar minningar sem bæta við hana eða breyta. Að framkvæma hefð og að muna (eða að gleyma) felur í sér gjörning. Það að mæta á stað minninga eða taka þátt í að framkvæma hefð, felur í sér menningarlega og pólitíska ákvörðun um að muna eitthvað tiltekið. Merkingarframleiðslan felst í því að vísa samtímufyrirbærum aftur til fortíðar og gefa þeim þannig dýpt, því hefðin gerir hvunndaginn dýpri og merkilegri. Og þrátt fyrir að börnin með Mikka Mús-blöðrunar hafi ekki hugmynd um hverju er verið að fagna 17. júní, eru hátíðahöld okkar á árlegum þjóðhátíðardegi mikilvæg vísun sem hópurinn merkir sig með í samtímanum, samtíma sem inniheldur bæði gamalt og nýtt, fortíð og nútíð.

⁶⁸ Handler og Linnekin: „Tradition, Genuine or Spurious.“ *Journal of American Folklore*, 1984, s. 273-290. „Tradition refers to an interpretive process that embodies both continuity and discontinuity.“

⁶⁹ Handler og Linnekin: Tradition, Genuine or Spurious. *Journal of American Folklore*, 1984.

⁷⁰ Valdimar Tr. Hafstein: Endurvakning hefðarinnar, *TMM*, 3-4 tbl., 2003, s. 19. „Hefðir, með öðrum orðum, eru ekki til, þær eru *búnar* til.“

2 Notkun menningararfs í ímyndar- og sjálfsmyndarsköpun þjóðar

Sjálfsmynd er sköpuð, endurmótuð og/eða véfengd. Sjálfsmyndin mótast einnig í samræðu við „hina“ og hvað menningararf varðar, má segja að hann gefi sjálfsmyndinni efnislegan tilvísunarramma, auk þess sem hann skapar tilfinningu fyrir að maður tilheyrir hópnum og sé hluti af samfelldri þúsund ára sögu. Þjóðfræðingurinn Valdimar Tr. Hafstein orðar þetta svo:

Þegar menningararfur er mótaður er um leið dregin upp ákveðin mynd af fortíð og samtíð, og af sambandinu þar á milli. [...] Í menningararfinum felst sumsé tilraun til að móta söguvitund. Sú vitund helst þétt í hendur við sjónarhorn fólks á samfélag sitt á líðandi stund og við sjálfsmynd þess sem þjóðfélagsþegna.⁷¹

Aldamótakynslóðin svokallaða þjónaði mikilvægum pólitískum tilgangi – það var hún sem fyrst var fengin til að trúá ímyndina um Ísland. Áróðursmenn þeirra tíma settu þessa ímynd fram af heitum hugsjónum í ræðum og greinum, ljóðum, lögum, málverkum, ljósmyndum, umbúðum, seðlum og frímerkjum. Með aðstoð erlendra tákmynda á við Fjallkonuna,⁷² þróaðist rómantísk sjálfsmynd þjóðarinnar og leikið var á þjóðernislegan tilfinningaskala landsmanna eins og fiðlu. Þjóðernisorðræðan var ríkjandi og um hana var samstaða. Þessari rómantísku sjálfsmynd fagnar þjóðin árlega - þann sautjándá júní.

Það er ekkert að því að vera föðurlandsvinur og syngja landi sínu lofsöng. Það er jákvætt að viðurkenna opinskátt hlýhug til landsins sem ól mann og forfeður manns. Það er ekki fyrr en slíkar kenndir fara út í þjóðernishroka og mikilmennskubrjálæði, að þær verða slys í uppsiglingu. Reyndar benti fyrsti rektor Háskóla Íslands, Björn M. Ólsen (sem virðist hafa verið andstæðingur ypsilon-notkunar) á það í opnunarræðu sinni, að: „Sannmentaður maður elskar þjóðerni sitt og tungu, enn hann miklast ekki af þjóðerni sínu, firirlítur ekki aðrar þjóðir, nje þikist upp ifir þær hafinn. Slíkt er heimskra aðal.“⁷³

⁷¹ Valdimar Tr. Hafstein: „Menningararfur: Sagan í neytendaumbúðum“ í *Frá endurskoðun til upplausnar*. Reykjavík: Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían, 2006, s. 313-328.

⁷² Fyrirmynd Fjallkonunnar var hin franska *Marianne*, tákmynd borgaranna sem stofnuðu lýðveldið 1830. Frakkar færðu Bandaríkjamönnum hana og í hafnarmynni New York er hún kölluð *Frelsistytta*. Hún fór um alla Evrópu á 19. öld, heitir *Helvetia* í Sviss og *Germania* í Þýskalandi. Þegar rakið er til róta evrópskrar menningar, til Grikkja, er hún engin önnur en Pallas Aþena - gyðja viskunnar. Sjá t.d. Guðmundur Oddur Magnússon, Tákmyndir þjóðarinnar - þá og nú. Fyrirlestur, ReykjavíkurAkademían, 29.1. 2010.

⁷³ Illugi Jökulsson: „Vaxandi þekkingar ljós!“ *Ísland í aldanna rás 1900-2000*. Reykjavík, JPV útgáfa 2003, s. 87.

Jónas frá Hriflu skrifaði eina langlífustu kennslubók Íslands, *Íslandssaga handa börnum*, sem kennd var í barnaskólum landsins áratugum saman, frá útkomu árið 1915.⁷⁴ Bókina má líta á sem minnisvarða þeirrar kynslóðar sem bar uppi sjálfstæðisbaráttuna. Í henni eru Íslendingar sagðir komnir af norrænum víkingum, mörgum af fornu kóngakyni, hraustum, bláeygum og ljóshærðum mönnum sem áttu glæsilegar konur. Þetta var þjóð hugrakkra og sjálfstæðra manna, sem höfnuðu konungsskipan og stofnuðu fyrsta lýðveldi í heimi. Skoðanir Jónasar og eldri sagnfræðinga, á við Jón Aðils, sem Jónas byggir sínar hugmyndir að stórum hluta á, hafa reynst ótrúlega sterkar. Enn í dag trúa Íslendingar þessari mynd af sjálfum sér. Þetta er sá grunnur sem þjóðin byggir sjálfsmýnd sína á og er til ýmissa hluta nytsamlegur; í fegurðarsamkeppnum, íþróttum, umhverfismálum, útrásum og þjóðaratkvæðagreiðslum.

Í gegnum ungmennafélögin; félög byggð á ímyndaðri hugsjón ímyndaðrar gullaldar, var þessi glæsta sjálfsvitund markvisst ræktuð eins og rós í gróðurhúsi.⁷⁵ Í upphafi heimastjórnaráranna var aukin bjartsýni og stórhugur Íslendinga áberandi og ungmennafélagshreyfingin átti meiri þátt í því en nokkur annar félagsskapur í upphafi aldarinnar, að móta sjálfsmýnd og viðhorf uppvaxandi kynslóðar.⁷⁶ Orð Jóhannesar Jósefssonar, hvatamanns að stofnun fyrsta félagsins, U. M. F. Akureyrar, lýsa líklega best hugsjónum og markmiðum félaganna um ræktun einstaklinga og þjóðar:

Þar átti að ala upp forystulið þjóðarinnar, hámenntaða menn í hinum nytsömum fræðum og þrautþjálfaða í íþróttum, ungmennafélögin áttu að verða vermireitur hreinnar íslenskrar tungu og í túni þeirra skyldu dafna hvers konar þjóðlegar íþróttir og dyggðir. Endurvekja reisu þjóðveldistímabilsins, verða aflvaki allra dáða og skóli þjóðlegra mennta, andlegra og veraldlegra.⁷⁷

Hugsjónin var sú að rækta úrvalskynið með íþróttamennsku – skapa heilbrigðar sálir í hraustum líkömum. Með fundahöldum, fyrirlestrum, íþróttaiðkun og ákafri tilbeiðslu á landi og þjóð var stálinu stappað í fólk og allt nýtt sem efla mætti land og lýð. Fyrsta kynslóðin sem mótaðist af gullaldarsjálfsmýndinni var stolt og harðduglegt fólk í okkar harðbýla landi; fólk sem vildi vinna sinni þjóð og skilja við sinn heim ívið betri en hann var þegar það kom.

⁷⁴ Jónas Jónsson: *Íslandssaga handa börnum*, Reykjavík, Félagsprentsmiðjan, 1915, seinna bindi 1916.

⁷⁵ Fyrsta ungmennafélagið var stofnað á Akureyri, á heimili Jóhannesar Jósefssonar, í upphafi árs 1906.

⁷⁶ Sjá m.a. Sigríður Matthíasdóttir: „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar.“ *Þjóðerni í þúsund ár*. Háskólaútgáfan. 2003, s. 126.

⁷⁷ Jóhannes Jósefsson: *Jóhannes á Borg. Minningar glímukappans*. Stefán Jónsson skráði, Reykjavík 1964, s. 92

2.1 Séríslensk viðbrögð?

Vissulega er hér farið hratt yfir langt tímabil, sem einkennist af ólíkum menningarstraumum, pólitík og sjálfsmyndum. Eitt sjálfsmyndareinkenni tók þó ekki breytingum; þrátt fyrir langþráð fullveldi og síðar sjálfstæði var ævinlega um að ræða undarlegt þýlyndi, næstum eins og Íslendingar gætu ekki ímyndað sér líf án kúgunar. Halldór Laxness varði allri ævinni í að eggja í skrifum sínum þjóð sína lögeggjan til þess að nálgast viðfangsefni líðandi stundar af dirfsku og bera höfuðið hátt:

Það er álitíð að fáar þjóðir hafi þolað kúgun og yfirgáng af meiri kurteisi en íslendingar. Um aldaradur altframmá þennan dag lifðu þeir í skilningsríkri sáttfýsi við kúgun, án þess að gera nokkru sinni tilraun til uppreistar. Eingri þjóð var byltíngarhugtakið jafn hulið. Ævinlega voru íslendingar reiðubúnir að kyssa þann vöndinn er sárast beit og trúa því að kaldrifjaðasti böðullinn væri sönnust hjálp þeirra og öruggast skjól.⁷⁸

Þessi lýsing skáldsins kallast á við hin séríslensku viðbrögð sem Guðmundur Hálfðanarson kallar „að deyja möglunarlaust úr hor“ sem okkur ætlaði seint að takast að losna við. Það tókst þó á endanum, reyndar svo eftirminnilega að um 150 árum eftir Hugvekju Jóns Sigurðssonar var þetta „moðvolga, sauðrólega fólk“⁷⁹ kinnroðalaust farið að kalla sig: *Bezt í heimi*.

Íslenska bændasamfélagið var að mörgu leyti fyrirmyndaríhaldssamfélag, þar sem breytingar voru löturhægar og hver kynslóð tók við af annarri líkt og í óendanlegri röð. Ótrúlega sterkur agi virtist ríkja í þessu þjóðfélagi og *takmarkalaus þolinmæði* gagnvart hverju sem á dundi. Þannig gekk samfélagið í gegnum óáran á borð við móðuharðindi án neinna meiriháttar árekstra á milli auðugra og févanna; hinir síðarnefndu flosnuðu upp í hópum og *dóu möglunarlaust úr hor* á svipuðum tíma og kollegar þeirra í Frakklandi brenndu hallir aðalsmanna og réðust inn í forðabúr kaupmanna til að stöðva meintar tilraunir yfirstéttanna til að hagnast á neyð almennings.⁸⁰

Hugsanlega er gagnlegt að skoða þá áratu að deyja möglunarlaust úr hor, í ljósi þessarar skilgreiningar Benedicts Anderson á ímynduðu samfélagi:

Loks er það ímyndað sem samfélag, vegna þess að þrátt fyrir það *misrétti* og *arðrán* sem mætti viðgangast í hverju þeirra, sjá menn þjóðina ævinlega fyrir sér sem láréttan félagsskap sem eigi sér djúpar rætur. Þegar allt kemur til alls er það þetta (ímyndaða) bræðralag sem gerir að verkum, að svo margar milljónir

⁷⁸ Halldór Laxness: *Sjö töframenn*. Ósigur ítalska loftflotans í Reykjavík 1933. Reykjavík, Heimskringla, 1942.

⁷⁹ Halldór Laxness: *Heiman eg fór*, Reykjavík, Heimskringla, 1924.

⁸⁰ Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið*, 65. (skáletrun mín)

manna undanfarnar tvær aldir hafa viljað, ekki endilega drepa, en fúslega *deyja* fyrir svo takmarkaða tálsýn.⁸¹

Því á einhvern hátt er ekki annað að sjá, en að margir þegnanna vilji deyja fyrir þann málstað að vera *Íslendingar*, hvað sem aðrir kynnu að telja hann glataðan. Sjálfsmýnd hvers borgara virðist svo óafmáanlega tengd þjóðerninu, að eins og læmingjar, hlaupa landsmenn frekar fyrir hugmyndafræðileg björg,⁸² en að rugga bátnum með aðgerðum, mótmælum eða annarri borgaralegri óhlýðni og dónaskap, á við að gera kröfur til leiðtoga og embættismanna. Vissulega var mótmælt stöku sinnum; farið í Gúttóslag í nóvember 1932 vegna lækkaðra launa í atvinnubótavinnu og í Natóslag í mars 1949. Í báðum tilvikum stóð til að refsa „óeirðaseggjunum“ en í bæði skiptin kom undirskriftasöfnun manna úr öllum stéttum til stuðnings hinum dæmdu.⁸³ Búsáhaldaþingarslagurinn 60 árum eftir Natóslaginn varð tilefni málaferlis íslenska ríkisins, þar sem níu einstaklingar voru sakaðir um lögbrot þegar þeir mótmæltu á þingpöllum 8. desember 2008. Mál níumenninganna varð til þess að um 700 undirskriftir mótmælenda voru afhentar Ástu R. Jóhannesdóttur forseta Alþingis,⁸⁴ en forseti og skrifstofustjóri Alþingis fóru fram á það við ákærvaldið að ákært yrði á grundvelli 100. greinar hegningarlaga, sem fjallar um árásir á Alþingi. Þótti forseta þingsins forkastanlegt – jafnvel í kjölfarið á hruni heils fjármálakerfis – að þegnarnir yrðu reiðir á þingpöllum og hrópuðu tiltölulega afdráttarlaus skilaboð til þingmanna í reiði sinni. Dómur yfir níumenningunum féll í héraðsdómi Reykjavíkur í febrúar 2011 og voru öll níu sýknuð af því að hafa ætlað að ráðast á Alþingi.⁸⁵ Samkvæmt Þór Saari, þingmanni Hreyfingarinnar, var málið „frá upphafi til mikils vansa fyrir Alþingi Íslendinga,“ og það væri komið „út um allar koppagrundir í heiminum, að Alþingi hafi staðið fyrir pólitískum ofsóknum gagnvart fólki.“⁸⁶

⁸¹ Benedict Anderson: *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. London, Verso, 1991, s. 224. (skáletrun mín). „Finally, a nation is an imagined community because "regardless of the actual inequality and exploitation that may prevail in each, the nation is always conceived as a deep, horizontal comradeship.[...] Ultimately it is this fraternity that makes it possible, over the past two centuries, for so many millions of people, not so much to kill, as willingly to die for such limited imaginings."

⁸² *Læmingjasjálfsmorð* er myndlíking um fólk sem fylgir „almenningsálitinu“ í blindni, oft með válegum eða örlagaríkum afleiðingum.

⁸³ Sjá m.a. Illugi Jökulsson: *Ísland í aldanna rás 1900-2000*. Reykjavík, JPV útgáfa 2003, s. 241 og s. 428-434.

⁸⁴ Sjá: 705 taka stöðu með níumenningunum, Morgunblaðið, 24.6.2010

⁸⁵ Níumenningarnir sýknaðir af árás á Alþingi, www.svipan.is 16.2. 2011.

⁸⁶ Sjá: Dómur í engu samræmi við ákærur, Morgunblaðið, 16.2. 2011.

2.2 Safn minninga, sameiginleg afrek og smán

Minningar og saga leika stórt hlutverk í sköpun og endursköpun allra þjóða, enda ganga flest þjóðríki út frá því að tilvist þeirra í nútímanum sé endanleg niðurstaða langrar og samfelldrar þróunar.⁸⁷ En rétt eins og ef um sögu einstaklings væri að ræða, er saga þjóðar aldrei um einskæra velgengni; hún er ekki síður safn minninga um innri baráttu og misrétti, ekki bara sameiginleg afrek í baráttu við vonda erlenda kónaga og kúgara.

Guðmundur Hálfðanarson vitnar í sagnfræðinginn Ernest Renan, sem segir þjóðerni ráðast af sameiginlegum vilja einstaklinganna; að þjóðernishugtakið sé eins konar félagslegur sáttmáli sem tiltekinn hópur gerir.⁸⁸ Hvað sem það er sem skilgreinir ákveðinn hóp sem þjóð, þá er ljóst að til staðar þarf að vera einhvers konar sátt um fyrir hvað sú þjóð á að standa. Hið sama virðist gilda um sögu og menningararf; við ákveðum hvað við viljum að tákni okkur, hvað við viljum varðveita og hverju við viljum gleyma. Hvað varðar mikilvægi viljans til að verða sjálfstæð, sameinuð þjóð, segir í ritgerð Renans „What is a Nation?“ að „minnisleysi [...] sé afgerandi þáttur í sköpun þjóðar“ og að „kjarni einnar þjóðar sé hið fjölmarga sem einstaklingarnir eiga sameiginlegt, en einnig hve mörgu þeir hafi sameiginlega gleymt.“⁸⁹

Þjóðir reyna eftir megni að byggja upphaf sitt á bjargi, en þjóðir sem glímt hafa við innbyrðis átök þurfa að „gleyma“ ákveðnum þáttum sögunnar, eða þagga þá niður. Þöggunin verður þannig hluti af sögunni og minnisleysi getur verið mikilvægt til að halda þjóðareiningu. Guðmundur Hálfðanarson bendir á að Renan segi í sínum skrifum að ef þjóðarsaga eigi að sameina, hljóti menn að þurfa að gleyma þeim hlutum í fortíðinni sem geti leitt til sundrunar eða túlka söguna þannig að hún styðji hugmyndina um sameinaða þjóð. Þessi meðvitaða uppbygging þjóðernisorðræðu sameini fólkið og þjóðarviljann og skapi þar með sameiginlega ímynd fyrir þjóðina. Sagan sé þannig „vandlega snyrt í því skyni að sannfæra borgarana um að kjósa „rétt“ í hinni daglegu atkvæðagreiðslu“ um það að lifa saman sem þjóð.⁹⁰

Í erindi sínu „Freud í hvunndeginum; bæling, maður og samfélag,“ hugleiðir Högni Óskarsson geðlæknir hvað kunni að vera bælt í hinni íslensku þjóðarsál, hvað í reynslu

⁸⁷ Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið*, s. 174.

⁸⁸ Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*, s. 18.

⁸⁹ Ernest Renan: What is a Nation? í *Nation and Narration*, London og New York, Routledge, 1990. „Forgetfulness, [...] is a crucial factor in the creation of a nation. Yet, the essence of a nation is that all individuals have many things in common, but have also forgotten much together.”

⁹⁰ Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið*, 179.

hennar gegnum aldirnar móti hana í dag; hvaða óþægilegu leyndarmál megi lesa út úr daglegu lífi þjóðarinnar – með öðrum orðum: hvar við ástundum minnisleysi í þeim tilgangi að viðhalda þjóðareiningu:

[Eru] merki þess í sjálfsmynd og andlegu lífi þjóðarinnar að hún bæli með sér sögulega skammartilfinningu? Eitthvað, sem þurfi að fela? Tímabilið frá lokum sögualdar og vel fram á þá átjándu [hefur] verið meðhöndlað eins og hálfgerð vandræðabarn, hinar myrku miðaldir. Þjóðin [er] slegin blindu þegar kemur að þessu tímabili í sögu hennar og hlaupið yfir það þegar arfleifð okkar er hampað við hátíðleg tækifæri. [Vekja] miðaldirnar upp óbærilega vanmáttarkennd eða skömm...? Þetta er tími meints dugleysis þjóðarinnar... tími hungurs og handritaáts... tími undirlægjuháttar gagnvart erlendu konungsvaldi... Þegar þjóðin átti engar hetjur, engin afrek... skömm fyrir að hafa ekki risið upp, hrist af sér okið, ekki gripið til hetjulegra aðgerða.... Þessa tilfinningu varð að bæla og bælingin hafi síðan mótað ýmislegt í hegðun og gildismati þjóðarinnar og geri enn. Þetta kann að skýra það að þjóðarímynd Íslendinga byggir enn á hetjunum góðu og handritunum. Sú ímynd leyfir okkur að ræða um sjálfstæði þjóðarinnar *aðeins* í anda rómantískra baráttuhugsjóna, þó svo að á sama tíma teljum við okkur best borgið sem taglhnýtingar stórvelda. Önnur þverstæða í sjálfsmynd þjóðarinnar kemur fram annars vegar í upphafinni sjálfsánægju og hins vegar í nóturlegri minnimáttarkennd, sem birtist mjög skýrt í því hve ofurháð hrósi útlendinga við erum.⁹¹

Enn er komið inn á oflæti og minnimáttarkennd, auk þverstæðna í sjálfsmynd þjóðarinnar. Vissulega má vera að miðaldir veki upp óbærilega skömm, en svo farið sé nær í tíma, var andleg og líkamleg bæling í algleymingi hjá íslenskri verkamannastétt í lok nítjándu aldar. Einungis þeir sem réðu yfir jarðarskika máttu gera út báta, stofna fjölskyldu og þeir einir gátu brauðfætt börnin sín. Ógift fólk mátti ekki eiga börn og vinnuhjú fengu ekki leyfi til að giftast sökum fátæktar. Barnlaus drógu þannig vinnuhjú björg í bú húsbænda sinna, eins og ófrjó vinnudýr safna hunangi í geymsluklefa býflugnadrottningar. Árið 1872 var kaup vinnuhjúa svo lágt, að vinnukona var fimm ár að vinna sér fyrir söðli. Vistarbandið var ekki afnumið að fullu fyrr en 1907.⁹² Vinnumennska og vistarband voru ekki séríslenskt fyrirbæri, en Ísland er sérstakt vegna þess hve stór hluti þjóðarinnar var í vistarbandi, eða um 25% landsmanna alla 19. öldina, sem var hæsta hlutfall í Evrópu.⁹³ Inga Huld Hákonardóttir sagnfræðingur hefur fjallað um bann við giftingum vinnuhjúa:

⁹¹ Högni Óskarsson: *Freud í hvunndeginum; bæling, maður og samfélag*. Ritið 2/2003.

⁹² Gísli Gunnarsson: *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*. Reykjavík: Örn og Örlygur, 1987, s. 221.

⁹³ Sama heimild.

Allir geta ímyndað sér hvað þessi höft leiddu af sér: Ástir í meinum, dulsmál og geigvænlega óhamingju. Ef heimilisfaðir féll frá fyrir aldur fram og eignir hrukku ekki fyrir skuldum, var fjölskyldan sjálf sett á uppboð. Börnin voru vistuð þar sem minnst þurfti að gefa með þeim. Litlar líkur voru á því að þau fengju nokkurn tíma sjálf að ganga í hjónaband. Ekki eru liðin full hundrað ár síðan uppboð þessi voru bönnuð með lögum. Það gerðist árið 1907. Rauði þráðurinn í viðhorfi yfirvalda kemur glögg fram í orðum sem alþingismaður lét falla árið 1885: „Ósjálfbjarga menn hafa engan siðferðislegan rétt til að æxlast.“ Það var ekki fyrr en árið 1921 að fólk sem skuldaði sveitarstyrk gat gengið í hjónaband án þess að fá leyfi sveitarstjórna, en síðasti sveitarflutningur mun hafa átt sér stað á Ísafirði árið 1933.⁹⁴

Árið 1928 birtist í *Verkamanninum* greinin Fátækraflutningur, eftir G. Þar segir frá konu sem til standi að flytja sveitarflutningi, frá Reykjavík til Hellnahrepps:

Vesalings konan felur sig, til að komast hjá því að vera flutt nauðug til annars héraðs. Lögreglan er látin leita að henni. Hvað hefir hún gert, svo að það þurfi að elta hana sem óbótamanneskju? Sök hennar er sú ein, að hún er fátæk, einmana auðnuleysingi, sem veikindi og raunir hafa þjád, og henni því verið ómögulegt að ala önn fyrir sér án hjálpar hins opinbera. Vegna þess að hinir kristnu menn Hellnahrepps höfðu veitt henni nokkur hundruð króna matbjörg, á margra ára tímabili, skyldi hún missa öll mannréttindi og ákvörðunarrétt um dvalarstað. Undir núverandi þjóðskipulagi er þannig farið með þá sem verða að lúta lögum örbirgðar, að deyja úr hungri, eða leita á náðir manna um hjálp. Aftur á móti hossar þjóðskipulagið þeim hátt, sem aldrei hafa nent að taka ærlegt handtak, en hafa haft að iðju, og sér til upphalds, þann sið, að svíkja út úr náunganum fé eða sölsa það undir sig frá því opinbera. Á þeim mönnum finst ekki blettur og geta þeir orðið leiðtogar þjóðarinnar, án þess að við það séu gerðar athugasemdir.⁹⁵

Það er í frásögnum á við þessa, að áhrifa fræðimanna á þjóðarsöguna fer að gæta. Þöggun ákveðins hluta minninga er hluti af því að skapa þjóðinni sögu sem hún getur sameinast um. Og þegar skapa á nýja sögu er ekki óeðlilegt að leggja áherslu á það sem sameinar fremur en það sem sundrar. Hugsanlega er það þess vegna sem ekki er fjallað um erlendan her í sjálfstæða landinu svo til allan lýðveldistímamann. Eða svartasta blettinn á íslensku samfélagi: Hvernig farið var með þau börn sem lentu á upptökuheimilum ríkisins.

Árið 1938 lagði Böðvar frá Hnífsdal til, að „vandræðabörn“ yrðu send til dvalar á afskekktum heimilum nálægt sjó.⁹⁶ Árið 1941 hvatti Jón Sigtryggsson fangavörður til kynbótastefnu, með því að „hindra fólksfjölgun meðal vandræðafólks.“⁹⁷ Árið 1953 var

⁹⁴ Inga Huld Hákonardóttir: *Fjarri hlýju hjónasængur*, Reykjavík, Mál og Menning 1992, s. 250-251.

⁹⁵ Fátækraflutningur, *Verkamaðurinn*, 18. sept. 1928, s. 2.

http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2301829

⁹⁶ Böðvar frá Hnífsdal: *Uppeldi vandræðabarna*, Morgunblaðið 29. október og 1. nóvember 1938.

⁹⁷ Jón Sigtryggsson: *Slæm kynblöndun*, Tíminn, 2. september 1941

ósk Böðvars frá Hnífsdal uppfyllt, þegar stofnað var á afskekktum stað nálægt sjó uppeldisheimili fyrir drengi í Breiðavík og rekið þar á vegum ríkisins til ársins 1979. Þar voru aðallega drengir á aldrinum 10-14 ára. Ástæður fyrir því að þeir voru sendir þangað gátu verið allt frá hnupli yfir í alvarleg heimilisvandamál. Ásakanir um ofbeldi og kynferðislega misnotkun í Breiðavík komu fyrst fram í minningum Sævars Ciesielski frá 1980.⁹⁸ Í Kastljóspætti í febrúar 2007 upplýsti fyrrverandi vistmaður í Breiðavík að hann hefði orðið fyrir ofbeldi og kynferðislegri misnotkun á meðan dvöl hans þar stóð. Margir aðrir fyrrum vistmenn í Breiðavík höfðu sömu sögu að segja um slæman aðbúnað og andlegt og líkamlegt ofbeldi. Í Kastljóspættinum kom einnig í ljós að Gísli Guðjónsson réttarsálfræðingur vann skýrslu árið 1975 þar sem hann gagnrýndi aðbúnaðinn í Breiðavík. Niðurstöður Gísla voru m.a. þær að 83% drengjanna sem dvöldu á Breiðavík komust í kast við lögin og 63% fyrir alvarlega glæpi.⁹⁹

Slíkar minningar eru þó valdar frá, þegar samfélagsgerðin er rædd. Reyndar telur Guðmundur Hálfðanarson að þegar þjóðarsaga er mótuð þá stjórn geðþóttaákvörðanir því oft hvaða minningar verða fyrir valinu og gjarnan séu þá þarfir ákveðinna hópa samfélagsins settar í forgang fram yfir aðra. Þjóðin tekur þátt í slíkri endursköpun og samþykkir hana daglega með þátttöku sinni í þjóðlífinu og öllu sem því fylgir. Hugsanlega er íslenska þjóðin sérlega auðveld í þessu samhengi; hún er leiðitöm og það er auðvelt að fá hana til þess að kasta sér yfir hvaða orðalepp sem er, hvenær sem er. Sem dæmi um það má segja, að hluti af hugmyndaheimi nýrrar þjóðarsögu eftir hrun sé í fyrsta lagi fórnarlambsvæðingin, á við að fall Lehman Brothers eða hryðjuverkaloð Breta hafi gert út af við íslensku bankana; því næst sú hugmynd að engir glæpir hafi í raun átt sér stað (ekki persónugera vandann) og að vandinn sé ófullnægjandi (erlendri) reglugerð að kenna. Slík umsáturskenning er hin hliðin á hinu undarlega oflæti; minnimáttarkenndin sem kemur upp þegar á bjátar. Þá er hátturinn sá að slá um og fara í stað yfirburða að gera út á smæð. Loks inniber nýja þjóðarsagan þá ömurlegu kvöð, að þótt almenningur hafi kannski ekki drýgt glæpin (sem jú enginn var), beri honum engu að síður að taka á sig bæði kaupmáttar- og launaskerðingar, samtímis hækkuðum álögum og minnkandi þjónustu á öllum helstu sviðum félagsþjónustu, á við í heilsugæslu og skólum.

⁹⁸ Stefán Unnsteinsson: *Stattu þig drengur*. Þættir af Sævari Ciesielski. Reykjavík, Iðunn, 1980.

⁹⁹ Ríkisútvarpið, Kastljós: Flestallir Breiðavíkurdrengirnir urðu lögbrotar, 6. febrúar 2007.

3 Ímynd fegurðar, hreinleika og lauslætis

Hér að framan var reifað, að menntamenn og forkólfar sjálfstæðisbaráttu höfðu fundið sögusýn sem féll íslensku þjóðinni vel í geð og hentaði sem sameiginleg minning. Tengslin við gullöldina voru skýr, ást á landi og sögu tengdist „minningum“ sem sköpuðu samfellu í sögu þjóðarinnar. Einnig var litið á þróun ímynda og sjálfsmýnda: Sjálfsmýnd þjóðar er byggð á samanburði við aðrar þjóðir, en sú ímynd þjóðar sem sýnd er út á við, endurspeglar sjálfsmýnd hennar. Heima fyrir er vitundin um þjóðina gjarnan sköpuð í gegnum orðræðu þjóðernisstefnu. Allt frá 1944 hafði verið þverstæða í sjálfsmýnd landans. Annars vegar var þörfin fyrir að ríghalda í að utanaðkomandi öfl hefðu haldið okkur niðri; ákveðin fórnarlambssjálfsmýnd, sem gæti verið tilkomin vegna eymdar okkar fyrr á öldum. Á hinn bóginn voru það sagnir „að utan“ sem höfðu mest að segja um hvernig ráðandi hugmyndir um landið mótuðust.

Er sú staðalmynd þjóðarinnar sem sett er fram og markaðssett, sú sama og Íslendingar hafa af sjálfum sér? Eða er hún yfirborðskennd og gefur alranga mynd? Guðmundur Hálfðanarson hefur fjallað um hve undarlegar þær ímyndir eru sem þjóðin teflir fram af sjálfri sér, samanber Leiðtogafundinn 1986, þegar stjórnvöld ýttu fram á sviðið þjóðargersemunum Jóni Páli og Hófi – sterkasta manni og fallegustu konu í heimi. Þorgerður Þorvaldsdóttir sagn- og kynjafræðingur, bendir á að þegar kvenlíkama sé stillt upp sem „landkynningu, sé ævinlega einblínt á kynlega táknmynd hans, en persónan víki úr vegi.“¹⁰⁰ Þorgerður telur fárið í kringum fegurðarsamkeppnir á Íslandi vera eins konar „smáþjóðakomplex, því nágðrannar okkar í Evrópu líta niður á slíkar keppnir, en Íslendingar líti á þær sem tækifæri til að koma sér á kortið.“¹⁰¹ Hún telur fegurðarsamkeppnir ákveðna leið lítilla samfélaga: Íslendingar stökkvi á öll tækifæri til að auglýsa sig, en íhuga megi hversu góð auglýsing stúlka í baðfötum sé fyrir íslenska „menningu.“ Með velgengi í fegurð, telja Íslendingar sig þó sanna fyrir umheiminum að þeir séu ekki „álappaleg útkjálkaþjóð, heldur blómstrandi vest-norrænt menningar-samfélag,“ segir Þorgerður.¹⁰² Hin íslenska fegurðardís gegni þannig hlutverki í því að móta og endurskilgreina sjálfsmýnd þjóðarinnar. Hún standi sem tákn fyrir hreinleika og náttúru.

¹⁰⁰ Þorgerður Þorvaldsdóttir: „Af fegurðardísunum, ástandskonum og fjallkonum. Lesið í táknmyndir hins kvenlega í íslensku menningarumhverfi“. *Kvinnaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, Reykjavík, Kvinnasögusafn Íslands, 2001, s. 493-4.

¹⁰¹ Sama heimild.

¹⁰² Fjallkonan íðilfríð og fól, viðtal við Þorgerði Þorvaldsdóttur, *Morgunblaðið* 12. júní 1998.

Náttúra og hreinleiki séu síðan lykilhugtök nútíma þjóðernisstefnu og einmitt slagorð markaðssetningar fyrir landið sem ferðamannaparadís.¹⁰³

Frá árinu 1997 og allt fram til 2003 birtust á enskri grund auglýsingar á við „One Night Stand“, „Dirty Weekend“ og „Pester A Beauty Queen“ frá íslensku flugfélagi.¹⁰⁴ Í þeim var með tvíræðu orðalagi gefið í skyn að íslenskar konur væru hluti þess ferðapakka sem útlendingar borguðu fyrir, þegar þeir keyptu sér ferð á vit hins villta næturlífs Reykjavíkur, en fegurð og tilkippileiki íslenskra kvenna var auglýstur sem hluti af gæðum borgarinnar. Þá þegar var sköpuð „hefð“ – íslensk fyrirtæki, jafnvel þau ríkisstyrktu, gátu eftir það komist upp með að vera aðeins skapahársbreidd frá því að særa almennt velsæmi. Slíkar auglýsingar sköpuðu einnig breytingar á þeirri ímynd Íslands sem fram að því hafði verið hampað í alþjóðlegri ferðamennsku – í viðbót við „náttúru“ var nú sjónum einnig beint að hinum föggu og ekki síst „auðveldu“ íslensku konum. Fleiri auglýsingar birtust, að því er virtist til að markaðssetja meint lauslæti íslenskra kvenna, því árið 2001 stóð á forsíðu ferðablaðs *USA Today*: „Íslenskar fegurðardísir kalla.“ Auglýsingin var á vegum Flugleiða og var sérstaklega látin höfða til karla, en í ferðapakkanum var aðgangur að fegurðarsamkeppni og möguleiki að hitta stúlkurnar eftir keppnina. Auglýsingin gaf í skyn að á Íslandi væri fjöldi tilkippilegra ljóshærðra fegurðardísa sem bjóða myndu Kananum faðminn.¹⁰⁵ Þar eð karlarnir hefðu aðeins keypt sér helgarferð til Íslands, myndi sambandið þó endast stutt og vera skuldbindingalaust.

Þessi „þróun“ á skilið frekari umfjöllun, af ýmsum ástæðum. Í fyrsta lagi er vert að skoða mikilvægi kvenna í ímyndarmarkaðssetningu Íslands, sérstaklega það myndefni sem birt er af konum, þótt hér verði ekki lagt í skoðun á kynjahlutverkum innan ferðaauglýsinga. Það sem stingur í augun er að norrænni þjóð, sem stærir sig af stöðu jafnréttismála, telji slík tilboð um „neyslu“ á íslenskum konum sem kynverum ekki vera í hrópandi mótsögn við það sem þjóðin *segist* standa fyrir. Loks er sérstakt að þjóð sem telst – og telur sig – þróaða, beiti ljóst og leynt fyrir ímyndarvagn ríkisstyrkts flugfélags kynferðislega aðlaðandi stúlkum, sem vissulega vekur upp hliðstæður við kynlífstúrisma. Á Íslandi hefur slík „landkynning“ almennt aldrei vakið viðbrögð hjá almenningi né bitnað á viðkomandi fyrirtækjum á sjáanlegan hátt.¹⁰⁶ Getur verið að hér sé *stemning* fyrir umfjöllun sem hampar hvaða lágkúru sem er, í örvæntingarfullri tilraun til að fá bara einhverja umfjöllun?

¹⁰³ Þorgerður Þorvaldsdóttir: „Af fegurðardísum, ástandskonum og fjallkonum,“ s. 502-4.

¹⁰⁴ Sjá m.a. Þórdís Bachmann: Svona gera menn ekki, netávarp í tilefni baráttudags kvenna 2003.

¹⁰⁵ Sjá m.a. Valgerður P. Hafstað: Íslandskynning hjá Opruh: Ljósukur og lauslæti. *Morgunblaðið*, 3. maí 2005.

¹⁰⁶ Sem er kannski skiljanlegt ef um er að ræða *eina* flugfélagið til ársins 2002.

Reyndar hafði verið fjallað um meint lauslæti íslenskra kvenna á heimavelli allt frá árinu 1907, þegar greinar birtust í vikuritinu *Ísafold*, um að „önnur hver stúlka í landinu léti útlendinga fleka sig“ og þyrfti til þess einungis „meðaldurg, en alls ekki betri menn.“ *Kvennablaðið* tók upp hanskann og kvað „karlmenn hafa kennt konum að þær ættu að vera leikfang þeirra,“ og að konur hefðu haft „leyfi til að tóra, en ekki til að lifa sjálfstæðu andlegu lífi.“¹⁰⁷ Árið 1912 gaf Ingibjörg Ólafsson út bæklinginn *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi*, en þar lagði höfundur meðal annars til, að læknar eða lögregla *auglýsti* nöfn þeirra stúlkna, sem lifðu ósiðlega.¹⁰⁸ Um þetta leyti ríktu enn viðhorf sem kennd eru við tíma Viktoríu drottningar í Bretlandi en hún lést 1901, eftir að ráða ríkjum í 63 ár, en heilræði hennar til ungra eiginkvenna voru: „Lokaðu augunum og hugsaðu um England.“¹⁰⁹ Hvað innibar viktoríanskt siðgæði? Að kynlíf væri viðbjóðslegt, einungis skækjur nytu þess; siðsöm kona forðaðist kynferðislega örvun og kynmök væru ill nauðsyn. Kynkuldi var því það sem þjóðfélagið vænti af vönduðum stúlkum. Var það aðallinn sem skapaði þessar kynlausu konur? Nei, miklu fremur borgaraleg millistéttin, en eins og alls staðar á byggðu bóli, var það hin arðrænda verkamannastétt sem varð fórnarlamb þessa tvöfalda siðgæðis.

Árið 1921 kom upp sú hugmynd á Íslandi að koma á sérstakri siðferðislögreglu, til þess að hindra ferðir íslenskra stúlkna í erlend skip og koma þannig í veg fyrir útbreiðslu kynsjúkdóma.¹¹⁰ Í þá daga miðaði umræðan þó aðallega að *betrun* stúlkanna, hvergi var minnst á að virkja lauslæti sem landkynningu. Á Íslandi hafði þrífist rasismi samhliða yfirburðahyggju gullaldar, sem klifaði m.a. á því að gengi þjóða færi ekki síst eftir því hvort tækist að halda kynstofninum ómengduðum.¹¹¹ Orðið *ómengaður* mætti líka leggja út sem *heill*, en þekkt er meðal frumstæðra þjóða, að þegar konurnar finna að kynstofninn er að úrkynjast, sækjast þær eftir að leggjast með „ókunnugum“ til þess að halda stofninum við.¹¹² Út frá þessu mætti jafnvel líta á meint lauslæti íslenskra kvenna

¹⁰⁷ Sjá Hann Guðm. Friðjónsson í dómarasætinu. *Kvennablaðið*, 28. feb. 1907, s.3.

¹⁰⁸ Ingibjörg Ólafsson: *Nokkur orð um siðferðisástandið á Íslandi*, Reykjavík 1912, s. 36. (Skáletrun mín)

¹⁰⁹ Sjá Þórdís Bachmann: *Kynlíf 20.aldarinnar 1900-1930*, Bleikt og blátt des. 2001, s. 26-29 og a.m.k. tíu ævisögur, auk rúmlega 20 frumheimildir, sem aðallega eru bréf Viktoríu, sjá t.d. Benson, A.C. og Esher greifi. *Ritstj. The Letters of Queen Victoria: A Selection of Her Majesty's Correspondence Between the Years 1837 and 1861*, London: John Murray, 1907.

¹¹⁰ Sjá *Morgunblaðið* 30. sept. 1921, Bæjarlífið Höfnin, forsíða.

¹¹¹ *Morgunblaðið* 22. febrúar 1934.

¹¹² Margaret Mead: *Sex and Temperament in Three Primitive Societies*, New York, William Morrow and Company 1935, HarperCollins 2001

undanfarna öld sem fórnfýsi og hollustu við þá kennisetningu að viðhalda kynstofninum; eins konar verklegt *Íslandi allt*.

Lauslætisumræðan náði þó líklega hæstum hæðum árið 1940.¹¹³ „Strax á fyrsta degi hernámsins höfðu menn á því orð að sumar stúlkurnar í Reykjavík kynnu vart fótum sínum forráð. Ritað var: „Ekki hafði hið breska herlið verið fyrsta daginn til kvölds hér í bænum, án þess augljóst væri að risið hefði vandamál, sem full vansæmd er að fyrir Reykjavík. Og það er framferði götudurósanna. Svo freklega sneru þær sér að þessum aðkomumönnum að bæði dátunum og bæjarbúum ofbauð.“¹¹⁴ Óánægja með framferði ungra stúlkna í höfuðstaðnum magnaðist næstu mánuði og ár. Þískrað var um stúlkurnar og þær stimplaðar lauslætisdrósir af minnsta tilefni. Sumarið og haustið 1941 náði umræðan um samband innlendra kvenna og útlendra hermanna nýjum hæðum. Þá ritaði landlæknir, Vilmundur Jónsson, dómsmálaráðuneytinu tvö harðorð embættisbréf um málið. Að áliti landlæknis kæmi lausungin lítt á óvart og væri það „sök fyrir sig að hér er nú vitað um kvenfólk í tuga tali á allra lægsta þrepi skækjulifnaðar.“ Landlæknir taldi ástandið reyndar ekkert segja nema sannleikann um það hve veikt íslenskt kvenfólk væri á svellinu. Í Reykjavík virtist ekki vera það almenningsálit fyrir hendi sem nokkurs mætti vænta af. Hann taldi þó sjálfsagt að lögreglunni væri gert kleift að nota lagaheimildir „um íhlutun um framferði þeirra kvenna, sem hafa beinlínis skækjulifnað að atvinnu. Þætti mér ráðlegast að lögreglan safnaði saman þeim tugum þess háttar vændiskvenna, sem henni er kunnugt um, flytti þær á vinnuhæli á afskekktum stað og léti þær búa þar við holla vinnu, gott atlæti og heilbrigðan aga.“ Um ósjálfráða stúlkubörn sagði landlæknir gegna öðru máli. Ef lögreglan hefði rétt fyrir sér væri framferði stúlkna þannig að Reykjavík mætti heita ein *uppeldisstöð fyrir skækjur*, stórum líklegri til áhrifa á framtíðarkonur höfuðstaðarins en allar kirkjur og skólar samanlagðir. „Ef slíkt fær að viðgangast til lengdar,“ ritaði hann, „sé ég ekki betur en að því stefni að Ísland verði þá aðallega vændiskvennabúr fyrir þau stórveldi, sem hingað telja sig eiga erindi.“¹¹⁵

Undir aldamótin 2000 höfðu, eins og áður sagði, ímyndasmiðir tekið til við að matreiða lauslátar ljóskur fyrir erlenda ferðamenn. Fagnaðarlæti þeirra voru því mikil þegar íslenskar flugfreyjur voru sýndar í *Sopranos*-þáttum, í hlutverkum fallegra,

¹¹³ Fram að næstu málsgrein er haft eftir: Eggert Þór Bernharðsson: „Ástandskonur“ og aðrar konur í Reykjavík í seinna stríði, í *Sagnir* 17, 1996, s. 12-23.

¹¹⁴ „Úr daglega lífinu.“ *Morgunblaðið* 12. maí 1940, s. 6.

¹¹⁵ Vilmundur Jónsson: „Um saurlifnað í Reykjavík og stúlkubörn á glapstígum.“ Heilbrigðisskýrslur 1940. Reykjavík 1943, s. 200.

partýglaðra og lauslátra kvenna, á hótélherbergi Tonys og féлага. „Hvaðan eruð þið, stelpur?“ spyr Tony og flírar. „Frá Rrrreykjavík“ segir ein ljóskan, með Bjarkar-hreim.¹¹⁶ Síðar í þættinum má sjá klipp af alsælum, nöktum mafíósum með flugfreyjuhatta og blúnduundirföt á hausnum. Í hinum þættinum gaf að líta Tony og eina ljóskuna, iðandi á beðinum. Fyrsta setning í því myndskaiði var: „Iceland is a volcano“ áður en þau drifu sig í spjarirnar. Vafalítið ómetanleg „landkynning“ en landkynning var á þessum árum lausnarorðið: allt sem vekti athygli á sérstöðu Íslands hlyti að vera af hinu góða. Staðfesting útlendinga á fegurð íslenskra kvenna fór að skipta máli sem þáttur í íslensku þjóðarstolti. Nú er þekkt, að ímyndarsmið lýtur ekki takmörkunum annars veruleika en þess sem hægt er að fá fólk til að trúna og ekki frétt næmt í sjálfu sér að ímyndarsmiðir fái við tilbúinn veruleika. Hið eftirtektarverða er, að flestir sátu þegjandi hjá og horfðu upp á heila kvenþjóð atáða gjálífisstimpli, svo selja mætti flugmiða. Vissulega bentu þó nokkrir á ósvinnuna. Karl Sigurbjörnsson biskup sagði í hátíðarmessu í Hallgrímskirkju á páskadag 2001, í tilefni þúsund ára afmælis kristnitöku: „Myrkur siðleysis birtist í hlutadýrkun og neyslufári, lífsflóttu og mannfyrirlitningu. Hvaða sögu segja klámbúllur og meðfylgjandi kvenfyrirlitning og niðurlægning, skemmtanasukk og skrílmennskan sem hér veður uppi, um þjóðarsál okkar, menningu og siðferðisstyrk?“¹¹⁷

Farið var fram á að Kæruneftnd jafnréttismála tæki afstöðu til þess hvort auglýsinga- og kynningarefni flugfélagsins teldust öðru kyninu til minnkunar eða lítilsvirðingar og hvort efnið bryti í bága við ákvæði laga um jafna stöðu og rétt kvenna og karla. Taldi kærandi auglýsingarnar „Fancy a dirty weekend in Iceland?“ „One Night Stand in Reykjavík“ og „Free Dip Every Trip“ gefa í skyn að íslenskar konur væru lauslátar og auðfengnar í kynlíf. Umrætt flugfélag benti í málsvörn sinni á, að auglýsingaherferðin styddist við slagorð og tengingar sem breskur almenningur kannaðist við og setti í ákveðið samhengi, fyrir utan kímni, eða breskan hómor, sem ekki væri á allra færi að skilja. Kæruneftnd jafnréttismála ályktaði að það væri ekki hlutverk hennar að taka afstöðu til þess hvort auglýsingar sem birtust erlendis og væri beint að erlendum mörkuðum, teldust í samræmi við íslensk lög og slapp fyrir horn, vegna „landfræðilegrar afmörkunar íslenskra jafnréttislaga.“¹¹⁸

¹¹⁶ *The Sopranos*: „For All Debts Public and Private“, fyrsti þáttur, fjórða þáttaröð 2002-2003. „Where are you babes from?“

¹¹⁷ Skilar miklu þegar fram í sækir, *Morgunblaðið*, 18. apríl 2001.

¹¹⁸ <http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala/nr/1529>

3.1 Staðalmyndir, staðarímyndir og smán

Meira þarf þó til en ferðapjónustufyrirtæki við mótun staðarímyndar á borð við þá sem Reykjavík fékk á sig sem „Bangkok Norðursins.“ Hver borg og staður mótast af orðræðunni sem um hana leikur, orðræðu sem samanstendur af frásögnum úr bókmenntum, kvikmyndum, dagblöðum og ljósmyndum af mannlífi og menningu. Í raun geta ólíkar frásagnir ríkt um einn og sama stað og miðast lífslengd þeirra aðallega við það hvernig þeim er viðhaldið.¹¹⁹ Hugtakið ímynd er ef til vill best skýrt með samheitum þess og skyldum hugtökum: Ríkjandi viðhorf, staðalmyndir, fordómar og frasar. Hugtakið er því gildishlaðið, *ímynd* birtir afstöðu, jákvæða eða neikvæða. Sjálfsmynd Íslendinga liggur að stórum hluta í því að vera söguþjóðin með sinn *hreina* kynstofn, hreina tungumál, hreina loft og hreinu náttúru. Orðræðan um Reykjavík sem lastabæli öðlaðist hins vegar sjálfstætt líf vegna þess að stöðugt var verið að hafa hana eftir og staðfesta, af útlendingum, en ekki síður okkur sjálfum, sem gengumst upp í henni. Fróðlegt væri að vita hvort tengja megi drósarímyndina við sjálfsmyndarmótun ungra íslenskra kvenna. Þótt í drósarfrásögnum sé fjallað um staðalmyndir og fólk falli sjaldnast fyllilega að þeirri staðalmynd sem það er flokkað undir, heldur Thomas H. Eriksen því fram að sjálfsmynd fólks helgist einnig af því hvernig aðrir koma fram við það.¹²⁰ Ef við lítum svo á, að sjálfsmynd spretti einnig upp úr samansafnaðri reynslu, sögu og gildum, þá er drósarímyndin þó ekki sköpuð af íslenskum konum nema að afar takmörkuðu leyti – fósturlandsins freyjur eru þolendur þeirrar ímyndar, ekki gerendur.

Kristín Loftsdóttir fjallar um sköpun staðalmyndar og hvernig henni er viðhaldið, í grein sinni Líkamar framandi kvenna. Með ímyndarsköpun er hegðun einstaklinga stýrt; ekki með beinni valdbeitingu heldur flóknu kerfi viðmiða sem sett eru í samhengi við þau viðmið sem fjölmiðlar setja fram um hvað þykir eðlilegt. Sýn á land og þjóð, matreidd fyrir erlenda ferðamenn, verður þannig sú sýn sem þjóðin hefur á sjálfa sig.¹²¹ Vald áhorfandans felst þó í því að smám saman fer sá sem glápt er á að laga sig að væntingum hans - viðfangið fer að setja vissa hegðun á svið. Í gegnum slíka samræðu renna ákveðnir þættir ímyndarinnar inn í sjálfsvitund viðfangsins og móta hugmyndir þess um hvað það er.¹²² Með öðrum orðum, er búin til ímynd sem ákveðinn söluvarningur. Viðfangið veit að ímyndin er ekki fyllilega sönn, en svo kemur að því að það fer að trúa ímyndinni,

¹¹⁹ Peter Stadius: Southern Perspectives on the North: Legends, Stereotypes, Images and Models, BaltSeaNet Working Paper 3, Gdansk/Berlin, 2001.

¹²⁰ Thomas H. Eriksen: *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives* London, Pluto Press, 2002.

¹²¹ Kristín Loftsdóttir: Líkamar Framandi Kvenna. Í Irma Erlingsdóttir. Ritstj. *Fléttur II: Kynjafræði - Kortlagningar*, 2004, s. 363-381.

¹²² Íris Ellenberger: Markaðsvæðing sjálfsmyndarinnar, á www.kistan.is, 15. júní 2010.

jafnvel haga sér samkvæmt henni. Þjóðarímynd Íslendinga er þannig að hluta framsetning stjórnvalda, sem skapa og setja fram sameiginleg einkenni þjóðarinnar og að hluta aðlögun að þeim væntingum sem skapaðar voru hjá tilvonandi „Íslandsvinum.“

Landkyrning Íslands, sem og annarra landa, snýst um að selja vissa ímynd eða vöru, jafnframt því að fá ferðamenn til að sjá landið sem ákjósanlegan áfangastað. Þó virtust ráðamenn enga ástæðu sjá til þess að stöðva mennskuna. Í ritgerð um íslensku feegurðargoðsögnina, hugaði Þorgerður Þorvaldsdóttir að hlutgervingu kvenna í „náttúrulegri“ ímynd landsins.¹²³ Þar taldi Þorgerður undantekningu að ferðaþjónustan gerði út á íslenskar konur sem lauslátar kynlífsgyðjur, en minnti á, að framsetning á ímynd lands og þjóðar yrði að vera ígrunduð; ekki mætti blindast af sölusjónarmiðum.¹²⁴ Vafalítið lágu sölusjónarmið að baki „mansali“ flugfélagsins; einnig mætti ímynda sér að auglýsingastjórinn hefði í Kennedy-stíl spurt sig: Hvað geta þær gert fyrir land sitt?¹²⁵

Viðbrögð við dönsku myndbandi, sem sett var á YouTube haustið 2009, létu hins vegar ekki á sér standa í Danmörku. Í myndbandinu auglýsir einstæð móðir eftir barnsföður sínum, en barnið hafði orðið til eftir „one night stand“ þar sem hin snotra ljóska hafði tekið að sér að útskýra í verki danska hugtakið „hygge“ fyrir ferðalangum sem hún hittir af tilviljun í Nýhöfn. Þegar hún vaknar um morguninn er hann farinn og hún man hvorki nafn hans né þjóðerni. Í Danmörku varð uppi fótur og fit, þegar í ljós kom að „móðirin“ væri leikkona og að ferðamálaráðið VisitDenmark og framkvæmdastjóri þess, Dorte Kiilerich, stæðu að baki myndbandinu, sem var ætlað að vekja athygli ferðamanna á Danmörku sem skemmtilegum áfangastað. Talsmaður sósíaldemókrata Olav Hav, sagði „forkastanlegt“ að selja Danmörku út á ljóskur sem auðvelt væri að fá í rúmið. Kiilerich var gagnrýnd af fagaðilum og ráðherrum og umsvifalaust kölluð á teppið af fjölmiðlum. Í dagblaðinu *Politiken* var Kiilerich spurð: „Hvers vegna velurðu að markaðssetja Danmörku sem land drukkinna kvenna, sem stunda verjulaust kynlíf með tilfallandi ferðamönnum?“ Kiilerich vildi í svari sínu ekki kannast við þá túlkun. Hún kvaðst hafa sagt „sæta“ sögu af þroskaðri konu sem byggir í frjálsum samfélagi og tæki afleiðingum gjörða sinna. Og notaði sér þar að auki nútíma félagslegan miðil, á við

¹²³ Þorgerður Þorvaldsdóttir: *The Amazing Beauty of Icelandic Women, nationalism, purity and the American gaze*, MA-ritgerð, The New School for Social Research, NYC, 1998.

¹²⁴ Viðtal við Þorgerði: Fjallkonan íðilfríð og fól, *Morgunblaðið Daglegt líf* (blaðauki), 12. júní 1998.

¹²⁵ Innsetningarræða John F. Kennedy, 20. janúar 1961. „Ask not what your country can do for you - ask what you can do for your country.“

YouTube.¹²⁶ Kiilerich varði auglýsingaherferð sína næstu dagana, en allt kom fyrir ekki, tveimur vikum síðar var henni sagt upp af stjórn VisitDenmark.¹²⁷

Eftir Íslandsheimsókn Quentins Tarantino um áramótin 2005, birti *The Reykjavík Grapevine* afrit af viðtali hans við Conan O'Brien í samtalsþættinum *Late Night*:

Quentin: Ég fór til Íslands til að halda upp á áramótin. Og *man, oh man*, ég get varla hugsað mér áramót annars staðar eftir það. Af því, í fyrsta lagi drekka Íslendingar alltaf eins og brjálæðingar, en þeir missa vitið um áramót, sérstaklega konurnar missa vitið og drekka eins og brjálæðingar og við vorum á stað fullum af drukknnum stelpum og ein stelpa segir þú veist, [ýktur kvenhreifur] „Ó *man*, þessar íslensku konur eru svo pínlegar, fara alltaf út og drekka alltaf allt of mikið og gera sig að algerum fíflum.“ Um leið og hún lýkur orðinu, gengur drukkin stelpa hjá og tekur *face plant* – BAM! – beint fyrir framan okkur.

Conan: *Svo kvenfólkið er dettandi og kvenfólkið* –

Quentin: Nei, þetta er sjónarhorn kvenmanns, skilurðu? Sjónarhorn erlends karlmanns er, hér er ég á stað fullum af dauðadrukknnum ofurfyrirsætum uppi á borðum [stendur upp og skekur hnefann], æpandi: „*Let's get the party started!*“

Conan: *En kvenfólkið þarna, mér er sagt að kvenfólkið þarna* –

Quentin: Ofurfyrirsætur að vinna í McDonalds! Þannig er nú það, og þær eru drukknar, og ekki nóg með það, í Ameríku, þú veist –

Conan: *Ég skil ekki í því að ferðamálaráðið þeirra fái þig ekki í ferðamálaauglýsingu.* „*Það eru ofurfyrirsætur hvarvetna og þær vinna í McDonalds og þær eru allar sauðdrukknar!*“ [rússneskur hreifur] „*Come to Iceland.*“

Quentin: *Come to Iceland!* Í boði Ferðamálaráðs Íslands. En þú veist, í Ameríku snýst þetta um að fylla stelpurnar nóg til að þær komi með þér heim? Á Íslandi ferðu með þær heim *áður* en þær verða svo drukknar að þær drepast inni á baði hjá þér eða fara að æla yfir þig allan. Það er trixið.¹²⁸

¹²⁶ <http://politiken.dk/indland/ECE787965/visitdenmark-karen-er-soed-og-vaerdig/>, 13. 9. 2009. „Hvorfor vælger I, at markedsføre Danmark som et land med fulde kvinder, der har ubeskyttet sex med tilfældige turister?“

¹²⁷ http://www.bureaubiz.dk/content/dk/nyheder/artikler/2009/uge_39/hovederne_ruller_i_visitdenmark

¹²⁸ <http://www.grapevine.is/Home/ReadArticle/Quentin-Tarantino-You-Should-Work-for-the-Icelandic-Tourist-Board>. Quentin: I went to Iceland to celebrate New Year's. And man, oh man, I almost can't imagine New Year's anywhere else after that. Because like one: Icelanders, they drink like crazy any old way, but on New Year's, they lose their minds, particularly the women lose their minds and drink like crazy and we were in this club with all these drunken girls, and this one girl was like, [Morticia Addams accent] „Oh man, I'm so embarrassed about Icelandic women, they always go out, and they always drink way too much, and make complete fools of themselves.“ The moment after she said that, a drunken girl walks by and does a face plant – BAM! – right in front of us. /Conan: So women are falling, and the women – /Quentin: No, but that's the female perspective, alright? The non-Icelandic male perspective is, I'm in a room full of supermodels who are drunk out of their mind standing up on a table [stands up, begins to pump fist], „Let's get the party started!“ /Conan: But the women there, I'm told that the women there – /Quentin: Supermodels working in McDonalds! That's what you got there, and they're drunk, and not only that, you know, in America – /Conan: I'm surprised they don't get you to do their tourist board commercial. „There's supermodels everywhere and they're at McDonalds and they're all drunk!“ [Boris Badinov accent] „Come to Iceland.“ /Quentin: Come to Iceland! Brought to you by the Icelandic Tourist Board. But you know, normally in America, the idea is to get the girls drunk enough to go home with you? In Iceland, you get the girls home before they get so drunk that they're passing out in your bathroom, or vomiting all over you. That's the trick.

Viðbrögð landans við viðtalinu voru athyglisverð: Íslenskir karlmenn sögðu á bloggsíðum: Er þetta ekki bara allt satt?¹²⁹ Íslenskar stúlkur fylltust þjóðernisstolti og töldu Tarantino hafa talað fallega um íslenskar konur – hann teldi okkur jú allar sem eina „ofurfyrirsætur.“ Í þætti Oprah Winfrey sama ár, þar sem íslenskar konur voru viðmælendur hennar, var myndin sem þær gáfu, af agalausri þjóð á fyllirí og laglegum, lauslátum konum, sem stökkva upp í hjá hvaða karlmanni sem er, hvenær sem er.¹³⁰ Því að fjallað væri um Ísland sem land „drukkinna kvenna, sem stunda kynlíf með tilfallandi ferðamönnum,“ var þó hafnað af hneyksluðum kvenlesendum í aðsendum greinum og á bloggsíðum.¹³¹

Algengt er að nýlenduþjóðir, bæði þær sem eru það og voru, virðast uppteknari af sögu sinni og menningarfi en aðrar þjóðir, sem gæti helgast af því að sífellt er verið að undirstrika sjálfstæði sitt með því að móta, skapa og styrkja þjóðarsjálfsmyndina. Sjálfsmyndarpólitík var eitt aðalhreyfiafl 20. aldarinnar og á Íslandi snerist sjálfsmyndin umfram allt um þjóðernið. Laurajane Smith bendir í þessu samhengi á, að sjálfsmynd hóps sé hugmyndafræðilegt tól er yfirvöld nýti sér við stjórnun hans.¹³² Smith telur einnig, að hugmyndir okkar um og skilningur á hvað sé menningararfur séu ávallt nátengdar valdinu, í þeim skilningi þess orðs sem Foucault hefur kennt. Ríkjandi hugmyndir, sem Smith nefnir „viðurkennda orðræðu“ séu til þess fallnar að þjóna valdinu og koma í veg fyrir að annars konar hugmyndir um þá sögu sem tengist menningararfi viðkomandi lands fái að njóta sín. Smith lítur ekki á menningararf sem frysta og dauðhreinsaða fortíð, sem búið er að njörva niður að eilífu; heldur sem „menningarlegt ferli“ - eitthvað lifandi, þar sem arfurinn felist í flutningi eða lifandi og skapandi geymd.¹³³ Regina Bendix telur ráðandi öfl hafa mest um það að segja hvað endi í menningararfspottinum og verði þar með *opinber* útgáfa af sögu tiltekinna hópa eða þjóða.¹³⁴ Nokkuð ljóst virðist, að auk eðlislægra yfirburða kynstofnsins alls, eru meint feður og lauslæti íslenskra kvenna orðin hluti af opinberri ímynd landsins.

¹²⁹ Sjá m.a. www.malefnin.com: *blackbird* 7. January, 2006, 4:35

„Það er eins og íslenskar stúlkur missi sig alveg og geti ekki höndlað að fá athygli frá útlendingum. En er það kúl að vera blindfull, spólgröð „easy“ stelpa. Kannski var „fancy a dirty weekend“ auglýsing flugleiða hér um árið á öflugum rökum reyst. After all við erum nýskriðin úr torfbæjunum.“

¹³⁰ Svanhildur Hólm og Þórunn Lárusdóttir ræddu við Oprah Winfrey í þættinum.

¹³¹ Sjá m.a. Íslandskynning hjá Oprah: Ljóskur og lauslæti, *Morgunblaðið* 3. maí, 2005 - Aðsent efni

¹³² Laurajane Smith: *Uses of Heritage*, Routledge, London 2006, 8. kafli.

¹³³ Laurajane Smith: *Uses of Heritage*, Routledge, London 2006, s. 29-31. „Authorized heritage discourse.“

¹³⁴ Regina Bendix: „Heredity, Hybridity and Heritage from One Fin de Siècle to the Next.“ *Folklore, Heritage Politics and Ethnic Diversity. A Festschrift for Barbro Klein*. The Multicultural Centre, Botkyrka, 2000.

3.2 Ímyndarskýrsla forsætisráðuneytisins

Undanfarinn áratug hefur töluverðu púðri verið eytt í að verja ríkjandi hugsanamynstur á landinu. Eins og áður sagði, snýst menningarlegt forræði um afstöðu sem er almennt samþykkt, eða ákveðnar tilhneigingar sem eru ríkjandi. Handhafar menningarlegs forræðis virðast eiga erfitt með að viðurkenna að nú gerir það illt verra að viðhalda falskri sýn á samfélagið; svo mjög er reynsluheimur „venjulegs fólks“ breyttur frá því sem áður var.¹³⁵ Skýrsla forsætisráðuneytis *Ímynd Íslands: Styrkur, staða og stefna* frá 2008 er afurð þess menningarlega forræðis sem mótaði orðræðuna undanfarinn áratug. Ímyndarskýrslan er fróðleg lesning, en einnig útbólgin af upphöfnum tengingum á milli náttúruaflanna og stórkostlegra eiginleika íslenska kynstofnsins.¹³⁶ Margt í skýrslunni bendir til að frjálsglega hafi verið farið með staðreyndir um land og þjóð, til dæmis er tenging fólks við náttúru stórlega ýkt. Á hinn bóginn er skýrslan kjörin samantekt um hvernig sótt var í smiðju menningararfsins eftir nothæfri ímynd til að selja okkur út á. Tilgangur hennar virðist ekki vera að setja fram staðreyndir heldur að *skapa* ímynd þjóðarinnar. Ferlið virðist eiga að vera: Hlustum eftir því sem útlendingar vilja og mótum okkur síðan eftir því. Við tekur ímyndarsköpun; síðan er rætt á hverju salan á hugmyndinni Ísland eigi að byggja. Lestur skýrslunnar vakti þá spurningu hvort þar væri byrjað á öfugum enda. Hvað sem öllum „rýnihópum“ líður, ætti ekki ímyndin að vera það sem unnið er með, þegar búið er að taka umræðuna um hver þjóðin er og hver hún vill vera?

Ímyndarskýrslan getur náttúrunnar sem drifkrafts allrar sköpunar. Hún skýri árangur Íslendinga á svo að segja öllum sviðum samfélagsins, auk þess að eiga heiður af (og bera þannig ábyrgð á) allri hegðun Íslendinga; aðdáunarverðri, góðri, krúttlegri og slæmri.¹³⁷ Ímyndarskýrslan telur mikilvægt „að tryggja að Ísland verði áfram „best í heimi“ – land sem býður þjóð sinni mestu lífsgæði sem völ er á.“¹³⁸ Lykilatriði í því að laða fram „mestu lífsgæði“ sem völ er á er sagt „sterk, jákvæð ímynd.“¹³⁹ Mjög margir urðu til þess að gagnrýna skýrsluna, til dæmis Sagnfræðingafélag Íslands, sem í bréfi til forsætisráðherra mótmælti þeirri söguskoðun sem birtist í skýrslunni, lýsti hana úrelta og „á skjön við sagnfræðirannsóknir síðustu 30-35 ára.“¹⁴⁰ Af aðferðafræði skýrslunnar sást að ekki var leitast við að tryggja

¹³⁵ Sjá: „Það hefur orðið mikill eignabruni, ekki samt hjá *venjulegu fólki*.“ Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra á flokksráðsfundi VG í Reykjavík, 20. maí 2011.

¹³⁶ *Ímynd Íslands - Styrkur, staða og stefna*, Reykjavík, Forsætisráðuneytið, mars 2008

¹³⁷ *Ímynd Íslands - Styrkur, staða og stefna*, s. 5.

¹³⁸ *Ímynd Íslands - Styrkur, staða og stefna*, s. 4.

¹³⁹ *Ímynd Íslands - Styrkur, staða og stefna*, s. 5.

¹⁴⁰ Ímynd Íslands - bréf til forsætisráðherra. 12. júní 2008. Sagnfræðingafélag Íslands. www.sagnfraedifelag.net

sögulegan trúverðugleika þeirra kjörorða sem fram voru sett. Söluvænlegar niðurstöður voru í fyrirrúmi. Nefndin sem vann að skýrslunni var aðallega skipuð svonefndum hagsmunaaðilum, sem eiga hagsmuna að gæta í viðskiptalífínu. Skýrslan var því málagn markaðsaflanna, hún snerist um að selja og markaðssetja, í stað þess að vera það sem hún sagðist vera; tillaga um styrkingu á ímynd þjóðar og menningar. Ímyndarsköpunin réðist (og ræðst) því af þeim sem fara með menningarlegt forræði eða eiga „hagsmuna“ að gæta, ekki af því hvernig íslenska þjóðin myndi vilja láta túlka sig út á við.

3.3 Skipan orðræðunnar, orðræðubúnt og sannleiksveldi

Margir fræðimenn hafa velt valdi og samskiptum fyrir sér, þar á meðal Michel Foucault, sem segir vald og sannleika óaðskiljanleg: Vald sé nauðsynlegt til að framleiða sannleika. Í augum Foucault hafa öll samfélög einskonar „sannleiksveldi“ (e. regime of truth), sinn „ráðandi sannleika“ á hverjum tíma, sem merkir hvers konar orðræður samfélagið samþykkir. Foucault segir þrjár ytri aðferðir stjórna orðræðunni, sem segi fyrir um hvað sé leyfilegt (satt) innan samfélagsins. Fyrsta aðferðin er bannið og önnur aðferðin er markalína og útskúfun. Geri einhver eitthvað óleyfilegt eða bannað, fer sá hinn sami yfir markalínuna og á útskúfun á hættu. Þriðja aðferðin tengist því að félagsleg staða fólks markar hvort og með hvaða hætti það tekur þátt í samningum um vald og stjórnun á skilgreiningu veruleikans.¹⁴¹ Foucault telur eitt lykilatriðið við stjórnun orðræðu ganga út á „fjöldatakmörkun mælendanna“ sem merkir að valdhafar „ákvarða skilyrðin fyrir því að mega hefja [orðræður] og [...] leyfa þannig ekki öllum að hafa aðgang að þeim. [E]nginn gengur í reglu orðræðunnar nema hann fullnægi vissum kröfum eða sé frá öndverðu hæfur til þess.“¹⁴² Kröfurnar geta til dæmis verið út frá „félagslegri tileinkun orðræðunnar“ á við hæfnismat út frá menntun. Þannig myndast tengsl milli þekkingar og valds, sem birtast meðal annars í *jöðrun* á röddum þeirra sem ekki eiga aðild að orðræðunni og í gegnum ritskoðun eða þöggun, en þá hljómar rödd þeirra ekki á eigin forsendum eða hljómar alls ekki. Á Íslandi hefur löngum nægt að beita slíkri þöggun með því að afgreiða þann sem ekki hugnast valdhöfum hverju sinni sem atvinnunöldrara sem ekkert mark sé takandi á. Dugi það ekki til, er viðkomandi jarðaður (ekki *jaðraður*) með því að komið er af stað orðrómi um að hann sé tæpur á geði. Þar er öðrun beitt sem vopni – sá sem hrópar að keisarinn sé

¹⁴¹ Michel Foucault: Skipan orðræðunnar. Þýð. Gunnar Harðarson, í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Ritsstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir, Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 1991, s. 191-226.

¹⁴² Sama heimild, s. 206.

nakinn fær á sig ímynd „hins.“ Laurajane Smith segir ríkjandi orðræðu¹⁴³ þröngva sínum gildum yfir á allt og alla sem að máli koma og útiloka gildi þeirra hópa sem ekki falla að sömu gildum og viðmiðum.¹⁴⁴

Í nýútkominni bók sinni *Íslensk menningarpólitik*, hefur Bjarki Valtýsson eftir Foucault, að úr þáttunum orðræða, vald og þekking, megi mynda *orðræðubúnt* (e. discursive formation) sem tengja ákveðnar orðræður, en *orðræðubúnt* eru hugtaka- og orðræðurammi, sem leyfir ákveðna tegund hugsunar og samfélagssýn og útilokar aðrar.¹⁴⁵ Orðræðubúnt hafa ákveðið alræði, því það er vandasamt að hugsa utan þeirra á nokkru sviði þekkingar. Foucault bendir á að *sannleiksveldi* ákvarði síðan hvað sé „eðlilegt“ að taka til umfjöllunar og hvernig sé „eðlilegt“ að fjalla um ýmis samfélagsleg málefni. Slíkt veldi hefur vitaskuld mikil áhrif á hvernig fólk upplifir og ræði skynjanlegt umhverfi sitt og mótast skoðanir á „eðlilegum“ málaflokkum á borð við bankakerfi, heilsugæslu og skóla.¹⁴⁶ Um leið og orðræðan setur mörk og veitir einum völd, útilokar hún aðra. Matthías Viðar Sæmundsson orðaði þetta svo, af allt öðru tilefni:

Máttarstólpar samfélagsins sameinuðust gegn einstaklingi sem rofið hafði markalínu hins sanna og ósanna, einstaklingi sem tók hafði á orðræðu er bjó yfir stórkostlegu aflí. Hið opinbera vald átti tilverugrundvöll sinn undir því kominn að það væri staðfest án afláts í orðræðum manna; fólk varð að fella langanir sínar og þekkingarvilja að sannleika þess, eða þegja ella.¹⁴⁷

Foucault bendir ítrekað á að þeir sem ráði orðræðunni ráði einnig viðteknum hugmyndum og gildum um hvað sé talið rétt, rangt og „eðlilegt.“ Kristín Loftsdóttir mannfræðiprófessor hafði orð á því í erindi um útrásina, að hve miklu leyti útrásin gekk út á að skapa viðmið, útrásin átti að verða hin „eðlilega“ leið:

Útrásin fól þannig í sér loforð um taktfastan hljóð framfara sem er eins og klukka sem tifar áfram en fer í raun og veru hring eftir hring í kringum sjálfa sig. Útrásin hafði hugmyndafræðilegt forræði, svo ég nýti mér orðfæri Antonio Gramsci; vald hennar lá í því að verða að heilbrigðri skynsemi (*common sense*), sem erfitt var að efast um eða skoða á gagnrýninn hátt. Í útfærslu Corrigan og Sayer á hugmyndum Gramsci er lögð áhersla á að vald ríkisins felist ekki eingöngu í samþykki þegnanna á valdi þess heldur ekki síður í því hvernig ríkið

¹⁴³ Eins og fram kemur hér að framan, ræðir Smith aðallega ríkjandi orðræðu *menningararfs*.

¹⁴⁴ Laurajane Smith: *Uses of Heritage*, Routledge, 2006, s. 11-43 og s. 276-298.

¹⁴⁵ Bjarki Valtýsson: *Íslensk menningarpólitik*, Reykjavík, Nýhil, 2011, s. 42.

¹⁴⁶ Bjarki Valtýsson: *Íslensk menningarpólitik*, Reykjavík, Nýhil, 2011, s. 39. Lauslega umorðað af ÞB.

¹⁴⁷ Matthías Viðar Sæmundsson: „Íslands er þjóð, öll sökkt í blóð.“ *Skirnir* 164. árg. Haust 1990, s. 327-361.

skapar ákveðna sjálfsverur og sjálfsmyndir í daglegum athöfnum og stofnunum og gerir þannig ákveðnar orðræður mögulegar á meðan það útilokar aðrar.¹⁴⁸

Ímyndarskýrslan seldi vöruna með útrásarslagorðum á við „best í heimi“ og staðhæfingum upphöfnum sem algildum sannleik um sjálfsmynd Íslendinga: „Óbeisluð náttúruöflin eiga sér hliðstæðu í agaleysi og oft og tíðum djarfri og óútreiknanlegri hegðun Íslendinga. En þessa eiginleika ber ekki að hræðast því þeir hafa gegnt veigamiklu hlutverki í lífsbaráttu þjóðarinnar. Þeim ber að fagna og þá ber að nýta.“¹⁴⁹ Hugsanlega hefur þessi sama hugmynd ríkt í markaðssetningu á (meintu) lauslæti íslenskra kvenna – að það bæri „að nýta.“

Árið 2008 var ætlun stjórn mála- og markaðsmanna að skapa Íslandi ímynd á erlendum vettvangi sem gæfi *sanna* mynd af landi og þjóð. Að mati skýrsluhöfunda þyrfti „árangursrík ímyndaruppbygging að byggjast á einkennum lands og þjóðar sem væru „ekta“ og ættu sér djúpar rætur.“ Þjóðfræðingurinn Bryndís Björgvinsdóttir birti grein um skýrsluna í *Lesbók Morgunblaðsins* og sagði þar meðal annars: „Með því að hafa orðið *ekta* innan gæsalappa er verkinu öllu valin tóntegund: Ekta, og þó varla. Með hjálp þessara heppilegu gæsalappa getur skýrslan leyft sér að komast að allskonar „ekta“ niðurstöðum: „Kjarninn í ímynd Íslands er kraftur, friður og frelsi.“ Það eru þau „lykilorð sem talið er farsælt að byggja á *jákvæða* og *sanna* mynd af landi og þjóð.“¹⁵⁰ Bryndís heldur áfram: „Með óþægilegri nákvæmni vísar slagorðið sem skýrslugerðarmenn leggja til – *kraftur*, *friður* og *frelsi* – til slagorðs alræðisríkisins í skáldsögunni *1984* eftir George Orwell: „Stríð er friður; frelsi er áþján; fáfræði er styrkur.“ Hvers vegna er ekki minnst á í 90 blaðsíðna skýrslu um land og þjóð að við erum í stríði? Skýrslan fullyrðir skammarlaust að Ísland sé „öflugur málsvari friðar á alþjóðavettvangi“ og að Íslendingar vinni að því að „skapa öðru fólki í heiminum friðsamlegri og öruggari tilveru.“ Bryndís bendir sérstaklega á tillöguna um *Friðarbúðir* sem átti að skerpa friðarímyndina út á við: „Börnum frá átakasvæðum yrði boðið til Íslands í eina viku og send aftur til átakasvæðanna sem „friðarsendiherar“ frá Íslandi.“ Bryndís segir: „Þessi hugmynd þykir skýrsluhöfundum góð, því: „Hér er talið að hægt sé að nýta heimspressuna til

¹⁴⁸ Kristín Loftsdóttir: Ímynd, ímyndun og útrásin. Vegvísir fyrir rannsóknir á útrás og kreppu. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010. *Þjóðarspegillinn* 2010. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

¹⁴⁹ *Ímynd Íslands - Styrkur, staða og stefna*, s. 6. (Skáletrun mín).

¹⁵⁰ Bryndís Björgvinsdóttir: Þegar rétt skal vera „rétt“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 13. september 2008.

uppbyggingar á sterkari og jákvæðari ímynd lands og þjóðar...“ - og nota börn í mannskaðaátökum til þess arna.¹⁵¹

3.4 Vafasamar fullyrðingar

Í skýrslunni gaf að líta vafasamar fullyrðingar um að Ísland væri ómengaðasta land „í heimi“ en þess látið ógetið hvernig álver, stóriðja, bílaeign og olíuhreinsunarstöðvar féllu inn í þá mynd. Skýrslan kallar okkur friðarþjóð, en getur þess ekki að fyrirtækjum tengdum heriðnaði er boðin aðstaða hér. Skýrslan kallar okkur gestrisna og mannréttindaelskandi þjóð, en getur þess ekki að við sendum flóttafólk allt að því í dauðann með lagatæknilegum rökstuðningi. Skýrslan var ennfremur gagnrýnislaus á mýtuna um „eðli“ Íslendinga. Varðandi *ímynd* var vitnað í viðtal við Jón Ásgeir Jóhannesson á forsiðu Viðskiptablaðsins 19. febrúar 2008, sem bar yfirskriftina „Við Íslendingar eigum við meiriháttar *ímyndarvandamál* að stríða.“ Þar segir Jón Ásgeir: „Þegar kemur að ímynd Íslands er það engin spurning að stjórnámálmennt verða að eyða tíma í að kynna land og þjóð erlendis og koma meira fram sjálfir í stað þess að senda aðra fyrir sig. Það þarf að virkja alla til þess, hvort sem það eru sendiráð Íslands eða annað. Þetta er greinilegt vandamál fyrir okkur.“¹⁵²

Stjórnvöld hlýddu kalli kappans og komu fram sem sölumenn fyrir íslensk fyrirtæki. Öflugasti sölumaðurinn var sjálfur forseti lýðveldisins, Ólafur Ragnar Grímsson, sem til skamms tíma var illa þokkaður sem „klappstýra útrásarinnar.“¹⁵³ Hluti af sölufurlinu var nú alræmd ræða Ólafs Ragnars í Walbrook-klúbbnum, þar sem hann mærði Íslendinga fyrir áhættusækni, skort á þolgæði fyrir skrifræði á Íslandi,¹⁵⁴ fyrir nú utan „the Viking spirit.“ Varðandi velgengi Íslendinga á viðskiptasviðinu, tilkynnti forsetinn viðstöddum: „Vitanlega hafa margir þættir stuðlað að velgengi þessa leiðangurs, en ég er sannfærður um að okkar viðskiptamenning, okkar nálgun, okkar hugsunarháttur og okkar hegðunarmynstur, sem er með rætur í okkar hefðum og okkar þjóðarsjálfsmynd, hafa haft afgerandi áhrif.“¹⁵⁵ Þegar forsetinn hélt þennan sama fyrirlestur í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006, má segja

¹⁵¹ Sama heimild.

¹⁵² *Ímynd Íslands - Styrkur, staða og stefna*, neðanmáls, s. 34

¹⁵³ Þórdís Bachmann: Klappstýra útrásarinnar, *Þjóðmál*, vetur 2008.

¹⁵⁴ „Fourth, there is absence of bureaucracy in Iceland and a lack of tolerance for bureaucratic methods. When we encounter [bureaucratic structures], we prefer other means.“

¹⁵⁵ „Of course, many factors have contributed to the success of this voyage, but I am convinced that our business culture, our approach, our way of thinking and our behaviour patterns, rooted in our traditions and national identity, have played a crucial role.“ s. 3. <http://www.forseti.is/media/files/05.05.03.Walbrook.Club.pdf>.

að í fimm kennisetningunum af tíu um eðli Íslendinga hafi Ólafur Ragnar lýst hinum eiginlega hugmyndagrundvelli útrásarinnar – og hrunsins:

Í öðru lagi *áhersla á árangur* frekar en feril ákvarðana, að ganga beint til verks og ljúka því á skömmum tíma, spyrja hvenær frekar en hvernig.

Í þriðja lagi að eiga auðvelt með að taka áhættuna, að þora þegar aðrir hika... Við vitum líka að ætíð er hægt að hverfa aftur heim til Íslands ef illa fer í leiðangrinum og eiga hér hið besta líf því *öryggisnetið* sem *velferðarsamfélagið* veitir okkur tryggir *öllum sama rétt* til menntunar og umönnunar óháð efnahag.

Í fjórða lagi að flækjur skrifræðisbákna hafa aldrei þvælst fyrir okkur Íslendingum; við erum vön að eiga beint við einstaklinga. Kannski hefur smæðin blessunarlega komið í veg fyrir að virkisveggir skrifræðis risu hér; við höfum ekki mannskap til að hlaða þá.

Í fimmta lagi hin ríka áhersla á að treysta hvert öðru, að orðheldni sé mikil dyggð, enda formlegir samningar oft óþarfir í litlu samfélagi. Það gerir fólki kleift að ná árangri hraðar en þeir sem vanist hafa skriflegri og flókinni umgjörð um samstarf... [...]

Í áttunda lagi *arfleifðin*, landnámið og tími *vikinganna*, sem færði okkur fyrirmyndir, hið djúpstæða viðhorf að sá sem heldur á okunnar slóðir verðskuldi heiður, að leggja á hafið og nema lönd færi virðingu og sóma. Athafnamenn okkar tíma eru ærið oft metnir á slíkan kvarða og litið á þá sem *arftaka hefðar sem á sér rætur í upphafi Íslandsbyggðar*.¹⁵⁶

Þótt forsetinn minni í ræðunni á lýðskrumara, kemur hann því til skila að Íslendingar leggi áherslu á árangur en skeyti lítt um aðferðir. Hann lýsir því einnig yfir að fyrirgefningakerfi sé á landsvísu og að menn geti alltaf komið heim aftur „ef illa fer í leiðangrinum.“ Orðin og orðasamböndin öryggisnet, velferðarsamfélag, öllum sama rétt, arfleifðin, víkingar, athafnamenn, arftakar hefðar, og rætur í upphafi Íslandsbyggðar, er í hnotskurn súa orðræða sem ímyndasmiðir íslenska þjóðríkisins nýttu sér það sem af er 21. öldinni. Hvað meint Íslendingseðli varðar, er athyglisvert að hugmyndir forsetans þá, sem og ímyndarskýrslunnar 2008, eru svo að segja orðrétt hafðar eftir fyrstu íslensku ímyndarsmiðunum frá aldamótunum 1900. Frá aldamótunum 2000 var þessari þjóðernishyggju haldið á lofti í stjórn málaorðræðu; á henni hamrað af elítu og henni viðhaldið með áróðri fjölmiðla. Hin og þessi gæði væru mest á Íslandi, aðstæður hér aðrar og betri en í öðrum ríkjum, menntun meiri og haldbetri en meðal annarra vestrænna þjóða og Íslendingar gáfaðri, hamingjusamari og á heimsmælikvarða í flestu. Íslensk spesheit voru ekki meint spesheit, heldur höggvin í klett. Þó var margt í þjóðernisbríma Ólafs Ragnars fremur vandræðalegt og hann sætti gagnrýni fyrir þátttöku sína í útrásinni.

¹⁵⁶ „Útrásin: Uppruni - Einkenni – Framtíðarsýn.“ Fyrirlestur forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006. (Skáletrun mín).

Eftir að forsetinn ákvað að leggja Icesavesamninginn í þjóðaratkvæði, ekki einu sinni heldur tvisvar, hefur hann þó bætt eigin ímynd svo mjög, að jafnvel Hannes Hólmsteinn Gissurarson, prófessor við Háskóla Íslands og fyrrum svarinn fjandmaður hans, mærir forsetann í viðtali við fréttastofuna Bloomberg og segir meðal annars: „[S]íðan áttaði Ólafur sig á því að hann yrði að endurheimta vinsældir meðal þjóðar sinnar og gerði það með því að nota mælskulist sína til að verða besti talsmaður íslenskra hagsmuna.“¹⁵⁷

3.5 Ímynd eða ímyndun?

Í apríl 2011 lýsti forsetinn sinni ímyndarstefnu, á listsýningu um birtingarmyndir góðærisins:

Auðvitað hafa Íslendingar lengi dregið upp mynd af landi og þjóð gagnvart öðrum sem er hægt að túlka sem ákveðna glansmynd. Þegar menn eru að túlka sjálfa sig, staði eða samfélög þá sýna menn sitt besta.¹⁵⁸

Eins og kemur fram í umfjöllun um hefðir, þá er þetta vitanlega rétt. Ef gestir koma, er beinagrindunum stungið inn í skáp.¹⁵⁹ Ef glæst fortíð er ekki fyrir hendi, þá er að búa hana til. Spurningin er: Hver verður þá munurinn á ímynd menningararfs og hreinni ímyndun? Ef ímynd byggðri á menningararfi er breytt til að þjóna markaðsöflum, er þá ekki um að ræða tilbúna ímynd eða verið að stuðla að fjarstæðukenndri ímyndun/órum sem eru fráleitir samkvæmt skoðun stórs hluta Íslendinga? Nægir þá, að markmið slíkrar ímyndunar skili sér í aukinni sölu flugferða, gistinátta og minjagripa? Ímyndarsmiðir reyna að skapa ímynd sem falli að væntingum áhorfandans, en hver gæti haft hag af því að viðhalda þeim órum að landsmenn séu Söguþjóð á daginn, en „ofurfyrirsætur“ á kvöldin?

Árið 2010 efndu INOR (Rannsóknamiðstöð um ímyndir Íslands og Norðursins) og ReykjavíkurAkademían til fyrirlestraraðar um opinbera sjálfsmynd þjóðarinnar. Í kynningu sagði: „Athygli hefur vakið hversu yfirlætisleg opinber sjálfsmynd þjóðarinnar var á stundum. Hluti þessarar sjálfsmyndar einkenndist jafnvel af því að litið var niður á nágrennaþjóðir Íslendinga og sú hugsun orðuð að Íslendingar gegndu sérstöku hlutverki í samfélagi þjóðanna, væru útvaldir. Samhliða bar á hugmyndum sem einkenndust af tilætlunarsemi við aðrar þjóðir: Íslendingar væru svo smáir og aðstæður svo sérstakar að

¹⁵⁷ Hannes Hólmsteinn segir forsetann „besta talsmann Íslands“. www.eyjan.is, 14.4. 2011

¹⁵⁸ Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands. Koddur í Nýló. *Ríkisútvarpið*, 16.4.2011

¹⁵⁹ Að minnsta kosti var það alltaf gert heima hjá mér, enda er ég alin upp á menningarheimili.

ekki væri hægt að gera til þeirra sömu kröfur og annarra þjóða.“ Sumarliði Ísleifsson sagði á fyrsta fyrirlestrinum.¹⁶⁰

Viðhorf um eiginleika þjóða voru ráðandi í umræðum hér allan útrásaráratuginn, eins og ræður forseta Íslands eru eitt besta dæmið um. Þær hugmyndir eru nefndar *essentialismi*, sem merkir að tilteknar þjóðir hafi hina eða þessa eðlislægu eiginleika. Aðrir sem vinna við rannsóknir á ímyndum telja þjóðarímyndir ekki birta eðlislæga eiginleika, heldur vera tímabundin og svæðisbundin menningarfyribæri. Ímyndir birti *hugmyndir hópa um sjálfa sig og aðra*, hvort sem um er að ræða einstaklinga eða þjóðir. Út frá því sjónarhorni má segja að rannsóknir á ímyndum feli í sér að rannsakaðar eru *ímyndanir* - ekki veruleiki. Það breytir því þó ekki að ímyndir eru mikilvægur hluti af daglegri reynslu og fléttast inn í daglegar hugsanir fólks. Á sinn hátt eru þær því síst minni þáttur í „veruleika“ fólks en hvers konar önnur reynsla.¹⁶¹

Ímyndir eru semsé ólíkindatöl og einkennast af samblöndu margvíslegra þátta; sögulegra staðreynda, orðræðu, sögusagna, jafnvel misskilningi. Sumarliði bendir á, að „ímyndir séu ekki fyribæri sem auðvelt sé að hafa áhrif, vegna þess að fyribærið er flóknara en svo að nóg sé að ráða góða auglýsingastofu til þess að byggja upp góða ímynd.“¹⁶² Fyrst og fremst litist ímyndir af margvíslegum hagsmunum, valdi og hefðum. Þær búa oft við mikið langlífi, þar eð þær byggja iðulega á aðstæðum sem erfitt er að breyta og má meðal annars lýsa með andstæðupörum smæð-stærð, völd-valdaleysi, eyja-meginland, fámenni-fjölmenni og norður-suður.

Árið 2006 birti rithöfundurinn Hallgrímur Helgason lista yfir þjóðareinkenni landans, en meðal atriða á listanum voru:

Að fara aldrei í lengri mótmælagöngur en inn á klósett.
Að búa í „Íslendinganýlendu“ erlendis en líta „nýbúagettó“ hornauga.
Að eiga alltaf „það nýjasta“.
Að telja vinargreiða ekki til spillingar.
Að svara persónulegum tölvupóstum í vinnutíma.
Að hlýða ekki skiltum sem á stendur „LOKAÐ“.¹⁶³

Nei, þjóðin hvorki hlýðir né mótmælir, heldur tekur þátt í „sýningunni.“ Í raun er það okkar eigin þáttaka sem er mikilvægust við sköpun hennar. Um leið og þjóðin hafnar því að taka þátt í sýningu á forsendum markaðsmanna, fellur sýning sjálfkrafa niður. Ímyndarsköpunin af þjóðinni sýnir Íslendinga sem hugrakka og nýjungagjarna

¹⁶⁰ Sumarliði Ísleifsson: *Fallvaltar ímyndir Íslands*, ávarp á fyrirlestraröð um ímyndir Íslands og Norðursins, INOR og ReykjavíkurAkademían, júní 2010.

¹⁶¹ Sumarliði Ísleifsson: *Fallvaltar ímyndir Íslands*, 2010

¹⁶² Sama heimild.

¹⁶³ www.hallgrimur.is, undir Greinar frá 2006: *Hvað er að vera Íslendingur?*

einstaklinga; framfarasinnaða og með takmarkalaus þörf fyrir frelsi. Stór hluti þjóðarinnar á sem dæmi alltaf nýja og rándýra fylgihluti og trúir því sjálfur að hann sé nýjungagjarn. Þess er sjaldnast gætt, að sú nýjungagirni tengist einungis *hlutum*, almennt aldrei nýhugsun, til dæmis um í hvernig samfélagi fólk vill búa – eða ekki búa. Segjum nú að þjóðin hafnaði þáttöku í neyslukapphlaupi eða spilltu samfélagi, þá þyrfti að aflýsa sýningunni. Þjóðin tekur þó þátt í sjónarspílinu, iðulega sem óvirkur þolandi ímyndar, sem er ekki samkomulag stjórnvalda og þjóðarvilja. Þótt sagan og menningararfurinn hafi í mörgum tilvikum verið „skáldaður“ með blessun þjóðarviljans, til að þjóna sjálfstæðisbaráttu og í seinni tíð ferðamennsku, þá er erfitt að horfa upp á „herferðir“ þar sem lágkúra er notuð sem beita; hvort sem er „einnar nætur gaman“ eða þjóð sem er látin *spamma* netfangalistann sinn með vandræðalegu myndbandi ímyndarherferðarinnar *Inspired by Iceland*, þar sem ríki og aðilum markaðarins tókst að gera hagsmuni sína að hagsmunum almennings.¹⁶⁴ Þessi herferð kostaði um 700 milljónir, skapaði fjórum aðilum vinnu og uppskar í Danmörku fyrirsagnir á við: Berrassaðir Íslendingar.¹⁶⁵ Nokkrir urðu til að mögla, helst á Eyjunni, sem til skamms tíma var með ágætis athugasemdakerfi, en þarna erum við komin að stjórnun orðræðunnar og þriðju aðferð Foucaults: félagsleg staða fólks markar hvort og með hvaða hætti það getur tekið þátt í samningsumleitunum um skilgreiningar á veruleikanum. Og blogggarar hafa lítið sem ekkert handhafavald yfir orðræðu, það er borin álíka virðing fyrir vel flestum bloggurum og fyrir hinni góðkunnu Konu í Vesturbænum í Mogganum forðum. Í orðræðu um vald og veruleika á „venjulegt fólk“ fáa liðsmenn meðal handhafa orðræðunnar, því veruleiki almennings er víðsfjarri veruleika þeirra sem hafa aldrei tekið þátt í kjörum alþýðunnar, en tilkynna: Lífskjarasóknin er hafin!¹⁶⁶

¹⁶⁴ Sjá m.a. Íris Ellenberger: *Markaðsvæðing sjálfsmýndarinnar*, á kistan.is, 15. júní 2010.

¹⁶⁵ Sjá m.a. dagblaðið *Politiken*: Íslendingene lufter numsen, 4. júní 2010.

¹⁶⁶ Sjá Lífskjarasóknin er hafin. *Fréttablaðið*, 7. maí 2011, s. 16.

4 Ísland í dag – efnahagshrun, ímyndarhrun, framtíð

Í nóvember 2007 var Ísland meðal fremstu landa á Vesturlöndum og lífsskilyrði hér þau bestu í heimi samkvæmt tölum Sameinuðu þjóðanna.¹⁶⁷ Nú bendir allt til þess að landið verði enn á ný eitt af fátækari ríkjum Evrópu. Skömmu eftir hrun spurði Gunnar Hersveinn, í viðtali í Viðskiptablaðinu, hvernig fólk það væri, sem endalaust léti slíkar hörmungar yfir sig ganga. „Það er eins og þjóðin byrgi allt inni. Það hafa meira að segja verið haldin námskeið í „borgaralegri óhlýðni“ til að reyna að fá fólk hér til að láta til sín taka í samfélagsmálum. Við erum í raun mjög *hlýðin* þjóð og virðumst stöðugt trúá því að allt reddist á endanum, *af sjálfu sér*. Valdið er orðið vant því að ná sínu fram þrátt fyrir almenna óánægju og skapast hefur fyrir því *hefð* meðal ráðamanna að bíða af sér óánægjuna og halda sínu striki.“¹⁶⁸

Hvað má hér lesa á milli línanna? Er verið að lýsa bælingu, leti, vanmetakennd, eða þöggun? Paul Connerton hefur fjallað um það þegar minningum er stjórnað og fyrirskipað að ákveðin þöggun eigi sér stað. Hann kallar þetta skipulagða gleysku (e. organized forgetting), en þar sem slíkt er iðkað, er tilhneigingin sú að útiloka allt það sem geti sundrað einingu samfélagsins. Minningarnar eru settar fram á þann hátt að þær byggi það upp.¹⁶⁹

Í apríl 2010 kom út Rannsóknarskýrsla Alþingis, rit sem lýsir hnignun þjóðar, glapstigum hennar og falli. Á blaðamannafundi rannsóknarnefndar um bankahrunið kom fram í máli skýrsluhöfunda að *ímyndin* hafi orðið veigameiri í ákvörðunum en eðlilegt gæti talist. Vilhjálmur Árnason prófessor sagði: „Það kom mér óvart hve veruleiki okkar var hannaður af sérhagsmunaöflum og hve lítið viðnám var í íslensku samfélagi gegn þeirri iðju.“¹⁷⁰ Vilhjálmur velti fyrir sér fagmennsku stéttar upplýsingafulltrúa. Þeirra starf hafi verið að hanna umbúðir og ímynd fyrirtækja og sagði Vilhjálmur ljóst, að umræðan um viðskiptalífið hafi verið sett fram á forsendum fjármálafyrirtækjanna fremur en almennings og að vel hafi tekist að sannfæra fólk um hannaðan veruleikann. Vilhjálmur benti einnig á að stjórnvöld hefðu lengi vel lítið svo á að vandi bankanna væri *ímyndarvandi* og því þyrfti bara að koma „réttum“ upplýsingum á framfæri. Úr ímyndarvandanum þyrfti að bæta, með því að *leiðrétta sýn* gagn-

¹⁶⁷ Ísland ásamt Noregi voru í efsta sæti í lífsskjaravísitölu Þróunarstofnunar Sameinuðu þjóðanna árið 2007.

¹⁶⁸ Viðskiptablaðið, 25. 10.08, „*Hin hlýðna og hrokafulla þjóð*.“ (Skáletranir mínar).

¹⁶⁹ Connerton, *How Societies Remember*, s. 38-39

¹⁷⁰ Vilhjálmur Árnason: *Erindið Sýnd og reynd; um mikilvægi málefnaleggrar rökræðu í lýðræðissamfélagi*, 2010.

rýnenda á íslensku bankana í samstilltu átaki stjórnámálanna og fulltrúa viðskiptalífsins.¹⁷¹ Því er lýst hvernig stjórnámálamaður bundust samtökum við fjármálamaður um að vinna að breyttri ímynd Íslands á alþjóðavettvangi án þess að ganga úr skugga um raunverulega stöðu bankanna á þeim tíma. Hlutur ímyndarsmiða og spunameistara fór vaxandi bæði innan stjórnmála og fjármálafyrirtækja. Samvinna stjórnvalda og fjármálafyrirtækja fólst ekki síst í því að styrkja ímynd íslensks fjármáلالífs erlendis. Leiðarstef í þeim viðbrögðum var að bregðast þyrfti við „neikvæðri umfjöllun“ með „jákvæðri ímynd.“ Margir létu glepjust, aðrir vildu glepjust og sumir störfuðu við að glepja. Mikilvægi ímyndarinnar var mjög haldið á lofti af fjármálamönnum og við þeirri áskorun brugðust ráðamenn. „Viðnám gegn slíkri orðræðu ætti helst að vera að finna hjá vönduðum fjölmiðlum og í framlagi fræðimanna til samfélags- umræðu. Hin svonefnda félagslega smíðishyggja í fræðunum telur meginatriði að kryfja orðræðuna og valdið sem mótar hugsun manna og hegðun,“ sagði Vilhjálmur Árnason.¹⁷²

4.1 Orðræða um yfirburði og undirliggjandi orsakir hrunsins

Í rannsóknarskýrslunni er horft til þjóðernishyggju sem einnar af undirliggjandi orsökum hrunsins. Þjóðernishyggjan skapaði aðstæður fyrir hóphugsun, sem hafnaði gagnrýni og hampaði blekkingu. „Þegar horft er til baka yfir þá atburði sem leiddu til hruns í íslensku efnahagslífi vekur þáttur forseta Íslands sérstaka athygli,“ segir í viðauka skýrslunnar.

Forsetinn beitti sér af krafti við að draga upp fegraða, drambsama og þjóðerniskennða mynd af yfirburðum Íslendinga sem byggðust á fornum arfi. Það er athyglisvert að nokkrir þeirra eiginleika sem forsetinn taldi útrásarmönnum til tekna eru einmitt þeir þættir sem urðu þeim og þjóðinni að falli... Hann tók þátt í að gera lítið úr þeim röddum sem vöruðu við hættulega miklum umsvifum íslenskra fyrirtækja.¹⁷³

Ímynd þjóðar byggist síður á því hvernig hún vill vera eða telur sig vera – meira á því hver fer með menningarlegt forræði til þess að miðla því hvernig hún er. Á útrásaráratugnum var fyrst skapað sannleiksveldi (yfirburðaþjóðin), því næst látið líta svo út, að sannleiksveldið væri eðlilegt. Orðræðan gerði skýran greinarmun á *okkur* (yfirburðafólkinu) og *þeim*, til dæmis Dönum, sem fundu til *öfundar* vegna *velmegunar* okkar og *krafts*.¹⁷⁴ Ef fjölmiðlar fluttu fréttir af erlendri gagnrýni á fjármálafyrirtæki, reyndu forsvarsmenn þeirra beinlínis að þagga niður í

¹⁷¹ Rannsóknarskýrsla Alþingis: 8. bindi, Viðauki 1: Siðferði og starfshættir í tengslum við fall íslensku bankanna 2008, Reykjavík 2010

¹⁷² Vilhjálmur Árnason: „Sýnd og reynd; um mikilvægi málefnalegar rökræðu í lýðræðissamfélagi.“

¹⁷³ Rannsóknarskýrsla Alþingis: 8. bindi, s. 178

¹⁷⁴ Sjá viðtal við Valgerði Sverrisdóttur: „Sjálfsímynd Dana gagnvart Íslendingum farin að rispast.“ *Viðskiptablaðið* 24. mars 2006

þeim. Forráðamenn fjármálafyrirtækja héldu því gjarnan fram að Morgunblaðið „kynti undir“ óróa á fjármálamarkaðnum eða „yki á erfiðleika“ á markaðnum, þegar blaðið birti fréttir af erlendri gagnrýni.¹⁷⁵ Það er merkilegt rannsóknarefni, segir í *Reykjavíkurbréfi* frá þessum tíma, „að kynslóðir nútímans skuli halda að í opnu lýðræðislegu samfélagi sé eitthvað athugavert við fréttáflutning af þessu tagi.“¹⁷⁶

Sumir minnst kannski góðærisfrasans „að tala niður“, slagorðs sem notað var til að drepa niður gagnrýna umræðu á Íslandi, þegar fjara fór undan bankabrellunni. Gagnrýnendur voru markvisst sakaðir um að „tala niður“ hlutabréfamarkað, fasteignamarkað, krónuna eða íslenskt atvinnulíf. Hóphugsunin kvað á um, að það væri *rangt* að gagnrýna ríkjandi fyrirkomulag, vegna þess að það væri ekki gott fyrir ímynd þjóðarinnar. Enginn jarðvegur var fyrir því að meðtaka gagnrýni – hvað þá að færa hana fram. Nú eru allir sammála um að þessi hlýðni og fylgispekt, þessi ósjálfstæða hugsun, sé ein af ástæðum hrunsins.

Goðsögnum er ætlað að sameina þjóðina með minningum um sameiginlega fortíð og sameiginleg örlög. Með viðhaldi minninga, ákveður þjóðin í daglegri atkvæðagreiðslu að standa saman og vera þjóð. Okkar ímyndaða samfélagi er þannig viðhaldið með því að minna í sífellu á meginstoðir íslenskrar þjóðerniskenndar. Bókmenntafræðingurinn Roland Barthes heldur því fram að goðsagnir séu notaðar sem réttlætning á menningarástandi og félagsskipan, auk þess sem þær þjóni pólitísku hlutverki með því að breiða yfir hlutverk stjórnámálanna í hverskyns hugmyndafræði. Tilhneigingin sé sú að goðsögn sé tekið gagnrýnislaut innan viðkomandi samfélags.¹⁷⁷ Innan hvernar þjóðar byggist siðferðisleg eining á hugmyndinni um bræðralag. Þessi hugmynd er svo viðtekin, að það er álitin ögrun ef öðru er haldið fram. Mannfræðingarnir Gísli Pálsson og Paul Durrenberger telja, í greiningu sinni á sjálfsmýnd Íslendinga, að allur ágreiningur á Íslandi verði að segjast undir rós, því hér ríki sú goðsögn, að allir landsmenn séu jafningjar. Þeir sem haldi öðru fram þyki ósannfærandi – ef ekki svikarar. Durrenberger telur ennfremur að Íslendingar leggi ríka áherslu á jöfnuð í þeim tilgangi að halda reglu í þjóðfélaginu, þar sem jafnaðarsýnin dragi athyglina frá samfélagsgerðinni og árekstrum innan samfélagsins.¹⁷⁸

¹⁷⁵ Sjá tvær greinar Björns Vignis Sigurpálssonar: „Baksvið: Viðvörunarljósinn leiftruðu í þrjú ár“ og „Baksvið: Að fljóta sofandi að feigðarósi“, *Morgunblaðið*, 25. október 2008.

¹⁷⁶ Reykjavíkurbréf, *Morgunblaðið* 20. janúar 2008

¹⁷⁷ Roland Barthes: *Mythologies*, London, Paladin, 1972.

¹⁷⁸ Ritstj. Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger. *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts*, University of Iowa Press, 1996

Adrienne Heijnen er hollenskur mannfræðingur sem dvaldi oft á landinu síðasta áratug, við nám og rannsóknir. Hún talaði við Hauk Má Helgason heimspeking skömmu eftir hrun og benti meðal annars á fjarlægðina á milli fólksins og elítunnar, sem hún taldi meiri en í Bretlandi og Hollandi. „Fólk hér er ekki vant að mótmæla og mikil hræðsla í samfélaginu. Félagslegur strúktúr Íslendinga kemur í veg fyrir að hægt sé að standa upp og segja nákvæmlega hvað manni finnst. Svo margt [má] ekki tala um upphátt. En ef enginn segir neitt hátt, þá er ekki hægt að þróa hugmyndir, eða breyta neinu.“ Adrienne sagði eitt einkenni samfélags þar sem vald er bundið afmörkuðum hópum, vera að fólk sem búi jafnvel við formlegt lýðfrelsi, finnist samt eins og það þurfi leyfi fyrir öllu. „Maður þurfi leyfi til að framkvæma, leyfi til að tala, leyfi til að vera.“¹⁷⁹

Adrienne er hér að lýsa gjaldinu sem þarf að greiða í nálægðarsamfélagi þar sem engan má styggja og við engu má hreyfa. Hvernig er þó hægt að skilja að vestræn nútímaþjóð láti þjóða sér aðra eins spillingu, óráðsíu og sóun á almannafé og hér hefur viðgengist í áratugi? Er það vegna „lærðrar ragmennsku,“ eins og Íris Erlingsdóttir heldur fram; vegna þessarar undarlegu þræslundar sjálfstæðs fólks?

Þó þjóðin beri nú skrautklæði nútíma lýðræðis, hefur allt raunverulegt vald ávallt verið á hendi fámennrar yfirstéttarklíku. Þetta veit íslenskur almenningur, sem einnig er fullkomlega meðvitaður um leynimakk og ráðabrukk viðskipta- fjármála- og stjórnmalaleiðtoga þjóðarinnar, en *hin lærða ragmennska* rennur enn um æðar þjóðarinnar og hindrar að hún krefjist réttlætis og raunverulegs lýðræðis.¹⁸⁰

Ímyndarsmíðin um eðlislæga yfirburði okkar var blekkingarvefur, rétt eins og hjá vefurunum í sögu H.C. Andersen.¹⁸¹ Hjá okkur var alið á oflæti, því að við stæðum frammar öðrum þjóðum. Nú hefur þó myndast hugmyndafræðilegt tómarúm, vegna þess að ríkjandi hugmyndafræði gekk sér til húðar. Sú hugmyndafræði sem leiddi samfélagið fram af brúninni átti stutt framfaraskeið, sem gagnaðist fleirum en einni ákveðinni þjóðfélagsstétt, en eiginhagsmunaöfl náðu yfirráðum í stéttinni, sem af fádæma sérgæsku tróð hagsmuni alls þorra fólks lóðbeint í svaðið. Þjóðfræðingurinn Terry Gunnell sagði í erindi sem hann flutti sjö vikum eftir hrun:

Segja má að ímynd þjóða inn- og útavið, sjálfsmynd fólks, og myndun þjóðararfs sem söluvöru bæði fyrr og nú, sé sérstakt áhugamál okkar

¹⁷⁹ Haukur Már Helgason: Ættbálkasamfélagið Ísland, *Stúdentablað Háskóla Íslands* 2008.

¹⁸⁰ Íris Erlingsdóttir: Changing Iceland's Culture, *Iceland Review*, haust 2009, s. 66.

¹⁸¹ Hans Christian Andersen: Nýju fötin keisarans, Danmörk 1837. Sjá t.d. *Ævintýri og sögur HCA*, Reykjavík, Barnablaðið Æskan 1979, annað bindi fimmtu útgáfu, s. 13-22.

þjóðfræðinga. Og ljóst er að á þessum krepputímum hefur sjálfsmynd og ímynd Íslendinga breyst á svipstundu. Segja má að hin fræga spurning sem lögð er fyrir útlendinga „How Do You Like Iceland?“ hafi breyst í „How Much Do You Still Like Us?“¹⁸²

Terry lýkur erindi sínu á þessum orðum: „Ísland verður varla lengur „best í heimi,“ en það mun læra að byggja framtíð á því mikla sem það á inni nú þegar í stað þjóðdrauma fengnum að láni frá útlöndum. Og þar geta þjóðfræðingar orðið að liði.“¹⁸³

Ímynd Íslands er mótuð, sett fram og henni er stýrt af opinberum aðilum. Goðsagnir þjóðernishyggju eru lífsseigar því þær styrkja sjálfsmynd fólks og lítil hættu er á að raunveruleikinn afhjúpi þær, fyrr en loftkastalarnir hrynja. Hvað íslenska þjóð varðar er hún enn föst í gildismati góðærisins: Afneitun á ábyrgð og sannleika. Hún gerði fástískan samning¹⁸⁴ og sætti sig við blekkingarhjúp. Hún sneri baki við góðum gildum í blindri von um skjótfenginn gróða. Eins og er, er landið siðferðislegt þriðjaheimsríki, fast í þjóðernisbríma sem gæti verið birtingarform minnimáttarkenndar. Reyndar þarf ekki djúpsálarfræði til að sjá, að þjóð sem hefur stöðuga þörf fyrir að vera talin sterkust, fegurst, gáfuðust, duglegust og hamingjusöm must „í heimi“ er með minnimáttarkennd. Þótt þjóðin hefði lifað í sulti og seyrum um aldir, varð hún um hríð ofboðslega merkilegir afkomendur víkinga. Í tiltölulega einföldum heimi hafði þjóðin efni á að ala þessa minnimáttarkennd við brjóst, næra hana og klæða í búning þjóðernishyggju, sem á stundum hélt í henni lífsneista. Þörfin fyrir að lyfta undir þjóðaregíð hvarf þó ekki með aukinni velsæld, heldur magnaðist. Enginn ljáði máls á því að það gæti verið verðugt markmið að vera bara góð þjóð, með gott samfélag, vel menntað fólk, lága glæpatíðni, fallett land og hreint loft. Hugsanlega gæti þjóðfræðin komið hér inn og dreift brauðmolum á stíginn, svo þjóðin geti fetað sig út úr myrkviðinu. Þá er ég ekki að leggja til það hlutverk sem þjóðfræðinni var ætlað í Þýskalandi á fjórða áratugi 20. aldar, heldur að geta gegnum orðræðu sem ekki er stjórnað af „hagsmunaaðilum“ fundið sjálfsmynd sem er án minnimáttarkenndar eftirlenduþjóðar og án mikilmennskubrjálæðis andlegra kotunga.

¹⁸² Terry Gunnell: *Sjálfsmynd og þjóðarímynd héraendis og erlendis*. Erindi flutt í HÍ, 1. desember 2008.

¹⁸³ Sama heimild.

¹⁸⁴ Faust er söguhetja frásagnar um menntamann sem býður djöflinum sál sína, ef sá illi vilji þjóna honum um hríð. Upprunalega er þetta sögn úr munnlegri alþýðuhefð og skráð víða í Evrópu, en af skáldverkum má m.a. sjá *Doctor Faustus* eftir Christopher Marlowe, *Faust* og *Faust II* eftir Johann Wolfgang von Goethe, óperuna *Faust* eftir Charles Gounod (1859) og *Doktor Faustus* eftir Thomas Mann (1947).

5 Lokaorð

Ritgerðin nálgast viðfangsefnið út frá ímyndum, sjálfsmyndum, menningararfi, orðræðu, hefðum og hugmyndum um tengsl þekkingar og valds. Í fyrstu tveimur köflunum er farið yfir upphaf ímyndarsmíðar á Íslandi, goðsagnir og oflof, þjóðernishyggju, þjóðarsál og minnimáttarkennd. Litið er á hefðir og tákn, ímynduð samfélög og söluvarning, en undirliggjandi spurning snýst um notkun menningararfs í ímyndar- og sjálfsmyndar-sköpun þjóðar. Niðurstaðan er, að orðræðan upp úr aldamótunum 1900, um að íslenski kynstofninn sameinaði bestu eiginleika Kelta og Germana, var vísitandi viðhöfð til að blása Íslendingum þjóðernisvitund í brjóst og hvetja þá til dáða. Þeir fræðimenn sem stóðu að mótun ímyndar fyrir þjóðina voru „höfundar pólitískra goðsagna“ og handhafar þess valds sem felst í því að móta þjóðernisorðræðu sem aðrir taka síðan upp og líta á sem sannleika. Meginstef þjóðlegrar vakningar var þrískipting þjóðarsögunnar í gullöld, sex alda niðurlægingartímabil, og loks endurreisnartímabil, þegar áherzlan var á að endurvekja fyrri dýrð þjóðarinnar. Sjálfsmyndin var stöðugt í smíðum og mjög djúpt tekið í árinna til að stappa stálinu í þjóðina eftir sex alda menningarlegt forræði Dana, sem gerði að verkum að þjóðin þjáðist af menningarlegri minnimáttarkennd. Sambland af innlendu oflofi og fyrirlitningu að utan ýtti bæði undir vanmetakennd Íslendinga og oflátungshátt þeirra.

Varpað er ljósi á um hvað landkynning Íslands snúist; semsé að selja ímynd eða vöru, jafnframt því að fá ferðamenn til að sjá landið sem ákjósanlegan áfangastað. Einnig er því lýst, hvernig sú sýn á land og þjóð sem matreidd er fyrir erlenda ferðamenn, verður sú sýn sem þjóðin fær á sjálfa sig. Rannsóknin sýnir að orðræðan um Reykjavík sem lastabæli öðlaðist sjálfstætt líf þegar innlendir aðilar fóru að gera út á hana, svo smátt og smátt varð til „staðreynd.“ Rannsóknin sýnir einnig að þjóðarímynd Íslendinga er að hluta framsetning þeirra sem skapa og setja fram sameiginleg einkenni þjóðarinnar og að hluta aðlögun að þeim væntingum sem skapaðar voru hjá tilvonandi viðskiptavinum. Þess er getið, að ímyndir litist fyrst og fremst af hagsmunum, valdi og hefðum, en séu enn fremur samblanda sögulegra staðreynda, orðræðu og flökkusagna. Ímyndir byggja oft á föstum, á við smæð-stærð, eða eyja-meginland og búa því við mikið langlífi.

Í þriðja kafla er velt upp tilgangi Ímyndarskýrslunnar; var hann sá að setja fram staðreyndir eða að *skapa* ímynd þjóðarinnar? Í kaflanum er tíundað, að ímyndarsköpun ræðst af þeim sem fara með menningarlegt forræði eða eiga „hagsmuna“ að gæta, og að íslenska þjóðin er ekki spurð hvernig hún myndi vilja láta túlka sig út á við. Rannsóknin sýnir fram á að staðalmyndir eru skapaðar og þeim er viðhaldið, en einnig að hegðun einstaklinga er stýrt með ímyndarsköpun. Sýn á land og þjóð, matreidd fyrir erlenda ferðamenn, verður sú sýn sem þjóðin hefur á sjálfa sig, vegna þess að sá viðfangið fer að sviðsetja vissa hegðun. Sem dæmi um þetta er tekin sú orðræða sem hér ríkti útrásaráratuginn og snerist um yfirburði þjóðarinnar, fegursta landið, hreinasta og bezta. Upp úr aldamótunum 2000, var mikilli þjóðernishyggju haldið á lofti: Ýmis gæði væru mest á Íslandi, aðstæður hér betri en í öðrum ríkjum, menntun betri en meðal annarra vestrænna þjóða og Íslendingar hamingjusamari og merkilegri en aðrar þjóðir.

Rýnt er í orðræðuhugtak Foucault. Samfélagsstofnanir hafa vald til að skapa ákveðin form hugsunar og leyfð umfjöllunarefni. Slíkt vald hefur áhrif á hvernig fólk upplifir og ræðir umhverfi sitt, auk þess að móta skoðanir á „eðlilegum“ samfélagsmálum. Lykilsetning Foucault er að sá sem hefur völdin ráði orðræðunni og þar með viðteknum gildum um hvað er talið rétt og rangt. Einnig er komið inn á sannleiksveldi, sem ákvarða hvað sé „eðlilegt“ að taka til umfjöllunar og hvernig sé „eðlilegt“ að fjalla um samfélagsmál. Rannsóknin sýnir að *ímyndin* var allsráðandi sannleiksveldi útrásaráratuginn og að viðnámið gegn þeirri orðræðu var í lágmarki. Öflug hóphugsun kvað á um að rangt væri að gagnrýna ríkjandi fyrirkomulag. Útrásin skapaði einnig viðmið; hafði hugmyndafræðilegt forræði og átti að verða hin „eðlilega“ leið yfirburðafólksins.

Í fjórða kafla er fjallað um niðurstöður Rannsóknarskýrslu Alþingis, sem sá þjóðernishyggju sem eina af undirliggjandi orsökum hrunsins. Gullöldin lagði til efnivið í þá sjálfsmynd sem smíðuð var fyrir rúmri öld síðan. Í ímyndarsköpun undanfarins áratugs var stuðst við sömu gullöld, en gjörólíka ímynd. Sú sýndi fegraða, drambláta og þjóðerniskennda mynd af yfirburðum Íslendinga, sem talið er hafa verið meðal þeirra þátta sem urðu landinu að falli. Í skýrslunni kemur fram, að gagnrýni erlendra sérfræðinga á íslenska efnahagsundrið hafi aðallega verið rakin til „vanþekkingar, óvildar og öfundar.“ Eftir útgáfu skýrslunnar, er ljóst orðið að stefnumótun og ákvarðanir útrásarartugsins voru byggðar á tilbúnum veruleika og að lítið viðnám var gegn því hve

veigamikil *ímyndin* var orðin í öllum ákvörðunum. Hóphugsunin hafnaði gagnrýni og hampaði blekkingu og landsmenn tóku þátt í þessum stærsta raunveruleikabætti veraldar.

Ég spyr að því í upphafi hvernig menningararfurinn var og er notaður í ímyndar- og sjálfsmyndarsköpun þjóðarinnar. Rannsóknin sýnir að menningararf má markaðssetja á ýmsan hátt, meðal annars til þess að breiða yfir valdaójafnvægi og átök. Löngu liðin saga hentar vel til að viðhalda félagslegri lagskiptingu og menningarlegu forræði. Menningarlegt forræði ætti reyndar ekki að vera gefið í eitt skipti fyrir öll – en eins og með annað forræði virðast landar mínir ekki stunda öflugt andóf gegn því – á persónulegu nótunum myndi ég segja að þeir virðast á stundum beinlínis fagna því að einhver vilji taka af skarið og vera *aðal*.

Margar spurningar vöknudu við þessa ritgerðarsmíð, fleiri en fært var að svara hér. Meðal stórra spurninga er sú hvernig ein þjóð vill láta kynna sig út á við, því sagan býr í menningunni og skilningi fólks á stöðu sinni og umhverfi. Sagan snýst ekki um dagsetningar og torræð ákvæði; saga snýst um líf fólks og breytingar á kjörum þess. Ungmennafélögin áttu að „endurvekja reisin þjóðveldistímans, verða aflvaki allra dáða og skóli þjóðlegra mennta.”¹⁸⁵ Það gerðu þau svikalaust og stórstígar framfarir urðu flestum til góðs, þar til svo kom að búið var að gera lesti að dyggðum og ofmetnaður leiddi til hruns. Því saga er líka um orsakir og afleiðingar og rétt eins og saga allra annarra landa er sagan okkar um drama og tónlist og boð og bönn – skáldskap og vísindi, lyf, peninga og ást, blóð, svita og tár.

Ímynd Íslands hefur í gegnum söguna mótast af ýmsum þáttum. Goðsagnir hafa nært staðalmyndir og mismunandi hugsanamynstur hafa haft áhrif á skynjun á Ísland og Íslendinga. Nú er svo fyrir ímynd okkar komið, að ef endurheimta á orðstír menningararfsins okkar góða, er nauðsynlegt að hætta að nota lágkúru sem beitu í ferðamálaauglýsingum og smæð sem stikkfrí-spil í alþjóðasamhengi. Loks tel ég rannsóknina (og staðreyndir) sýna að ímyndarsmíðin um ástand mála var blekkingarvefur, en að sama skapi athyglisvert að hjá okkur var ekkert barn í skrúðgöngunni, sem í einlægni sinni afhjúpar það sem allir máttu þó vita. Sú bæling sem fylgt hefur andrúmslofti feðraveldisins virðist hafa heppnast svo „vel“ að hún er orðin okkur samgróin. Í auðmýkt og hlýðni höfum við troðið á eigin dómgreind, sljógvað hana og stýft, þar til svo kom að við hrukku upp í október 2008, við að gjá hafði myndast í jörðina og á barmi hennar stóð alþýðan og starði enn á ný niður í hyldýpið. Svo

¹⁸⁵ Jóhannes Jósefsson: *Jóhannes á Borg. Minningar glímukappans*. Stefán Jónsson skráði, Reykjavík 1964, s. 92

miklu meiru en peningum var stolið úr sameiginlegum sjóðum okkar; við misstum líka sæmd okkar í augum annarra þjóða og eðlislægt traust hvert til annars heima fyrir. Fjarvera „barnsins“ gæti einnig komið til af uppeldi í samfélagi þar sem gagnrýni er löstur og meðvirkni er dyggð, frelsi tengist áþján Símans og fjallkonan er sögð falbjóða sig á torgum.

Þakkir

Ljúft er og skylt að þakka þeim sem hjálpuðu mér að gera þessa ritgerð að veruleika.

Fyrst vil ég nefna þá sem sendu óbirt efni og leyfðu notkun á því; þá Bjarka Valtýsson lektor við DTU; Högn Óskarsson geðlækni; Sumarliða Ísleifsson sagnfræðing og Terry Gunnell þjóðfræðing.

Bryndísi Schram og Jóni Baldvin Hannibalssyni, sagnafólki og skríbentum, vil ég þakka fyrir lestur á fyrstu próförk og Önnu-Lind Pétursdóttur, dósent við Menntavísindasvið HÍ, fyrir lestur á seinni stigum.

Loks þakka ég Valdimar Tr. Hafstein, dósent í þjóðfræði við HÍ, ábendingar, ráðgjöf og stuðning við skrifin, en ekki síst fyrir að hafa stuðlað að uppbyggingu þessarar frábærlega finu deildar, sem er að mér skilst sjaldgæf í heiminum í dag, vegna áherslunnar á *folklore* fram yfir þá *etnografi*, sem margir háskólar kenna. Seta í deildinni hefur auðgað líf mitt; nú fer ég ekki lengur á hátíð án þess að hugsa um helgisiði; les ekki ævintýri án þess að velta fyrir mér gerð þess; nem texta endurminninga úr efnismenningunni í kringum mig og hugsa um hvaða aðstæður kalla á að hópur þurfi að búa til goðsagnir um sig. Það er til dæmis við aðstæður eins og nú, að dregnar eru upp myndir af „okkur“ (hópnum sem segir söguna) og „hinum“ (hverra sjónarhorn fær ekki að njóta sín). Þá er atburðarás löguð að þekktum sögumnum, á við baráttu góðs og ills, sögur einfaldaðar og lagaðar að goðsögnum, erkitýpum komið fyrir í stað raunverulegs og flókens fólks og skerpt er á öllum andstæðum. Og þá er ég eiginlega komin aftur á minn byrjunarreit – í leikhúsið.

Virðing, þjóðfræðinemar og kennarar,

Takk fyrir mig,

Þórdís B.

Heimildaskrá

- Andersen, Hans Christian: Nýju fötin keisarans, *Ævintýri og sögur*, Reykjavík, Barnablaðið Æskan 1979, annað bindi fimmtu útgáfu.
- Anderson, Benedict: *Imagined Communities: Reflections on the Origin and Spread of Nationalism*. London, Verso, 1991.
- Arngrímur Jónsson: *Crymogæa*, Hamborg, 1609.
- Árni Pálsson: Tíu ára sjálfstæðisafmæli Íslands. *Morgunblaðið* 1. desember 1928
- Barthes, Roland: *Mythologies*, London, Paladin, 1972.
- Bendix, Regina: „Heredity, Hybridity and Heritage from One Fin de Siècle to the Next.“ *Folklore, Heritage Politics and Ethnic Diversity. A Festschrift for Barbro Klein*. The Multicultural Centre, Botkyrka, 2000.
- Bryndís Björgvinsdóttir: Þegar rétt skal vera „rétt“. *Lesbók Morgunblaðsins*. 13. september 2008.
- Bjarki Valtýsson: *Íslensk menningarpólitik*, Reykjavík, Nýhil, 2011.
- Bullið í henni Björk. *Eintak*, 17. feb. 1994, 2. árg, 5. tbl.
- Björn Vignir Sigurpálsson: Viðvörunarljósinn leiftruðu í þrjú ár og Að fljóta sofandi að feigðarósi. *Morgunblaðið*, 25. október 2008.
- Bæjarlífið Höfnin. *Morgunblaðið* 30. sept. 1921, forsíða.
- Böðvar frá Hnífsdal: Uppeldi vandræðabarna, *Morgunblaðið* 29. okt. og 1. nóv. 1938.
- Connerton, Paul: *How Societies Remember*, Cambridge University Press, 1989.
- Dómur í engu samræmi við ákærur. *Morgunblaðið*, 16.2. 2011.
- Dundes, Alan: *Holy Writ as Oral Lit*, Rowman & Littlefield, 1999.

- Dundes, Alan: The Fabrication of Fakelore. *Journal of Folklore Research*, 1986.
- Eggert Þór Bernharðsson: „Ástandskonur“ og aðrar konur í Reykjavík. *Sagnir* 17, 1996.
- Erikson, E.H.: *Identity: Youth and Crisis*. New York, W. W. Norton 1968.
- Eriksen, Thomas H.: *Ethnicity and Nationalism: Anthropological Perspectives* (2. útgáfa). London, Pluto Press, 2002.
- Eriksen, Thomas H, ritstj. *Flerkulturell forståelse*, Oslo, TANO Aschehoug 1997.
- Eriksen, Thomas H: Identitet, í *Flerkulturell forståelse*, Oslo, TANO Aschehoug 1997.
- Fátækraflutningur. *Verkamaðurinn* (18. sept. 1928). Sótt 15.mái 2011 á http://timarit.is/view_page_init.jsp?pageId=2301829
- Finnur Jónsson: *Ágrip af bókmenntasögu Íslands*, Reykjavík 1891.
- Fjallkonan íðilfríð og fól, viðtal við Þorgerði Þorvaldsdóttur. *Morgunblaðið Daglegt líf* (blaðauki), 12. júní 1998.
- Forsetaembættið (2005). Ræða í Walbrook klúbbnum í Lundúnum: *How to succeed in modern business: Lessons from the Icelandic voyage*. Sótt 15. apríl 2011 á <http://www.forseti.is/media/files/05.05.03.Walbrook.Club.pdf>.
- Forsetaembættið (2006). Fyrirlestur forseta Íslands Ólafs Ragnars Grímssonar í fyrirlestraröð Sagnfræðingafélagsins 10. janúar 2006. Sótt 15. apríl 2011 á <http://forseti.is/media/files/06.01.10.Sagnfrfel.pdf>.
- Forsætisráðuneytið (2008). *Ímynd Íslands - Styrkur, staða og stefna*. Reykjavík.
- Foucault, Michel: *Power/Knowledge*. New York, Pantheon Books, 1980.
- Foucault, Michel: Two Lectures. *Power/Knowledge: Selected Interviews and Other Writings 1972-1977*. Colin Gordon (ritstj.) New York, Pantheon Books, 1980.
- Foucault, Michel: Skipan orðræðunnar. Þýð. Gunnar Harðarson, í *Spor í bókmenntafræði 20. aldar*. Ritstj. Garðar Baldvinsson, Kristín Birgisdóttir og Kristín Viðarsdóttir. Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands 1991.

- Foucault, Michel: Truth and Power. *Power: Essential Works of Foucault 1954-1984*, New York, The New Press 2001.
- Geir: Óveiðgandi að persónugera vandann (29. okt. 2008). Sótt 14. maí 2011 á www.visir.is.
- Gísli Gunnarsson: *Upp er boðið Ísaland. Einokunarverslun og íslenskt samfélag 1602-1787*. Reykjavík, Örn og Örlygur, 1987.
- Gísli Pálsson og E. Paul Durrenberger (ritstj.) *Images of Contemporary Iceland: Everyday Lives and Global Contexts*, University of Iowa Press, 1996
- Gísli Sigurðsson og Vésteinn Ólason (ritstj.) „Handritin heim!“ *Handritin. Ritgerðir um íslensk miðaldahandrit, sögu þeirra og áhrif*. Reykjavík 2002.
- Gramsci, Antonio: „Menntamenn“ í *Ritið* 2-3/2009. Reykjavík, Hugvísindastofnun HÍ.
- Guðmundur Finnbogason: *Íslendingar*, Reykjavík, 1933.
- Guðmundur Finnbogason. Ræða. *Morgunblaðið* 2. desember 1923.
- Guðmundur Hálfðanarson: *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*. Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían, Reykjavík 2001, 2. prentun 2007.
- Halldór Laxness: *Heiman eg fór*, Reykjavík, Heimskringla, 1924
- Halldór Laxness: *Sjö töframenn*. Ósigur ítalska loftflotans í Reykjavík 1933. Reykjavík, Heimskringla, 1942.
- Hallgrímur Helgason (2006). *Hvað er að vera Íslendingur?* Sótt 14. mars 2011 á www.hallgrimur.is.
- Handler og Linnekin: „Tradition, Genuine or Spurious.“ *Journal of American Folklore*, 1984.
- Hannes Hólmsteinn segir forsetann „besta talsmann Íslands“, 14. apríl. 2011. Sótt 14. apríl. 2011 á www.eyjan.is.
- Hann Guðm. Friðjónsson í dómarasætinu. *Kvennablaðið*, 28. feb. 1907, 2. tbl. 13. árg.

- Haukur Már Helgason: Ættbálkasamfélagið Ísland, *Stúdentablað Háskóla Íslands* 2008.
- Helgi Pjeturs: Saxar og Íslendingar. *Morgunblaðið* 24. október 1915.
- Hin hlýðna og hrokafulla þjóð. Viðtal við Gunnar Hersvein. *Viðskiptablaðið*, 25. okt. 2008.
- Hobsbawm, E. og Ranger, T. (ritstj.) *The Invention of Tradition*, Cambridge University Press, 1999.
- Hovederne ruller i Visitdenmark (25. sept. 2009). Sótt 15. apríl 2011 á http://www.bureaubiz.dk/content/dk/nyheder/artikler/2009/uge_39/hovederne_ruller_i_visitdenmark
- Högni Óskarsson: *Freud í hvunndeginum; bæling, maður og samfélag*. Ritið 2/2003. Reykjavík, Hugvísindastofnun HÍ.
- Inga Huld Hákonardóttir: *Fjarri hlýju hjónasængur*, Reykjavík, Mál og Menning 1992.
- Illugi Jökulsson: *Ísland í aldanna rás 1900-2000*. Reykjavík, JPV útgáfa 2003.
- Íslendingene lufter numsen. *Politiken*, 4. júní 2010.
- Íris Ellenberger: Markaðsvæðing sjálfsmyndarinnar (15. júní 2010). Sótt 15. apríl 2011 á www.kistan.is.
- Íris Erlingsdóttir: Changing Iceland, *Iceland Review*, 2009.
- Ísland vagga germanskra menningar. *Morgunblaðið* 28. júlí 1936.
- Jón J. Aðils: *Íslenzkt þjóðerni*. Reykjavík, Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar, 1922.
- Jón Yngvi Jóhannsson: „Af reiðum Íslendingum“, *Þjóðerni í þúsund ár*. Ritstj. Jón Y. Jóhannsson, K. Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2003.
- Jón Krabbe: *Frá Hafnarstjórn til lýðveldis*. Reykjavík, Almenna bókafélagið 1959.
- Jón Sigtryggsson: Slæm kynblöndun, *Tíminn*, 2. september 1941
- Jón Sigurðsson: Hugvekja til Íslendinga, *Ný félagsrit*, 8 árg. 1848.
- Jónas Jónsson: *Íslandssaga handa börnum*, Reykjavík, Félagsprentsmiðjan, 1915 og 1916.

- Jóhannes Jósefsson: *Jóhannes á Borg. Minningar glímukappans*. Stefán Jónsson skráði, Reykjavík 1964.
- Kamenetsky, Christa: Folklore as a Political Tool in Nazi Germany. *Journal of American Folklore*, 85. árg, hefti 337, 1972.
- Keesing, Roger: *Cultural Anthropology: A Contemporary Perspective*. Holt, Rinehart and Winston, 1976.
- Klein, Barbro: *Cultural Heritage, the Swedish Folklife Sphere, and the Others*; fyrirlestur, ReykjavíkurAkademían í janúar 2004.
- Kristinn R. Ólafsson: Ísland fyrirmynd. *Ríkisútvarpið*, 17. maí 2011. Kristín Loftsdóttir: Líkamar Framandi Kvenna. Í Irma Erlingsdóttir (ritstj.) *Fléttur II: Kynjafræði - Kortlagningar*, 2004.
- Kristín Loftsdóttir: Ímynd, ímyndun og útrásin. Vegvísir fyrir rannsóknir á útrás og kreppu. Erindi flutt á ráðstefnu í október 2010. *Þjóðarspejillinn* 2010. Ritstj. Gunnar Þór Jóhannesson og Helga Björnsdóttir, Reykjavík, Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Lífskjarasóknin er hafin! *Fréttablaðið*, 7. maí 2011.
- Mead, Margaret: *Sex and Temperament in Three Primitive Societies*, New York, William Morrow and Company 1935, HarperCollins 2001
- Morgunblaðið* 27. júlí 1914.
- Morgunblaðið* 22. ágúst 1922.
- Morgunblaðið* 22. febrúar 1934.
- Morgunblaðið* 23. maí 1935.
- Númenningarnir sýknaðir af árás á Alþingi, 16.2. 2011. Sótt 15. maí 2011 á www.svipan.is.
- Pfeiffer, Ida: *A journey to Iceland and travels in Sweden and Norway*. New York, G. P. Putnam 1852.

- President of Iceland speaks about Icelandic missionary in America 1000 years ago (4. mars 2011). Sótt 7. mars 2011 á <http://www.romereports.com/palio/President-of-Iceland-speaks-about-Icelandic-missionary-in-America-1000-years-ago-english-3651.html>
- Quentin Tarantino, You Should Work for the Icelandic Tourist Board! (13. jan. 2006). Sótt 15. mars 2011 á <http://www.grapevine.is/Home/ReadArticle/Quentin-Tarantino-You-Should-Work-for-the-Icelandic-Tourist-Board>.
- Rannsóknarskýrsla Alþingis: 8. bindi, Viðauki 1, Reykjavík 2010
- Renan, Ernest: What is a Nation? *Nation and Narration*, London og New York, Routledge, 1990.
- Reykjavíkurbref. *Morgunblaðið* 20. janúar 2008.
- Ríkisútvarpið* (6. febrúar 2007). Kastljós. Flestallir Breiðavíkurdrengirnir urðu lögbrijótar.
- Ríkisútvarpið* (16. apríl 2011). Koddu í Nýló. Sótt 17. apríl 2011 á www.ruv.is.
- Sagnfræðingafélag Íslands (12. júní 2008). Ímynd Íslands - bréf til forsætisráðherra. Sótt 21. mars 2011 á www.sagnfraedifelag.net.
- Schechner, Richard: *Performance Studies: An Introduction*. Routledge, 2006.
- Sigríður Matthíasdóttir: „Þjóðerni og karlmennska á Íslandi við upphaf 20. aldar.“ Í *Þjóðerni í þúsund ár*. Ritstj. Jón Yngvi Jóhannsson, Kolbeinn Óttarsson Proppé og Sverrir Jakobsson. Reykjavík, Háskólaútgáfan. 2003.
- Sigríður Matthíasdóttir: *Hinn sanni Íslendingur. Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*, Háskólaútgáfan, 2004.
- Sjálfsímynd Dana gagnvart Íslendingum farin að rispast. *Viðskiptablaðið* 24. mars 2006.
- Skilar miklu þegar fram í sækir. *Morgunblaðið*, 18. apríl 2001.
- Smith, Anthony: *Myths and Memories of the Nation*, Oxford University Press, 1999.
- Smith, Laurajane: *Uses of Heritage*, Routledge, 2006.

- Stadius, Peter: Southern Perspectives on the North: Legends, Stereotypes, Images and Models; BaltSeaNet Working Paper 3, Gdansk/Berlin, 2001.
- Stefán Unnsteinsson: *Stattu þig drengur*. Þættir af Sævari Ciesielski. Reykjavík, Iðunn, 1980.
- Sumarliði Ísleifsson: *Ísland – framandi land*, Reykjavík, Mál og menning, 1996.
- Torg á Mallorca kallast nú Íslandstorg. *Morgunblaðið* 21. maí 2011.
- Tvö ár samfelldra skattahækkana og þjóðarskútan enn á strandstað (29. jan. 2011). Sótt 14. maí 2011 á <http://gmaria.blog.is/blog/gmaria/entry/1137703/>
- Unnur Birna Karlsdóttir: Maður íslenskur. Hugmyndir á fyrri hluta 20. aldar um samband íslensks þjóðernis og kynþáttar. *Þjóðerni í þúsund ár*. Ritstj. Jón Y. Jóhannsson, Kolbeinn Óttarson Proppé og Sverrir Jakobsson. Reykjavík, Háskólaútgáfan, 2003.
- Valdimar Tr. Hafstein: Endurvakning hefðarinnar, *Tímarit Máls og Menningar*, 3-4 tbl., 64. árg., 2003.
- Valdimar Tr. Hafstein: Heimurinn er að sökkva. Viðtal við Barbro Klein. *Lesbók Morgunblaðsins*, 29. 11. 2003.
- Valdimar Tr. Hafstein: Menningararfur : Sagan í neytendaumbúðum. Í *Frá endurskoðun til upplausnar*. Reykjavík: Miðstöð einsögurannsókna og ReykjavíkurAkademían, 2006.
- Valgerður P. Hafstað: Íslandskynning hjá Opruh: Ljósukur og lauslæti. *Morgunblaðið*, 3. maí 2005.
- Velferðarráðuneyti (21. nóv 2003). Sótt 4. mars 2011 á <http://www.rettarheimild.is/Felagsmala/KaerunefndJafnrettismala/nr/1529>
- VisitDenmark: 'Karen' er sœd og værdig (13. 9. 2009). Sótt 15. apríl 2011 á <http://politiken.dk/indland/ECE787965/visitdenmark-karen-er-soed-og-vaerdig/>,
- Wikileaks: Geir átti að losa sig við Davíð Oddsson (4. des. 2010) Sótt 27.5. 2011 frá <http://www.svipan.is/?p=19882>
- Það er eins og íslenskar stúlkur missi sig (*blackbird* 7. jan. 2006). Sótt 15. mars 2011 á www.malefnin.com.

Þórdís Bachmann: Kynlíf 20.aldarinnar 1900-1930, *Bleikt og blátt*, desember 2001.

Þórdís Bachmann: Klappstýra útrásarinnar, *Þjóðmál*, vetur 2008.

Þorgerður Þorvaldsdóttir: *The Amazing Beauty of Icelandic Women, nationalism, purity and the American gaze*, MA-ritgerð The New School for Social Research 1998.

Þorgerður Þorvaldsdóttir: „Af fegurðardísunum, ástandskonum og fjallkonum. Lesið í tákmyndir hins kvenlega í íslensku menningarumhverfi“. *Kvennaslóðir. Rit til heiðurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, Reykjavík, Kvennasögusafn Íslands, 2001.

Óbirt efni

Guðmundur Oddur Magnússon, *Tákmyndir þjóðarinnar - þá og nú*. Fyrirlestur, ReykjavíkurAkademían, 29.1. 2010.

Sumarliði Ísleifsson: Fallvaltar ímyndir Íslands, ávarp á fyrirlestraröð um ímyndir Íslands og Norðursins, INOR og ReykjavíkurAkademían, 2010.

Sumarliði Ísleifsson: Af samspili innri og ytri ímynda, drambi, hæðni og vanmetakennd. Málþing á vegum ReykjavíkurAkademíunnar og ÍNOR, júní 2010.

Terry Gunnell: *Sjálfsmynd og þjóðarímynd hérlendis og erlendis*. Erindi flutt í HÍ, 1. desember 2008.

Vilhjálmur Árnason: Erindið *Sýnd og reynd; um mikilvægi málefnalegrar rökræðu í lýðræðissamfélagi*, 2010.

Þórdís Bachmann: Svona gera menn ekki, netávarp í tilefni baráttudags kvenna 2003.